ÓLÖF VIGNISDÓTTIR
*Heldur upp á litríkar lopapeysur og leggings*
• tíska • jólin koma • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS






VELJUM ÍSLENSKT
*Nytjahlutir, skraut og leikföng úr náttúrunni*
Sérblaðið Veljum íslenskt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






MAX AUKABLAÐ
aukablað í dag
Opið kl. 11-22 alla daga til jóla



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. desember 2008 — 339. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

### Allir jafnir alls staðar



Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna er 60 ára um þessar mundir.

TÍMAMÓT 54

### Stelpurnar eftirsóttar



Edda Garðarsdóttir og Ólína G. Viðarsdóttir munu leika í Svíþjóð á næstu leiktíð.

ÍÞRÓTTIR 50

### Kreppur fyrr og nú

„Nú er rétti tíminn til að ráðast í slíkar endurbætur til að sporna gegn samdrætti og atvinnuleysi“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24

### Ólýsanleg gleði

Árni Beinteinn Árnason fagnar 14 ára afmæli sínu með því að gefa út sinn fyrsta DVD-disk.



FÓLK 54

### VEÐRIÐ Í DAG




**STORMUR** Í fyrstu verða suðvestan áttir 5-15 m/s, hvassast vestan til en suðaustan stormur sunnan- og vestanlands síðdegis og í kvöld. Skúrir eða él en úrkomulítið austan til. Mikil rigning S- og V- til í kvöld.

VEÐUR 4

# Rannsókn á Glitni gæti seinkað um tvo mánuði

**Von var á skýrslu KPMG um Glitni eftir viku. KPMG sagði sig frá verkinu í gær og fær ekki borgað, segir formaður skilanefndar. Ekki von á niðurstöðum fyrr en í febrúar því nýir rannsakendur þekkja minna til.**

**BANKAR** „Þetta kostar meira og tekur lengri tíma. En á móti kemur að ef menn eru tortryggnir á að verið sé að hylma yfir eitthvað viljum við ekki koma í veg fyrir að aðrir komi að verkinu,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar gamla Glitnis.

Eftir athugasemdir um hugsanlega hagsmunaárekstra vegna starfa fyrir stærstu hluthafa Glitnis sagði endurskoðunarfyrirtækið KPMG sig í gær frá rannsókninni á viðskiptum í bankanum í aðdraganda þess að hann komst í þrot.

Skilanefnd Glitnis á nú í viðræðum við endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young um að taka við athuguninni. Að sögn Árna Tómassonar er nú verið að fara ítarlega yfir öll hugsanleg tengsl starfsmanna hjá Ernst & Young við Glitni. KPMG hafði unnið að rannsókninni frá því í október og Árni segir að búast hefði mátt við niðurstöðu eftir um viku. Nú tefst niðurstaða málsins verulega.

„Nú erum við sennilega að tala um febrúar. Að auki þekkja þessir aðilar miklu minna til og má gera ráð fyrir að þeir verði alla jafna eitthvað lengur,“ segir Árni.

Óljóst er hvort eitthvað af starfi KPMG nýtist í nýju rannsókninni. „Ef þeir kjósa að fara frá verkinu þá eiga þeir gögnin og fá ekki borgað. Ég veit ekki hvort það verður hægt að semja við þá um hlutagreiðslu um afhendingu á einhverjum hluta af gögnunum,“ segir Árni sem kveður skilanefndina mjög stífa á greiðslur enda fylgist lánardrottnar Glitnis náið með hverju einasta skrefi skilanefndarinnar.

Árni segir að umsýsla eigna Glitnis erlendis gangi þokkalega. „Við erum að vonast til að geta gefið einhverjar jákvæðar upplýsingar öðru hvoru megin við helgi.“

- gar / sjá síðu 8



**AUSTURLANDAHRAÐLESTIN?** Þeir litu frekar út fyrir að vera í Austurlandahraðlestinni en í Reykjavík, farþegarnir í strætisvagninum sem urðu á vegi ljósmyndara í gær. Auglýsing þakti alla hlið vagnsins og gaf honum þetta framandlega útlit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Olli Rehn og Göran Persson:

# Ísland gæti fengið hraðmeðferð í ESB

**EVRÓPUMÁL** Sæki Ísland um aðild að Evrópusambandinu mun það geta veitt Króatíu harða samkeppni um að verða 28. aðildarríkið. Þetta sagði Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórn þess, á opnum fundi í Ósló í gær sem varpað var til Íslands í gegnum fjarfundabúnað í Háskólanum í Reykjavík.

Þá sagði Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, að Ísland gæti reitt sig á stuðning norrænu ríkjanna í ESB ef og þegar til aðildarviðræðna kæmi, þar með talið við sérlausn í sjávarútvegsmálum.

Með orðum sínum um að Ísland ætti raunhæfa möguleika á að verða næsta aðildarríki staðfesti Rehn, að hann gerði ráð fyrir að Ísland gæti fengið „hraðmeðferð“ í aðildarviðræðum, þar sem framkvæmdastjórnin hefur þegar sagt að Króatía verði væntanlega komin á lokastig sinna viðræðna undir lok næsta árs.

- aa / sjá síðu 6

Skilanefnd Landsbankans kærir háttsettan bankamann til lögreglu:

# Grunur um 100 milljóna fjárdrátt

**EFNAHAGSBROT** „Það hefur komið hingað eitt mál frá skilanefnd, sem varðar fjárdrátt, ég get staðfest það. Málið er í rannsókn,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, varðar málið staka færslu upp á um 100 milljónir króna. Færslan fór milli reikninga, þar sem annar reikningurinn var í eigu erlends félags.

Skilanefnd Landsbankans komst að þessu og kærði til efnahagsbrotadeildarinnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þá var hinn grunaði hátt settur starfsmaður bankans, þó ekki bankastjóri.

Millifærslan mun hafa verið gerð skömmu eftir að bankinn féll, fyrir miðjan október. Skilanefnd var sett yfir bankann 7. október.

Málið var svo sent frá skilanefndinni til efnahagsbrotadeildarinnar fyrir rúmum hálfum mánuði.

Fréttablaðið náði ekki tali af Lárusi Finnbogasyni, formanni skilanefndar Landsbankans, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- ikh


Snemma á föstudagsmorgni
Á morgun er síðasti öruggi skiladagur fyrir jólapakka til Evrópu




www.postur.is
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 08-2218

24 Skeifan
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
ALLTAF í Skeifunni
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Opið til 22 Kringlan



## SPURNING DAGSINS



*Gylfi, er verið að endurvekja Rokklingana?*

„Nei, Rokklingarnir eru orðnir stórir og sterkir og vilja fá að spila með fullorðna fólkinu.“

Gylfi Gröndal er í forsvari hóps ungra tónlistarmanna sem íhuga stofnun samtaka um hagsmuni ungra tónlistarmanna sem yrðu óháð öðrum samtökum þeirrar stéttar. Rokklingarnir voru hópur krakka sem söng inn á hljómplötur, ógleymanlegur öllum sem heyrðu.

Halli á ríkissjóði stefnir í 150 til 160 milljarða og tekjur ekki minni frá 2001:

# Tekjusamdráttur allt að 80 milljarðar

**EFNAHAGSMÁL** Tillögur ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum verða kynntar fjárlaganefnd Alþingis í dag. Formaður nefndarinnar segir að búist sé við því að tekjusamdráttur ríkisins á næsta ári verði á bilinu 50 til 80 milljarðar króna.

Þegar fjárlagafrumvarpið var kynnt í byrjun október voru tekjur áætlaðar um 450 milljarðar króna. Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, segir líklegt að tekjurnar verði á bilinu 370 til 400 milljarðar, og hafi því ekki verið lægri að raunvirði frá árinu 2001.

Gunnar segir að halli á ríkissjóði stefni líklega í 150 til 160 milljarða króna á næsta ári.



**FJÁRLAGANEFND** Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar munu kynna fjárlaganefnd tillögur að breytingum á fjárlögum á fundi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Spurður um mögulegan niðurskurð sagði hann nákvæma útlistun bíða forystu stjórnarflokkanna. Þó sé rætt um að standa verði vörð um félagslega kerfið, heilbrigðismál, menntamál og löggæslu.

Gunnar segir stjórnvöld ekki stefna að uppsögnum, frekar verði dregin saman seglin, yfirvinna skorin niður og hægt á nýjum verkefnum.

Ráðgert er að önnur umræða um fjárlögin fari fram á Alþingi á mánudag. Í dag var samþykkt að leyfa þriðju umræðu eftir 15. desember, sem venjulega er óheimilt, segir Gunnar. - bj

Árlegt val hjá Nýju lífi:

# Jóhanna valin kona ársins

**FÓLK Jóhanna Kristjónsdóttir var í gær valin kona ársins af forsvarskonum tímaritsins Nýju lífi.**

**Jóhanna stóð meðal annars fyrir góðgerðauppboði þar sem safnað var fyrir nýju skólahúsi í Sanaa í Jemen fyrr á árinu. Þar söfnuðust átján milljónir króna. Fyrir hennar tilverknað hafa 132 börn í Jemen verið styrkt til náms.**

**Jóhanna er átjánda konan sem hefur hlotið þennan heiður frá árinu 1991.**

**Meðal þeirra sem hafa hlotið þessa útnefningu eru Vigdís Finnbogadóttir, Thelma Ásdísardóttir og Dorrit Moussaieff.** - kh

Hættur í stjórnum N1 og BNT:

# Einbeitir sér að stjórnmálunum

**VIÐSKIPTI** Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur látið af stjórnarformennsku í fyrirtækjunum N1 og BNT. Hann segist ætla að nýta alla sína krafta í stjórnmálunum, en segist ekki hafa hugleitt að bjóða sig fram til varaformennsku eða formennsku í Sjálfstæðisflokknum.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Bjarni segir tvær ástæður fyrir því að hann ákvað að hætta í stjórnunum. Hann hafi fundið fyrir því undanfarið að hann hafi takmarkaðri tíma til að sinna þeim störfum. Þá geti verið óheppilegt að sitja í stjórnunum eftir að viðskiptabanki fyrirtækjanna komst í eigu ríkisins. - bj

Erlendir kröfuhafar bankanna:

# Góður gangur hjá Kaupþingi

**VIÐSKIPTI Góður gangur var í viðræðum skilanefndar Kaupþings með fulltrúm erlendra lánadrottna í gær, að sögn Steinars Þórs Guðgeirssonar lögmanns og formanns skilanefndar.**

**Fulltrúar nokkurra kröfuhafa eru nú staddir hér á landi til viðræðna við skilanefndir og stjórnvöld, eftir að ríkisstjórnin kynnti hugmyndir sínar um að greiða fyrir uppgjöri við þá og breyta kröfum í hlutafé í nýju bönkunum. Kemur til álita að útlendingar eignist nýja Kaupþing að fullu og Glitni að hluta, en óvíst er með Landsbankann.**

**Steinar Þór segist bjartsýnn á ásættanlega niðurstöðu, en fundað verður áfram á morgun. Stjórnvöld vonast til að þessi mál skýrist sem fyrst, jafnvel fyrir áramót.** - bih

# Sendir eiginkonunni pening með póstinum

**Íslendingar sem vinna í Noregi kaupa jólagjafirnar og jólamatinn fyrir norskar krónur. Íslenskar verslanir taka við gjaldeyri og spyrja ekki um vegabréf. Framkvæmdastjóri Smáralindar kannast við þetta en segir þróunina ekki áberandi.**

**VINNUMARKAÐUR** Íslendingar sem vinna í Noregi koma með launin sín í norskum krónum til Íslands og greiða með þeim hér í verslunum í stað þess að skipta þeim í íslenskar krónur og senda heim í gegnum banka. Henning Freyr Henningsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, þekkir dæmi um þetta en segir þetta ekki áberandi.

Jón Þórðarson pípulagningamaður tekur að sér verkefni í Noregi og er nýkominn þaðan ásamt öðrum manni en þar unnu þeir í tæpar tvær vikur við að leggja gólfhitalagnir skammt frá Gardemoen-flugvelli. „Það var verið að ganga frá litlu hverfi og við tókum þetta að okkur því að þeir höfðu ekki komist yfir það. Svo förum við heim og bíðum nú eftir fleiri verkefnum,“ segir hann.

Jón segir að mikill fjöldi Íslendinga hafi verið við störf í Noregi og margir komið í gegnum færeysk fyrirtæki. Hann hafi heyrt hjá þeim að best sé að taka norsku krónurnar með sér til Íslands og nota hér. Einn félagi hans, sem verði í Noregi fram yfir áramót, hafi sent norskar krónur í ábyrgðarpósti til eiginkonunnar á Íslandi. Enn sé of áhættusamt og óhagstætt að senda peninga milli landa því að peningasendingar festist í Seðlabankanum.

Sjálfur segist Jón hafa tekið norsku krónurnar með sér til Íslands og keypt fyrir þær í matinn í Fjarðarkaupum og jólagjafir í Smáralind. „Við getum tvöfaldað launin okkar á gjaldeyrismismun,“ segir hann og telur fínt að fá mánaðarlaun upp á 850 þúsund kall.



**GREIÐA Í ERLENDRI MYNT** Íslendingar sem hafa farið til Noregs upp á síðkastið að vinna hafa farið í Fjarðarkaup og verslanir í Smáralind og greitt með norskum krónum. Íslenskir iðnaðarmenn, sem vinna í Noregi, hafa keypt í matinn í Fjarðarkaupum fyrir norskar krónur. „Það verður kannski meira rétt fyrir jólin þegar Íslendingarnir sem vinna erlendis koma heim,“ segir Henning Freyr Henningsson, framkvæmdastjóri Smáralindar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓN ÞÓRÐARSON**



**SVEINN SIGURBERGSSON**

Sveinn Sigurbergsson, einn framkvæmdastjóra Fjarðarkaupa, segir að Fjarðarkaup hafi alltaf tekið við erlendum gjaldeyri og taki við norskum krónum eins og öðrum gjaldmiðli. Enginn sé spurður um vegabréf. Starfsmenn fletti genginu upp á netinu.

Henning Freyr kannast við þá þróun að Íslendingar greiði með erlendum gjaldeyri í Smáralind en ekki sé mikið um það. „Það verður kannski meira rétt fyrir jólin þegar Íslendingarnir sem vinna erlendis koma heim,“ segir hann. Jón tekur að sér ákveðin verkefni. Greitt er miðað við átta tíma á dag og verð ákveðið fyrirfram. „Svo hespum við þessu af og vinnum í tólf tíma á dag. Strákunum finnst vonlaust að mæta átta á morgnana og vera hættir fjögur á daginn og vera komnir heim klukkan tvö á föstudögum.“

ghs@frettabladid.is



**VIÐSKIPTARÁÐHERRA** Björgvin vill að bankagögn í Lúxemborg séu gerð aðgengileg vegna sérstakra aðstæðna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Björgvin G. Sigurðsson:

# Vill bankagögn frá Lúxemborg

**BANKAR** Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra vill að stjórnvöld í Lúxemborg veiti öllum íslenskum aðilum sem fara með opinbera rannsókn á falli íslensku bankanna og aðdraganda þess nauðsynlegan aðgang að gögnum sem því tengjast og getur verið að finna í dótturfélögum íslensku bankanna í Lúxemborg.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að þetta eigi líka við um íslensk skattayfirvöld. Greiður aðgangur að gögnum sé mikilvægur þegar komi að sölu eigna úr dótturfélögum bankanna.

Í kvöldfréttum Rúv í gær kom fram að fjármálaeftirlitið í Lúxemborg muni aðstoða, samræmist það lögum og reglum. - gar, kóp

## Lést í bílslysi

Maðurinn sem lést í bílslysi í Berufirði aðfaranótt mánudags hét Þór Rúnar Baker. Hann var fæddur 11. mars 1945, var ókvæntur en lét eftir sig einn uppkominn son. Rúnar var til heimilis að Hafnarbraut 21 á Höfn í Hornafirði.




Frumvarp um sérstakan saksóknara samþykkt þrátt fyrir andmæli lögmanna:

# Uppljóstraraákvæði gagnrýnt

**ALÞINGI** Frumvarp dómsmálaráðherra um stofnun embættis sérstaks saksóknara til að rannsaka aðdraganda bankahrunsins varð að lögum í gær. Lögmannafélag Íslands (LMFÍ) og Viðskiptaráð gerðu alvarlegar athugasemdir við frumvarpið.

Svokallað uppljóstraraákvæði var gagnrýnt í umsögnum LMFÍ og Viðskiptaráðs til allsherjarnefndar Alþingis. Það felur í sér meiri háttar frávik frá íslenskum lögum, og á sér ekki fordæmi á Norðurlöndunum.

„Ekki þarf að hafa mörg orð um að matskenndar reglur um svo mikilsverð atriði eru óæskilegar,“ segir í umsögn LMFÍ. Athugasemd Viðskiptaráðs er svipuð. Þá veki ákvæðið upp fjölmargar spurningar um túlkun, framkvæmd og eftirlit með framkvæmdinni.

LMFÍ telur að auki að verkefni sérstaks saksóknara sé óljóst, og að töluverð skörun sé á hlutverki hans og hlutverki rannsóknarnefndar sem fjalla á um aðdraganda bankahrunsins.

Viðskiptaráð telur frumvarpið fela í sér frávik frá grundvallarreglum réttarríkisins, meðal annars því að maður teljist saklaus uns sekt sé sönnuð. Talsverðar líkur séu á að frumvarpið muni draga úr trausti umheimsins í garð íslensks fjármálakerfis, þvert gegn tilgangi þess. Frumvarpið sé af mörgum ástæðum óæskilegt. - bj



**SAKSÓKNARI** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi um sérstakan saksóknara 21. nóvember, og varð frumvarpið að lögum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Kringlan
Gullhúðuð kerti og stjarna sem glóir,
jólaveinarnir þrettán, feitir og mjóir.
Opið til 22 öll kvöld til jóla
www.kringlan.is | Sími 517 9000
Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 10.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,29 | 114,83 |
| Sterlingspund | 168,92 | 169,74 |
| Evra | 147,47 | 148,29 |
| Dönsk króna | 19,792 | 19,908 |
| Norsk króna | 16,114 | 16,208 |
| Sænsk króna | 13,94 | 14,022 |
| Japanskt jen | 1,2336 | 1,2408 |
| SDR | 170,58 | 171,6 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 195,8442

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fólk sem átti fé í peningamarkaðssjóðum hitti stjórnendur Landsbankans:

# Engin niðurstaða af fundinum

**EFNAHAGSMÁL** Forsvarsmaður hóps fólks sem átti fé í peningamarkaðssjóðum Landsbankans segir fátt hafa verið um svör á fundi með stjórnendum bankans í gærkvöldi. Næsta skref verði að ráða lögmann og ákveða næstu skref í samráði við hann.

„Niðurstaða fundarins var engin,“ segir Hörður Hilmarsson, einn forsvarsmanna hópsins. Hann segir stjórnendur bankans hafa sýnt fundarmönnum ítarlegt bréf sem bankinn muni senda í dag til fólks sem átti í sjóðum bankans, en þar hafi ekkert nýtt komið fram.

Hörður segir nú ljóst að Nýi Landsbankinn ætli ekki að axla ábyrgð á því fé sem tapast hafi í sjóðum Landsbankans, þrátt fyrir að starfsmenn hafi kynnt peningamarkaðssjóðina sem fullkomlega örugga fjárfestingu.



**FUNDAÐ** Fulltrúar hóps fólks sem átti fé í peningamarkaðssjóðum Landsbankans komu til fundar við stjórnendur bankans í gær. Hörður Hilmarsson er annar frá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svo virðist þó sem bankinn útiloki ekki með öllu skuldajöfnun fyrir einhverja einstaklinga, þó að bankinn hafi tekið fram að skoða yrði hvert tilvik, segir Hörður. Bankinn hafi að mestu vísað á stjórnvöld.

Hópurinn hefur óskað eftir fundi með Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra. Hörður segir ekki komna dagsetningu á þann fund, en vonandi verði af fundi með ráðherranum fljótlega. Hópurinn vilji vita hvar hann standi áður en tekin verði ákvörðun um málsókn. - bj

Ný heilbrigðisskýrsla:

# Æ fleiri falla fyrir krabba

**BANDARÍKIN, AP** Krabbamein verður algengasta dánarorsök jarðarbúa innan fárra ára. Undanfarin ár hafa hjartasjúkdómar dregið flesta til dauða.

Strax árið 2010 verður krabbamein orðið algengasta dánarorsökin, samkvæmt nýrri skýrslu frá krabbameinsrannsóknastöð Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO.

Búist er við að árið 2030 verði krabbameinssjúklingar tvöfalt fleiri í heiminum en nú er. Þá muni 27 milljónir veikjast árlega af krabba, og 17 milljónir deyja af völdum hans. - gb

Barack Obama:

# Ríkisstjórinn á að segja af sér

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama hvetur Rod Blagojevich, ríkisstjóra í Illinois, til að segja af sér. Blagjovich var handtekinn fyrir að hafa boðið þingsæti Obama í öldungadeildinni til sölu.



BARACK OBAMA

Obama segist ekkert hafa vitað af þessum áformum ríkisstjórans.

Þótt Blagojevich hafi verið handtekinn hefur hann þó enn formlegt vald til að ráða því hver tekur við af Obama í öldungadeildinni í byrjun næsta árs, þegar Obama verður forseti Bandaríkjanna.

Ríkisþingið í Illinois reynir nú að svipta hann þessu valdi. - gb

Laun fyrir setu í bankaráðum:

# Almennir með 135 þúsund en formenn tvöfalt

**STJÓRNSÝSLA Almennir stjórnarmenn í bankaráðum Glitnis og Kaupþings fá 135 þúsund krónur á mánuði. Varaformenn fá 202.500 og formenn 270 þúsund krónur.**

**Varamenn fá fjórðung af almennum stjórnarlaunum fyrir setu bankaráðsfundar. Það gera tæpar 34 þúsund krónur fyrir fund.**

**Þessar upplýsingar fengust frá Glitni og Kaupþingi. Landsbankinn veitti ekki upplýsingar um stjórnarlaun og sagði þau ákveðin í fjármálaráðuneytinu. Fjármálaráðuneytið sagði bankana ganga frá málinu í samráði við ráðuneytið.** - bþs

# Guðjón lánaði flokki sínum fjórar milljónir

**Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, lánaði flokknum fjórar milljónir króna á síðasta ári. Flokkurinn skuldaði tæpar 30 milljónir um áramót. Skuldirnar hafa lækkað mikið síðan þá. Aðhalds er gætt í flokksstarfinu.**

**STJÓRNMÁL** „Ég gerði þetta til að koma í veg fyrir að við misstum skuldir í dráttarvexti og lögfræðikostnað,“ segir Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Hann lánaði flokknum fjórar milljónir króna á síðasta ári.

Guðjón segir fjárhagsstöðu flokksins hafa verið erfiða að afloknum kosningunum 2007 og til að grynnka á skuldum hafi fasteign frjálslyndra við Aðalstræti 9 verið seld. Í framhaldinu voru gerðar áætlanir um greiðslu skulda.

Salan á Aðalstrætinu gekk óvænt til baka og þar með komust áætlanirnar í uppnám. „Það varð að bjarga málunum svo flokkurinn lenti ekki í margra milljóna króna kostnaði,“ segir Guðjón sem sótti milljónirnar fjórar inn á bankabók. Aðspurður kveðst hann ekki vera stóreignamaður, hann eigi kannski um tuttugu milljónir þegar allt er talið.

Síðar á síðasta ári seldist fasteignin með tæplega tuttugu milljón króna hagnaði og í kjölfarið var hægt að ráðast í greiðslu skulda. Guðjón segist hafa fengið tvær og hálfa milljón endurgreidda; þau mál gangi eðlilega fyrir sig. Kjörin á láni Guðjóns til flokksins eru þau sömu og flokkurinn nýtur hjá Landsbankanum.

Í rekstrarreikningi Frjálslynda flokksins fyrir árið 2007 kemur fram að félagsgjöld námu 1,4 milljónum og framlög og styrkir tæplega 42 milljónum. Með hagnaði af sölu Aðalstrætisins og öðrum tekjum voru rekstrartekjurnar samtals tæpar 63 milljónir. Rekstrargjöld voru rúmlega 88 milljónir. Kosningabarátta upp á 65 milljónir vegur þyngst en laun og annar rekstrarkostnaður námu 22 milljónum.



**FORMAÐUR OG LÁNARDROTTINN** Guðjón A. Kristjánsson á enn eina og hálfa milljón króna inni hjá Frjálslynda flokknum af fjögurra milljóna króna láni. Vel hefur gengið að greiða niður skuldir flokksins á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar allt er tiltekið var tap á rekstri Frjálslynda flokksins árið 2007 rúmar 28 milljónir. Skuldirnar í árslok námu tæpum 30 milljónum.

Guðjón segir unnið eftir aðhaldssamri útgjaldastefnu enda ætlunin að losna við skuldirnar. Greiðlega hefur gengið að greiða af þeim og telur Guðjón þær nema tólf til fjórtán milljónum í dag.

Auk þess að hafa átt handbært fé upp á rúma milljón um síðustu áramóti átti Frjálslyndi flokkurinn gamla Dodge bifreið sem metin var á tæpa hálfa milljón. Að sögn Guðjóns var bíllinn keyptur til að nota í kosningabaráttunni. Honum hafi verið lagt en sé í ágætu lagi og verði eflaust notaður í næstu kosningabaráttu.

bjorn@frettabladid.is



**ÁTÖK Í ÞESSALONÍKU** Lögregluþjónn kastar táragashylki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óeirðirnar í Grikklandi:

# Ákærður fyrir manndráp

**GRIKKLAND, AP Átök urðu fyrir utan þinghús Aþenu í gær þegar lögreglumenn, sem urðu fimmtán ára pilti að bana um helgina, voru yfirheyrðir. Lögmaður lögregluþjónsins sem ákærður hefur verið fyrir manndráp segir rannsókn sýna að banaskotið hafi fyrst farið í jörð eða vegg og þaðan í piltinn.**

**Efnt var til allsherjarverkfalls í gær og var skólum og sjúkrahúsum lokað, flug lá niðri og opinber þjónusta sömuleiðis. Rúmlega tíu þúsund manns mættu á útifund í Aþenu til að mótmæla efnahagsstefnu hægristjórnar landsins.** - gb

Íbúðalánasjóður getur leigt:

# Hámarkslánstími er 70 ár

**EFNAHAGSMÁL** Alþingi hefur samþykkt frumvarp Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra um að lengja lánstíma Íbúðalánasjóðs. Hámarkslánstími er nú 70 ár í stað 55 ára.

Heimilt er að lengja lánstíma vegna greiðsluerfiðleika um allt að 30 ár í stað 15 ára áður. Lenging hámarkslánstímans er hugsuð til að allir geti nýtt sér 30 ára frestinn. Íbúðalánasjóði er nú heimilt að leigja út húsnæði, eða fela öðrum að annast það, sem hann hefur leyst til sín á nauðungarsölu. Með því á að gera eigendum kleift að búa áfram í íbúðinni gegn leigu. - kóp




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VONSKUVEÐUR Í KVÖLD**

Veðurútlit fyrir sunnan- og vestanvert landið sem og hálendið er slæmt nú þegar líður á síðdegið, einkum þó í kvöld. Má búast við suðaustan 18-25 m/s á þessum svæðum með kvöldinu og mikilli rigningu á láglendi en hætt við stórhríð á fjöllum. Vindurinn verður hægari á austurhluta landsins lengst af en verður þó á bilinu 10-15 m/s í kvöld.




**Á MORGUN** 8-13 m/s vestan til, annars hægari.

**LAUGARDAGUR** 3-10 m/s, hvassast austan til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 4° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 3° |
| Frankfurt | 3° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 5° |
| New York | 3° |
| Orlando | 22° |
| Osló | -3° |
| París | 4° |
| Róm | 13° |
| Stokkhólmur | 3° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


JÓLIN
ERU Í SMÁRALIND
OPIÐ TIL KL.
22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
NJÓTTU ÞESS AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN
Verslanir Smárlindar eru sneisafullar af glæsilegum jólavörum og nú er opið til kl. 22 alla daga til jóla. Komdu í Smáralind og upplifðu yndislega jólastemningu og gefðu þér góðan tíma til að versla fyrir jólin.
Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA FYRIR JÓLIN

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú þá sem mótmæltu í Alþingishúsinu á mánudag og við Ráðherrabústaðinn á þriðjudag?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 47,8% |
| NEI | 52,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu sátt/ur við að greiða tæpar 18 þúsund krónur í nefskatt til Rúv?*

vísir

Viðskiptaráðherra íhugaði að láta ríkissjóð greiða í peningamarkaðssjóðina:

# Hættu við opinber framlög

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptaráðherra íhugaði í byrjun október að láta ríkissjóð greiða inn í peningamarkaðssjóði bankanna. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Álfheiðar Ingadóttur á Alþingi.

Í svarinu segir að á þessum tíma hafi verið rætt um stöðu sjóðanna við Fjármálaeftirlit, fulltrúa rekstrarfélaga verðbréfasjóðanna og skilanefndir. Þá hafi litið út fyrir að útgreiðsluhlutfall úr sjóðunum yrði mjög lágt „og til skoðunar var hvort grípa ætti til opinberrar aðstoðar“.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR

Á þessum tíma töldu stjórnvöld, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að um helmingur væri eftir í sjóðunum. Í svarinu kemur fram að „á síðari stigum“ hafi komið í ljós að staðan hafi verið betri en á horfðist og þá hafi verið hætt við opinber framlög.

Bankarnir, sem nú eru ríkisbankar, lögðu á endanum töluvert fé í sjóðina, á viðskiptalegum forsendum að því er sagt er. Viðskiptaráðherra svaraði engum spurningum um slíkt á Alþingi.

Upphæðir sem fóru frá bönkunum eru sagðar nema á annað hundrað milljarða króna. Því hefur ekki verið mótmælt.

Fram hefur komið að ríkissjóður leggur nýju bönkunum til hátt í 400 milljarða króna. Þeir peningar koma á endanum frá skattgreiðendum. **- ikh**

Bæjarstjórn Fjallabyggðar:

# Hesthúsahverfi háð skilyrðum

**SVEITARSTJÓRNIR Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur samþykkt nýtt skipulag um nýtt sjö hektara hesthúsahverfi nær byggðinni í Ólafsfirði en núverandi hesthúsahverfi. Þó á að fella skipulagið úr gildi ef ekki semst um uppkaup á öllum mannvirkjum og færslu allrar starfsemi á núverandi svæði yfir á nýja svæðið og ef framkvæmdir er ekki hafnar um áramótin 2010 - 2011. Tveir af bæjarfulltrúum minnihlutans í bæjarstjórn sögðu nýtingu landsins ekki ákjósanlega með tilliti til nálægðar við íbúðabyggð, umferð á golfvöllin og jarðgöngin. - gar**

Magnús Stefánsson:

# Gæti gefið kost á sér í formann

**STJÓRNMÁL** Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins og fyrrverandi félagsmálaráðherra, útilokar ekki framboð til formanns á flokksþingi sem fram fer í janúar. Þetta kemur fram í samtali Vísis.is við Magnús í gær.



MAGNÚS STEFÁNSSON

Einnig kemur fram að Magnús hafi ekki enn mótað sér afstöðu varðandi aðild að Evrópusambandinu að öðru leyti en því að nauðsyn sé að taka upp nýjan gjaldmiðil.

Höskuldur Þórhallsson, Páll Magnússon og Jón Vigfús Guðjónsson hafa þegar gefið kost á sér til formannskjörs í Framsókn og Siv Friðleifsdóttir hefur ekki útilokað framboð. Valgerður Sverrisdóttir hefur hins vegar útilokað framboð. **- kg**

Þjóðarsorg í Rússlandi:

# Alexí Patríarki jarðsunginn

**RÚSSLAND, AP Mikið lof var borið á Alexí II., patríarka rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar, þegar hann var jarðsunginn í Moskvu á þriðjudag.**

**„Þjóðin okkar öll er orðin munaðarlaus,“ sagði Dmitrí Smirnov, erkiklerkur í Moskvu. „Við erum að jarðsyngja mikilmenni, mikilfenglegan son þjóðar okkar, fagran og helgan ávöxt rússnesku kirkjunnar.“**

**Alexí átti stóran þátt í endurreisn rétttrúnaðarkirkjunnar eftir fall Sovétríkjanna.**

**Margir helstu ráðamenn þjóðarinnar og annarra landa voru viðstaddir útförina, þar á meðal Dmitrí Medvedev forseti og Vladimír Pútín forsætisráðherra. - gb**

# Stuðningur við sérlausn í sjávarútvegi

**Ísland getur reitt sig á stuðning norrænu ESB-ríkjanna þegar og ef til aðildarviðræðna kemur, þar með talið við sérlausn í sjávarútvegsmálum, að sögn Görans Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar. Hann átelur Breta harðlega.**

**EVRÓPUMÁL** Ísland getur reitt sig á stuðning norrænu ríkjanna í Evrópusambandinu þegar og ef til aðildarviðræðna Íslands kemur, þar með talið við sérlausn í sjávarútvegsmálum. Þetta segir Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, í samtali við Fréttablaðið, en hann hélt í gær erindi í Háskóla Íslands um lærdóma Svía af efnahagskreppunni sem þeir gengu í gegn um fyrir miðjan síðasta áratug.

Þegar Persson sótti fund norrænna jafnaðarmannaleiðtoga sem fram fór í Viðey sumarið 2004 lýsti hann stuðningi við ályktun þar sem sagði að við hugsanlega inngöngu Íslands í ESB skyldi tekið sérstakt tillit til sjávarútvegs með því að þróa hugmyndir um sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði í Norður-Atlantshafi. Spurður út í mat sitt á því hvernig núverandi ríkisstjórnir ESB-landa myndu bregðast við slíkum hugmyndum í hugsanlegum aðildarviðræðum segir Persson erfitt að svara því.

„En meðal norrænu ESB-ríkjanna er mikill stuðningur við að koma til móts við Íslendinga í aðildarviðræðum, ákveði þeir á annað borð að sækjast eftir aðild,“ segir Persson og bætir við: „Hvort það dugir til að telja til að mynda Spánverja á sömu afstöðu er ómögulegt að segja. En fái norrænu ESB-ríkin nokkru um þetta ráðið tel ég þetta fyllilega mögulegt.“

Um afstöðu voldugustu ríkjanna innan ESB eins og Þýskalands og Bretlands í þessu sambandi segir Persson að sérstaklega Bretar ættu að hafa ærna ástæðu til að koma til móts við Íslendinga, „eftir þau mistök sem þeir hafa gerst sekir um gagnvart Íslendingum. Það sem Bretar gerðu Íslandi var algerlega út úr korti og skaðar Bretland meira en Ísland.“ Persson bætir því við að hefði Ísland verið innan ESB hefði það verið óhugsandi að Bretar gerðu það sem þeir gerðu í Icesave-deilunni.



**NORRÆNN STUÐNINGUR** Húsfyllir var í Hátíðasal HÍ þegar Persson flutti erindi sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> En meðal norrænu ESB-ríkjanna er mikill stuðningur við að koma til móts við Íslendinga í aðildarviðræðum, ákveði þeir á annað borð að sækja eftir aðild.
>
> **GÖRAN PERSSON**
> FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA SVÍÞJÓÐAR

Meginboðskapur Perssons í erindi sínu um lærdómana af kreppunni sem Svíar gengu í gegnum 1992-1994 var að stjórnvöld eiga ekki að bíða með að grípa til eigin ráðstafana; það sé til að mynda ekki ráðlegt að bíða eftir því að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segi ríkisstjórninni fyrir verkum. Hún verði sjálf að setja sér metnaðarfull en jafnframt trúverðug markmið um það hvernig hún hyggist stýra landinu aftur út úr kreppunni. Til að slík aðgerðaáætlun takist vel í framkvæmd sé lykilatriði að hún sé gegnsæ svo að bæði almenningur heima fyrir og umheimurinn, markaðirnir, fái traust á henni. Lykilatriði í því sé að nota öll tiltæk ráð, tafarlaust, til að koma aftur jafnvægi á ríkisfjármálin, bæði með aukinni skattheimtu og lækkun útgjalda. audunn@frettabladid.is



**GENGIÐ Í KRINGUM KAABA** Svarta byggingin er sú helgasta í heimi múslíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múslimar í Sádi-Arabíu:

# Pílagrímgöngu til Mekka lokið

**SÁDI-ARABÍA, AP** Lokadagur hinnar árlegu pílagrímagöngu múslíma til Mekka í Sádi-Arabíu var í gær. Nærri þrjár milljónir pílagríma komu til Mekka í ár.

„Mér finnst ég endurborinn,“ sagði Parviz Karimi, pílagrímur frá Íran, eftir að hafa dvalist í viku á slóðum Múhameðs spámanns. „Orð fá því ekki lýst hvernig mér líður núna.“

Moskan mikla, sem er helgasti staður múslíma, var í gær troðfull af fólki sem gekk samkvæmt fornri hefð sjö sinnum í kveðjuskyni í kringum Kaaba í miðju moskunnar. **- gb**

**DÓMSTÓLAR**

## Skurður inn að beini

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir að skalla annan mann harkalega. Sá síðarnefndi hlaut af langan skurð, opinn inn að beini.





EITTHVAÐ SEM ALLAR ELSKA

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI


Olli Rehn, stækkunarmálastjóri Evrópusambandsins, á opnum fundi í gær:

# Ísland gæti orðið næsta aðildarríkið

**EVRÓPUMÁL** Sæki Ísland um aðild að Evrópusambandinu mun það geta veitt Króatíu harða samkeppni um að verða 28. aðildarríki sambandsins. Þetta sagði Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál ESB í framkvæmdastjórn þess, á opnum fundi í Osló í gær sem varpað var til Íslands í gegn um fjarfundabúnað í Háskólanum í Reykjavík.

Með þessu staðfesti Rehn, að hann gerði ráð fyrir að Ísland gæti fengið „hraðmeðferð“ í aðildarsamningum við sambandið, þar sem framkvæmdastjórnin hefur þegar sagt að Króatía verði væntanlega komin á lokastig sinna aðildarviðræðna undir lok næsta árs.

Rehn tók fram, að hann hefði ítrekað tjáð ráðamönnum ríkjanna í Suðaustur-Evrópu sem stefna að aðild að ESB, að það væri ekki hægt að stytta sér leið inn í sambandið. Þar sem Ísland væri nátengt ESB í gegn um aðild sína að Evrópska efnahagssvæðinu síðan 1994 væri hins vegar hægt að líta svo á að það stytti leið Íslands til fullrar aðildar.



OLLI REHN

Spurður um möguleikann á að Evrópusambandið sýndi sveigjanleika hvað varðar sjávarútvegsmál í aðildarsamningum við Ísland sagði Rehn að hann hefði fulla trú á því að hægt væri að ná samningum um „aðlögun Íslands að sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni“ sem báðir aðilar gætu fallist á. Hann tók fram að nú væri hafin endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar, og í því ferli væri meðal annars litið til þess hvernig Íslendingar og Norðmenn haga fiskveiðistjórnun sinni. Væri Ísland innan ESB væri það í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á mótun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar á Norður-Atlantshafssvæðinu, að mati Rehns.

Spurður um möguleikann á að Ísland tæki upp evruna einhliða ítrekaði Rehn að ekki bara framkvæmdastjórnin, heldur líka Seðlabanki Evrópu og ECOFIN-ráð fjármálaráðherra ESB-ríkjanna teldu það óráðlegt. Með því að hefja aðildarviðræðuferlið og að grípa til ráðstafana til að vinna að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin svonefndu fyrir fullri aðild að myntbandalaginu myndu að hans mati skapast þau stöðugleikamyndandi áhrif sem Ísland þyrfti á að halda í peningamálum eftir hrun krónunnar. **- aa**



Landslið matreiðslumeistara er samstarfsaðili Hagkaups

# Besti hryggurinn

## að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaups. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**







## Gæða hangikjöt í suðupoka

Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka, þú smellir bara pokanum með hangikjötinu beint í pottinn og sýður skv. leiðbeiningum. **Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.**

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

BSRB

**Vinnumarkaðurinn**

og atvinnuhorfur framundan

**OPINN FUNDUR Á VEGUM BSRB Í DAG**

**KL. 16:30 – 18:00 Í BSRB – HÚSINU GRETTISGÖTU 89**

Á fundinum verður fjallað um sérkenni íslenska vinnumarkaðarins og úrræði fyrir þá sem standa frammi fyrir atvinnumissi.

**Framsögur hafa**

*Gylfi Dalmann* dósent við Háskóla Íslands

*Gissur Pétursson* forstjóri Vinnumálastofnunar

**Fundarstjóri**

*Helga Jónsdóttir* framkvæmdastjóri BSRB

Að loknum framsöguerindum verður opnað fyrir fyrirspurnir úr sal








Amfetamínverksmiðjan í Hafnarfirði:

# Mikið magn amfetamíns á vinnslustigi

**LÖGREGLUMÁL** Mikið magn af efnum á vinnslustigi amfetamíns var tekið í amfetamínverksmiðjunni í Hafnarfirði á dögunum. Þar var einnig sérhæfður glerbúnaður í miklu magni. Slíkur búnaður er ætlaður fyrir tilraunastofur, að sögn lögreglu. Að auki var ýmis annar búnaður tekin í húsnæðinu.

Við húsleitina tók lögreglan líka um 18,2 kíló af hassi og tæplega 700 grömm af amfetamíni. Jafnframt var lagt hald á liðlega 3.500 millilítra af BMK, sem er þekkt upphafsefni og/eða milliefni í framleiðslu amfetamíns eða metamfetamíns. Þá voru 38 kíló af P-2-NP sem er efni sem er notað í sama tilgangi. Ekki liggja fyrir útreikningar á hversu mikið magn af amfetamíni til götusölu hefði verið hægt að búa til úr ofangreindu magni. Tveir menn, þeir Jónas Ingi Ragnarsson og Tindur Jónsson, voru handteknir. Þeir sátu um tíma í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Þeir afplána nú dóma vegna annarra mála. **- jss**



BJÖRGVIN GUÐNI SIGURÐSSON



JÓNAS FRIÐRIK JÓNSSON



JÓN GUNNARSSON



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

# FME krafðist hlutleysis og valdi KPMG

**Annað tveggja skilyrða FME fyrir því að fyrirtæki gætu rannsakað bankana var að þau væru hlutlaus. KPMG hefur nú hætt tveggja mánaða langri rannsókn á Glitni. Sumir í viðskiptanefnd Alþingis kenna KPMG um, aðrir stjórnvöldum.**

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaeftirlitið og skilanefndir bankanna, sem starfa í umboði þess, settu tvö skilyrði fyrir því að endurskoðunarfyrirtæki gætu rannsakað bankana og gjörðir þeirra í bankahruninu: Að þau hefðu ekki endurskoðað bankana á sínum tíma og að þau kæmu hlutlaus að verkinu.

Skilanefnd Glitnis mælti með KPMG til að rannsaka Glitni og Fjármálaeftirlitið lagði blessun sína yfir það. Síðan varð kunnugt að forstjóri KPMG er faðir framkvæmdastjóra Stoða, sem var stærsti hluthafi Glitnis. Einnig að KPMG endurskoðaði og endurskoðar enn, eftir því sem næst verður komist, fyrirtæki sem áttu alls nærri helmingshlut í Glitni.

Fjármálaeftirlitið fellur undir Björgvin G. Sigurðsson bankamálaráðherra. Hann sjálfur segist hafa vitað að KPMG hafi rannsakað Glitni en ekki að KPMG hafi hugsanlega átt hagsmuna að gæta í slíkri rannsókn. Hann svaraði ekki fyrirspurnum Fréttablaðsins í gær.

Eftir mikla umræðu um KPMG og Glitni hefur það fyrrnefnda horfið frá rannsókn sinni, eftir tveggja mánaða starf. Óljóst er hvort notast verður við þau gögn sem KPMG hefur útbúið í rannsókn sinni, þegar nýtt fyrirtæki tekur við henni.

Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður viðskiptanefndar Alþingis og varaformaður Samfylkingarinnar, segist ekki geta séð að nokkur skaði hafi orðið af því að KPMG var falið verkið en málið sé þó „bagalegt“. Það gefi ekki tilefni til að neinn sæti ábyrgð og segi af sér. Samflokksmaður hans í nefndinni, Árni Páll Árnason, veit ekki hversu ríkar kröfur er hægt að gera til Fjármálaeftirlitsins um að endurskoðendur séu rannsakaðir. Afglöpin liggi fyrst og fremst hjá KPMG.

Jón Bjarnason, fulltrúi VG í nefndinni, telur einnig að ábyrgð KPMG sé mikil og veltir fyrir sér hvort fyrirtækið styðjist ekki við siðareglur.

Hins vegar telur sjálfstæðismaðurinn Jón Gunnarsson að Fjármálaeftirlitið og skilanefndin hafi gert mistök. Hann leggur til mannaskipti: „Til að endurvekja trúverðugleika og til að halda trausti almennings á þeirri vinnu sem eftir er ættu forystumenn ríkisstjórnarinnar að gera þær breytingar sem þarf að gera. [...] Þetta gæti átt við um Seðlabankann, Fjármálaeftirlitið og skilanefndir og klárlega inn í ríkisstjórnina.“ Hann nefnir þó ekki nöfn: „Það ætti að vera auðlesið.“

Birkir J. Jónsson úr Framsókn ætlar svo að leggja til að málið verði tekið upp í nefndinni. Hann hvetur einnig til mannabreytinga í ríkisstjórn. **klemens@frettabladid.is**


www.uu.is
www.66north.is

**Klæddu þig vel í skíðaferðina.**

**66°Norður auðveldar þér undirbúninginn fyrir skíðaferðina. Gildir fyrir alla sem panta skíðaferð með Úrval Útsýn.**

Sýnið staðfestingu á pöntun.




**Auglýsingasími**

**512 50 50**




– Mest lesið



NÝJA ÍSLAND!
NÆSTUM NÝIR SKODA OCTAVIA Á 30% AFSLÆTTI Í DESEMBER
Octavia
20 BÍLAR Í BOÐI
NÚ BJÓÐUM VIÐ NOKKRA NÆSTUM NÝJA SKODA OCTAVIA Á 30% AFSLÆTTI
Í SÝNINGARSAL HEKLU NOTAÐRA BÍLA Á KLETTHÁLSI 1B.
VERÐ FRÁ 500.000 TIL 1.600.000. KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.
JÚ JÚ, VIÐ FÓRUM Á ÚTSÖLU OG FYLLTUM FRYSTIKISTUNA. ÉG VIÐURKENNI ÞAÐ.
EN ÞAÐ SNIÐUGASTA SEM VIÐ GERÐUM VAR AÐ KAUPA NOTAÐAN BÍL HJÁ HEKLU.
Opið 10–18 virka daga
Klettháls | sími 590 5044 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is
HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA






Samstarf Landssjúkrahússins í Færeyjum og Landspítalans líklega stóraukið:

# Hundruð sjúklinga til Íslands

**HEILBRIGÐISMÁL** Hundruð færeyskra sjúklinga munu leita lækninga á Íslandi á næstu árum, gangi björtustu vonir stjórnenda Landspítalans og Landssjúkrahússins í Færeyjum eftir.

Færeysk sendinefnd, skipuð æðstu stjórnendum Landssjúkrahússins í Færeyjum, kom í tveggja daga heimsókn á Landspítalann í vikunni. Mun mikill áhugi vera meðal stjórnendanna á auknu samstarfi milli spítalanna. „Ég á von á að heimsóknin eigi eftir að skila sér í stórauknu samstarfi,“ segir Björn Zoega, lækningaforstjóri Landspítalans.

Sérstakur áhugi er á þeirri sérfræðiþekkingu sem Landspítali hefur yfir að ráða og er af skornum skammti í Færeyjum. Þar má nefna heila- og taugaskurðlækningar, lýtalækningar, kviðarholsskurðlækningar, háls-, nef- og eyrnalækningar. Einnig er horft til hjartalækninga og þá sérstaklega hjartaþræðinga.



**HEILBRIGÐISRÁÐHERRA MEÐ SENDINEFND** Æðstu stjórnendur Landssjúkrahússins í Færeyjum heimsóttu Landspítalann á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hingað til hafa Færeyingar sótt meirihluta slíkrar þjónustu til Kaupmannahafnar. Þeir vilja nú draga úr henni og velja heldur Ísland. Björn segir það líklega byggjast á því hversu vel samstarf við Landspítalann á undanförnu ári hafi gefist.

holmfridur@frettabladid.is

# Ísland ver mestu til þjónustu við ung börn

**Ísland er í öðru sæti, á eftir Svíum, þegar að kemur að góðri þjónustu við ung börn. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu UNICEF sem kynnt er í dag. Ísland ver mestu í þjónustu við ung börn, eða 1,8 prósent af vergri þjóðarframleiðslu.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Ísland er í öðru sæti OECD-ríkja þegar kemur að góðri þjónustu við ung börn, samkvæmt nýrri skýrslu UNICEF. Svíþjóð er í fyrsta sæti, en það sem vantar á til að Ísland nái Svíþjóð eru lög um eins árs fæðingarorlof á helmings launum. Á eftir Íslandi koma Danmörk, Finnland, Frakkland og Noregur.

Í neðsta sæti eru Írland og Kanada, sem hafa náð einu af þeim tíu markmiðum sem könnuð eru.

Í skýrslunni kemur fram að miklar breytingar eigi sér nú stað í þróuðum ríkjum hvað viðkemur ungum börnum. „Ung börn í dag er fyrsta kynslóðin þar sem meirihluti barna eyðir stórum hluta sinna fyrstu ára í einhvers konar vistun utan heimilis.“ Í iðnríkjunum er 80 prósent af 3-6 ára og 25 prósent barna undir þriggja ára aldri í vistun.

Skýrsluhöfundar hafa af því nokkrar áhyggjur hvaða áhrif það hefur á komandi kynslóðir að mun hærra hlutfall barna er í einhvers konar vistun á unga aldri og að tíminn í vistun er að lengjast. Þetta eigi sérstaklega við ungbörn innan við eins árs sem eru í lengri vistun, í stórum hópum, en rannsóknir sýni að slíkt geti haft áhrif á félagsþroska þeirra.

**OPINBER ÚTGJÖLD OECD-RÍKJA TIL ÞJÓNUSTU VIÐ UNG BÖRN**
**Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu árið 2003.**




HEIMILD: SKÝRSLA UNICEF

Að sama skapi geti dagvistun smábarna haft góð áhrif. Sérstaklega á börn láglaunafjölskyldna með minni menntun. Menntun í leikskólum og færni sem börnin öðlast þar minnki forskot annarra barna í lífinu og dragi úr menntunar-, þroska-, og hegðunarvandamálum barna í áhættuhópum.

„Það er ljóst að iðnvæddar þjóðir eru ... einnig að nálgast kerfi þar sem almenn kennsla hefst ekki með formlegri skólun við fimm eða sex ára aldur, heldur með kennslu í leikskólum sem hefst um þriggja ára aldur,“ segir í skýrslunni.

Menntun sé orðin nauðsynlegur hluti barnavistunar og því þurfi að fylgjast með og tryggja lágmarksaðgang barna að dagvistun, fæðingarorlof fyrsta árið, áætlun ríkisvaldsins vegna fatlaðra barna, lágmarksþjálfun starfsfólks dagvistunarstofnana og takmörkun á fjölda barna á hvern starfsmann leikskóla. Þá þurfi einnig að tryggja lágmarksútgjöld ríkisins til dagvistunar barna. Eins og fram kemur í skýrslunni varði Ísland mestu opinberu fé í þjónustu við ung börn árið 2003, eða 1,8 prósent af vergri þjóðarframleiðslu. Einungis sex ríki OECD verja að minnsta kosti einu prósenti af þjóðarframleiðslu til ungra barna og eru það sömu löndin og ná að minnsta kosti átta af þeim tíu markmiðum sem könnuð eru.

svanborg@frettabladid.is

Fangi á Litla-Hrauni kærður fyrir tilraun til fjársvika með falskri andlátstilkynningu:

# Auglýsti andlát samfanga síns

**LÖGREGLUMÁL** Fangi á Litla-Hrauni var í gær kærður fyrir fjársvik til lögreglustjórans á Selfossi. Hann er grunaður um að hafa auglýst andlát samfanga síns í Morgunblaðinu í gær.

Í auglýsingunni er þeim sem vilja minnast þess látna bent á söfnunarreikning í eigu Sigurbjörns Adams Baldvinssonar sem nú afplánar dóm fyrir margsháttar brot. Þeim reikningi hefur nú verið lokað.

Fanginn, Hákon Rúnar Jónsson, hvers andlát var auglýst í gær, er hins vegar við hestaheilsu og því virðist auglýsingin hafa verið send Morgunblaðinu í þeim tilgangi að svíkja fé af fólki.



Ástkær eiginmaður, faðir og sonur:

HÁKON RÚNAR JÓNSSON,

lést á heimili sínu eftir langvarandi veikindi laugardaginn 6. desember.
Útför verður auglýst síðar.
Þeim sem vilja styrkja minningu hans er bent á söfnunarreikning 1192-05-400643,
kt. 161185-3539.
Þakkir til krabbameinsrannsóknardeildar Landspítalans.

Sigríður Jónsdóttir,
Gunnfríður Lóa Hákonardóttir,
Alexander Hákonarson,
Jón Gunnarsson, Berglind Þorvaldsdóttir.

**EKKI LÁTINN** Andlátstilkynning Hákons Rúnars Jónssonar sem birtist í Morgunblaðinu í gær.



**PÁLL WINKEL**

„Þetta er það ósmekklegasta sem ég hef orðið vitni að,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri. Hann segir málið varða við lög.

„Það sem snýr að okkur er sérstaklega misnotkun á netinu, rannsókn á hvort viðkomandi fangi er með ólöglegan búnað í klefa sínum og reynist það rétt má hann eiga von á að vera beittur agaviðurlögum,“ segir Páll.

Hann segir erfitt að segja til um hvort málið kalli á einhverjar breytingar á reglum fangelsisins. „Í það minnsta kemur til álita að skoða netnotkun fanga því þetta er auðvitað alvarlegt mál,“ segir Páll.

- ovd

DELL™ MÆLIR MEÐ WINDOWS VISTA® HOME PREMIUM

YOURS IS HERE



169.900 kr.

## Minnsta Dell tölvan á markaðinum

### Studio Hybrid tölvan

- Intel® Pentium® dual-core örgjörvi T2390
- Windows Vista Home Premium
- 2GB vinnsluminni
- 320GB harður diskur
- 8xDVD +/- RW geisladrif
- Þráðlaust ísl. lyklaborð og mús
- Hægt að tengja við sjónvarp
- Mál: 7,2 x 19,7 x 21,2cm (h x b x d)



NÝTT KORTATÍMABIL HEFST 6. DES.

Veldu eitt af 6 mismunandi lituðum hulstrum utan um Studio Hybrid tölvuna þína.

Tölvan kemur með gráu hulstri.

# Hvað verður í jólapakkanum þínum?



## Meistari margmiðlunar!

### XPS M1530

- Intel® Core™2 Duo örgjörvi T9300
- Windows Vista Home Premium
- 2GB vinnsluminni
- 200GB harður diskur
- 8x DVD +/-RW geisladrif
- 15,4" True Life skjár
- 256MB nVidia GeForce 8600M GT skjákort

199.900 kr.



169.900 kr.

## Gæði og gott verð

### INSPIRON E530

- Intel® Core™2 Quad Core örgjörvi Q6600
- Windows Vista Home Premium
- 2GB vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- 16x DVD +/-RW geisladrif

Skjár á mynd fylgir ekki með

## Prentar, ljósritar og skannar

V105 ALL-IN-ONE PRENTARI



14.900 kr.

## Sjónvarpsflakkari

MVIX 6000R afspilunartæki fyrir tölvu, sjónvarp og skjávarpa



19.900 kr.

## 24" breiðtjaldsskjár

E248 WFP skjár



68.900 kr.

## Fartölvumús

V220 þráðlaus mús



4.990 kr.

Gott Fólk | 37859

## Fartölvutaska

Fyrir fartölvu með allt að 15,4" skjá



8.990 kr.

## Office Home and Student 2007

Word, Excel, PowerPoint og OneNote



15.990 kr.

Celeron, Celeron Inside, Centrino, Centrino Inside, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Viiv Inside, vPro Inside, Xeon, and Xeon Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. Microsoft, Windows, Windows Vista and the Windows Vista logo are trademarks or registered trademarks of Microsoft Corporation in the United States and/or other countries.

Core™ 2 Duo inside™

Do More

EJS

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyravegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Kjalfell ehf. / Húnabraut 19, Blönduósi / 452 4567 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Tengill ehf. / Aðalgötu 24, Sauðárkrókur / 453 5519 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

Verð eru tilboðsverð með vsk. og gilda á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl







**FRÉTTASKÝRING:** Ríkisútvarpið ohf.

# Takmörkun auglýsinga mætt með hærri skatti

**Meginefni nýs frumvarps um Ríkisútvarpið ohf. er að takmarka auglýsingar í Sjónvarpinu, hækka útvarpsskattinn frá því sem áður var ákveðið og koma á skilvirku eftirliti með starfsemi RÚV.**

Miklar skorður eru reistar við auglýsingum í Ríkissjónvarpinu í frumvarpi menntamálaráðherra sem dreift var á Alþingi í gær. Samkvæmt því styttast auglýsingatímar frá því sem nú er, þeim fækkar og auglýsingar á tilteknum útsendingartímum verða bannaðar.

Í athugasemdum segir að með takmörkun á svigrúmi RÚV á auglýsingamarkaði sé stefnt að því að treysta rekstur sjálfstætt starfandi fjölmiðla og stuðla að sem fjölbreyttustu fjölmiðlaumhverfi á Íslandi. Takmarkanirnar ná aðeins til Sjónvarpsins - ekki er hróflað við auglýsingum á útvarpsrásum RÚV.

### Skattur í stað auglýsingatekna

Erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um fjárhagsleg áhrif þessa á Ríkisútvarpið en Páll Magnússon útvarpsstjóri sagðist í Morgunblaðinu í gær telja tekjuskerðinguna nema allt að 400 milljónum króna á ári.

Ekki er þar með sagt að Ríkisútvarpið verði af þeirri fjárhæð því skattgreiðendum verður gert að mæta tekjutapinu, að hluta í það minnsta.

Nefskattur sá sem ákveðið var að innheimta í stað afnotagjalda með lögum um Ríkisútvarpið ohf. frá síðasta ári verður hækkaður. Áður var hann ákveðinn 14.580 krónur á greiðanda á ári en verður 17.900. Samkvæmt athugasemdum frumvarpsins er skatturinn meðal annars hækkaður til að mæta minni tekjum af auglýsingasölu.

Áætlað er að rúmlega 3.7 milljarðar króna innheimtist með skattinum. Afnotagjöld þessa árs verða að líkindum um 3 milljarðar.

### Aukið eftirlit

Í frumvarpinu er kveðið á um aukið og skilvirkara eftirlit með starfsemi Ríkisútvarpsins. Útvarpsréttarnefnd verður falið sérstakt og sjálfstætt eftirlit auk þess sem eftirlitsskyldir þættir samkvæmt núgildandi lögum verða færðir til nefndarinnar.

Meginbreytingin er sú að Útvarpsréttarnefnd verður, sem sjálfstæðu stjórnvaldi, falið eftirlit með starfsemi Ríkisútvarpsins og veitt heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna tiltekinna brota gegn lögum. Með virku eftirliti er stefnt að því að auka gagnsæi í starfseminni og tryggja að Ríkisútvarpið sinni því hlutverki sem því er ætlað í almannaþágu. Segir í athugasemdum frumvarpsins að gert sé ráð fyrir að Útvarpsréttarnefnd geti bæði tekið upp mál að eigin frumkvæði og tekið við erindum er varða ætluð brot RÚV á ákvæðum laga um það. Ennfremur er lögð víðtæk upplýsingaskylda á félagið og ber því að kröfu útvarpsréttarnefndar að láta henni í té allar þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að rækja eftirlitshlutverk sitt.

Þá þarf Ríkisútvarpið að leita mats nefndarinnar á hvort ný þjónusta sem það hyggst veita teljist útvarpsþjónusta í almannaþágu og jafnframt láta nefndinni í té upplýsingar til að sannreyna megi hvernig félagið hefur uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og reglum um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu í almannaþágu. Þessir þættir eru sem sakir standa á hendi menntamálaráðuneytisins annars vegar og Ríkisendurskoðunar hins vegar.

### Húsið og lífeyrisskuldbindingarnar

Núverandi rekstrarvanda Ríkisútvarpsins er ekki mætt í frumvarpi menntamálaráðherra. Efni þess snýst um aðra hluti. Engu að síður hafa þau mál verið til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Lífeyrisskuldbindingar RÚV upp á um þrjá milljarða króna er rekstrinum þungur. Meðal annars hefur því verið hreyft að ríkið taki þær yfir og eignist í staðinn Útvarpshúsið við Efstaleiti. Bókfært virði þess er um þrír milljarðar.


FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is



**ÚTVARPSHÚSIÐ VIÐ EFSTALEITI** Útvarpsréttarnefnd er falið sérstakt og sjálfstætt eftirlit með starfsemi Ríkisútvarpsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## AUGLÝSA MÁ Í NÍU MÍNÚTUR Á KJÖRTÍMA

- Hlutfall auglýsinga af daglegum útsendingartíma skal vera innan við 10 prósent (sex mínútur á klukkustund).
- Frá klukkan 19 til 22 (kjörtími) má hlutfall auglýsinga ekki fara yfir 5 prósent (þrjár mínútur á klukkustund).
- Hver auglýsingatími má að hámarki vera 3 mínútur og 20 sekúndur.
- Mest mega auglýsingatímar vera tveir á klukkustund.
- Óheimilt er að hafa auglýsingatíma í sjónvarpsþætti sem er styttri en 45 mínútur.
- Óheimilt er að auglýsa á útsendingartíma barnaefnis og tíu mínútum á undan og eftir barnaefni.
- Kostun sjónvarpsefnis er óheimil. Undantekningar eiga við um stórviðburði í íþróttum (ÓL og HM og EM í knattspyrnu), Evróvisjón og innlendum verðlaunaathöfnum (Gríman, Eddan, Ísl. tónlistarverðlaunin).
- Vöruinnsetning er bönnuð sem og umfjöllun með markaðslegt gildi.




BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
BELLINI
collezione
LLOYD
SARAR
PAL ZILERI
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
50%
til 70%
afsláttur
af öllum
vörum
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )


AÐEINS ÞESSA HELGI
A300 1NU
FARTÖLVA Á TILBOÐI
Ný A300 fartölva frá Toshiba með plássi fyrir auka harðdisk, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit.
Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz 2MB
2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
250GB SATA 7200RPM diskur
8xDVD SuperMulti DL skrifari
15,4" WXGA TruBrite 8ms skjár
256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
300Mbps þráðlaust WiFi netkort
1.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
Windows VISTA Home Premium
NÝ LENT
TOSHIBA
134.900
ALLT AÐ 20.000 LÆKKUN Á FARTÖLVUM
9"SKJÁR XP HOME
ASUS EEE 900
Intel Celeron Mobile 353 900MHz
1GB DDR2 400MHz vinnsluminni
16GB Solid State harður diskur
9" WVGA (1024X600) TFT skjár
128MB Intel GMA 900 skjástýring
54Mbps þráðlaust WiFi netkort
Kortalesari, 3xUSB VGA tengi ofl.
1.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows XP Home og fleiri forrit
59.900
AÐEINS ÞESSA HELGI
iTrigue 3000
Glæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Creative með iPod dokku og fjarstýringu
Öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi
Spilaðu lög beint af iPod í kerfið
Dokkan hleður einnig iPod
Hágæða NeoTitanium keilur
Þráðlaus fjarstýring fylgir
14.900
ALLT AÐ 25% LÆKKUN Á FLATSKJÁM
22"LCD
WIDESCREEN LCD SKJÁR
Stórglæsilegur 22" WideScreen Benq LCD skjár með Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt.
22" WideScreen LCD skjár
Einstök skerpa og litadýpt
2500:1 skerpa og Senseye tækni
5ms viðbragðstími fyrir leikina
1680x1050 WideScreen upplausn
Senseye tækni tryggir myndgæðin
VGA og DVI HDCP tengi
100% Pixla ábyrgð í Tölvutek
BenQ
34.900
Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og villur
ALLT AÐ 20% LÆKKUN Á MÓÐURBORÐUM
MÓÐURBORÐ
ALLT AÐ 20% LÆKKUN Á SKJÁKORTUM
SKJÁKORT
ALLT AÐ 25% LÆKKUN Á MINNISLYKLUM
USB LYKLAR
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardag 13.des
11:00 - 18:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


GLÆSILEG NÝ
JÓLATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
500GB
SJÓNVARPS FLAKKARI
29.900
AÐEINS ÞESSA HELGI
2GB
800MHz DDR2
VINNSLUMINNI
4.990
HVERGI BETRA VERÐ
7"
Widescreen myndarammi
9.990
25%
LÆKKUN
ALLT AÐ 25% LÆKKUN
Á YFIR 1000
TÖLVUVÖRUM
NÝ
VERSLUN
Í BORGARTÚNI 31

## „ORÐRÉTT“

*En stofna hljómsveit?*

**„Nei, við erum ekki að mynda ríkisstjórn við Össur Skarphéðinsson.“**

ÖGMUNDUR JÓNASSON Í VG UM FUND SINN MEÐ IÐNAÐARRÁÐHERRA UM HELGINA.
Fréttablaðið, 9. desember

*Margt er líkt...*

**„Aldrei áður hefur það gerst að slík ólæti og mótmæli eigi sér stað þrjá daga í röð.“**

KOSTAS KYRIAKOPOLOS BLAÐAMAÐUR UM ÓEIRÐIRNAR Í AÞENU.
Fréttablaðið, 9. desember

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MAGNI ÁSGEIRSSON TÓNLISTARMAÐUR

## Fær skammir fyrir að læra ekki heima

„Það er svona helst að frétta að lagið okkar, Sé þig seinna, er eitt vinsælasta lag landsins,“ segir Magni Ásgeirsson, söngvari hljómsveitarinnar Á móti sól. „Svo erum við að fara að spila á balli í Hvíta húsinu á Selfossi á laugardaginn en það er svona einn af heimavöllum hljómsveitarinnar. Á annan í jólum erum við svo að spila á Egilsstöðum en það finnst mér eiginlega skemmtilegasta ball ársins. Þá hittir maður alla þá sem koma heim um jólin og ég má í raun ekkert vera að því að syngja.

Núna er ég í prófum því ég fékk þá frábæru hugmynd í haust að skrá mig aftur í nám við Menntaskólann á Egilsstöðum. Ég er í fjarnámi og er einmitt að læra undir þýskupróf en þýska er eiginlega það eina sem ég á eftir til að verða stúdent. Þar sem konan mín er framhaldsskólakennari fæ ég smá aðhald heima við. Hún kemur stundum fram við mig eins og ég sé einn af krökkunum og skammar mig fyrir að læra ekki nógu mikið heima.

Ég viðurkenni að ég var ekkert rosalega duglegur að læra á menntaskólaárunum. Var svolítið meira að hugsa um að vera í hljómsveit og skemmta mér, eins og maður á að gera þegar maður er í menntaskóla. Ég vissi að þetta væru skemmtilegustu árin en gleymdi bara að maður ætti líka að vera í skólanum. Ég kláraði ekki námið heldur ákvað að elta drauminn, fara til Reykjavíkur og ganga í hljómsveit en hef nú snúið aftur í skólann til að klára þetta.“



## FRÓÐLEIKUR
### WIKIPEDIA

■ Alfræðisafnið Wikipedia hefur verið á Netinu síðan 2001 og vex jafnt og þétt. Í ensku útgáfunni, sem er stærst, eru nú 2,6 milljónir flettiorða, en alls eru til 240 útgáfur á jafnmörgum tungumálum. Íslensk útgáfa af Wikipediu hefur verið á Netinu í fimm ár og nú eru þar rúmlega 23 þúsund greinar, en margar þeirra eru reyndar ekki annað en stubbar. Orðið „Wiki“ er fengið frá Havaí og þýðir „hratt“. Forveri Wikipediu, WikiWikiWeb, var reyndar orðinn að veruleika strax árið 1995.

## SJÓNARHÓLL
MÓTMÆLI

## Örlar á nýjum hugsunarhætti



BALDVIN ESRA EINARSSON

„Mér finnst mótmælin á Austurvelli eiga fyllilega rétt á sér og vona að þau hafi tilætluð áhrif,“ segir Baldvin Esra Einarsson útgefandi. Hann átti erindi til Reykjavíkur um þarsíðustu helgi og skundaði á Austurvöll. „Ástandið og stemningin er tvíþætt. Annars vegar finn ég fyrir því að fólk er kvíðið og mikil óvissa í gangi. Einnig er ákveðinn nýr hugsunarháttur að spretta upp. Í mínum hópi er fólk farið að hugsa hlutina frá öðru sjónarhorni, sjá aðra möguleika,“ segir Baldvin. Hann segir þó fara í taugarnar á sér að áherslan í mótmælunum og fréttaflutningi af þeim, sé ítrekað á það hversu reitt fólk sé. Tilfinningin reiði sé ekki réttu rökin fyrir því að stjórnvöld eigi að fara frá. „Þeir eiga að fara frá af því að þeir brutu af sér og stóðu sig ekki í sínu starfi.“ Baldvin segist hafa á tilfinningunni að heldur fari að draga úr mótmælum, og ekki síður áhuga fjölmiðla á þeim. „Ég vona auðvitað að svo verði ekki og fólk haldi áfram að láta í sér heyra.“



**SKÚTAN Í SMÍÐUM** Starfsmenn Víkurvagna setja þjóðarskútuna saman. Það er eins gott að hún haldi í veðrum og vindum í títtnefndum ólgusjó.

# Skipstjóra vantar á skútu

**Svokölluð Þjóðarskúta hefur verið smíðuð fyrir Mæðrastyrksnefnd en nú vantar aðeins skipstjóra sem mun róa til fjár en ekki fiskjar.**

Starfsmenn Víkurvagna hafa undanfarið bjástrað við smíðar á nýrri þjóðarskútu og fengu þeir sér til aðstoðar gesti sem komu við og völdu sinn bút til að þekja kjölinn. „Nú er skútan tilbúin en það vantar bara skipstjórann,“ segir Jóhannes V. Reynisson frá Víkurvögnum. Þessi þjóðarskúta mun gera út fyrir Mæðrastyrksnefnd sem fær hana afhenta í Smáralind á föstudag en skipstjórans bíður það verkefni að róa til fjár fyrir útgerðina.



**JÓHANNES V. REYNISSON OG SVEINN RÚNAR ÞÓRARINSSON** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Skútan er þannig hönnuð að hún verður lokuð að ofanverðu með tvöföldu gleri,“ útskýrir Jóhannes. „Hins vegar verður rauf á glerinu þar sem fólk getur sett pening inn. Það kemur svo í hlut skipstjórans að róa á góð mið þannig að hann komi helst með fullfermi fjár til Mæðrastyrksnefndar þegar hann kemur að landi,“ segir hann og brosir við. Ekki er ólíklegt að bátasmiðurinn atarna verði á höttunum eftir skipstjóra í Smáralindinni á föstudag.

„Ég varð alveg orðlaus þegar þeir hringdu og sögðu mér frá þessu,“ segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar. „Okkur hér finnst þetta alveg frábært ekki síst fyrir þær sakir að það er svo mikil hugsjón á bakvið þetta. Þannig að þetta er okkur mikil hvatning.“

Hún segist ekki í nokkrum vafa um að góður skipstjóri finnist.

jse@frettabladid.is




Getraunakeppni Stoðkennarans og Fréttablaðsins:

# Sigurvegarinn úr Tjarnarskóla

Eiríkur Erlingsson, nemandi í 9. bekk í Tjarnarskóla, bar sigur úr býtum í fréttagetraun Stoðkennarans og Fréttablaðsins.

Getraunin fór fram í sex lotum á jafn mörgum vikum. Í hverri lotu þurftu þáttakendur að svara tíu spurningum úr fréttum liðinnar viku og tengdust spurningarnar fréttum af fyrstu sex síðum hvers blaðs. Hugmyndin að baki keppninni var að hvetja nemendur til að fylgjast með fréttum líðandi stundar og mynda sér sjálfstæðar skoðanir á ýmsu því sem hæst ber hverju sinni.

Eiríkur, sem sigraði í keppninni, er greinilega með gott fréttanef því hann skoraði fullt hús stiga, eða 60 stig alls. Hann segist ávallt lesa blöðin eftir skóla og reynir að fylgjast vel með fréttum. Starkaður Barkarson, afhenti Eiríki sigurlaunin fyrir hönd Stoðkennarans, bókina Maðurinn – Leiðsögn í máli og myndum. Fast á hæla Eiríki fylgdu tvær stúlkur, Unnur Karen Guðbjörnsdóttir úr Breiðholtsskóla og Halldóra Þóra Birgisdóttir úr Varmárskóla, sem báðar skoruðu 59 stig af 60.

Stoðkennarinn er námsvefur sem býður skólum og einstaklingum upp á gagnvirk námskeið í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og tölvunámi. Námsefnið er einkum sniðið að þörfum elstu grunnskólanna og fyrsta árs nema framhaldsskólanna.



**SIGURLAUNIN AFHENT** Starkaður Barkarson afhendir Eiríki Erlingssyni bókaverðlaun, en Eiríkur skoraði fullt hús stiga í fréttagetrauninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Útgjöldin**

> Verð á hvítum plötulopa, 1 kílói, í nóvembermánuði hvers árs.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** MAGNÚS F. ÓLAFSSON SÁLFRÆÐINGUR

## *Sparaði 100 þúsund kall í kaupunum*

„Bestu kaupin mín eru notaður barnavagn sem ég keypti nýlega en er eins og nýr,“ segir Magnús F. Ólafsson sálfræðingur. „Vagninn er af gerðinni Emmaljunga, sænskur og agalega fínn og vel með farinn. Ég sparaði mér eflaust 100 þúsund kall á þessum kaupum og er afskaplega ánægður með það. Þetta er fimm ára gamall vagn sem aðeins eitt barn hefur sofið í áður. Það var góð kona sem auglýsti þennan vagn á netinu og bauð til kaups á kostakjörum og við kunnum henni góðar þakkir fyrir,“ segir Magnús og bætir við að barnið, sem vagninn sé keyptur fyrir, sé ekki enn komið í heiminn en muni eflaust sofa vel í vagninum þegar þar að kemur.

„Verstu kaupin mín eru þegar ég keypti fjölda varahluta í bifreið á partasölu. Ekki vildi betur til en svo að viku seinna dó bíllinn og partasalan keypti bílinn á minni pening en varahlutirnir höfðu kostað. Þetta var fyrir um ári síðan og voru mín lélegustu kaup. Ég veit ekki hvort ég hef lært neitt á þessum viðskiptum en svona getur þetta snúist í höndunum á manni þegar maður ætlar að vera hagsýnn. Stundum getur verið betra að reikna allt dæmið til enda,“ segir hann og bætir við að fyrri vagninn sé til ómældrar gleði en ekki fólks-vagninn.



**KEYPTI Á MINNI PENING** „Ekki vildi betur til en svo að viku seinna dó bíllinn og partasalann keypti bílinn á minni pening en varahlutirnir höfðu kostað,“ segir Magnús F. Ólafsson sálfræðingur um sín verstu kaup í lífinu.

monaco
glæsilegar veggsamstæður







Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# Ferskvörur ættu að hafa lækkað í verði

**Nokkrir birgjar matvöruverslana hafa tilkynnt um vöruverðslækkanir í kjölfar styrkingar krónunnar. Í einhverjum tilfellum hefur það þegar skilað sér í lægra vöruverði.**

Lægra verðs er tekið að gæta í matvöruverslunum eftir mikla styrkingu krónunnar að undanförnu. Verðbreytinga verður fyrst vart í ferskvörum á borð við grænmeti, sem koma í hús á hverjum degi. Breytingar á verði sérvara taka lengri tíma. Vökulir neytendur ættu þó strax að verða vörulækkana varir í stórinnkaupum helgarinnar.

Nokkrir af stærstu birgjum matvöruverslana hafa tilkynnt um verðlækkun á vörum sínum í kjölfar styrkingar krónunnar. Meðal annars Kornax sem framleiðir hveiti og fleira, Ísam, sem meðal annars er með kex frá Kexsmiðjunni og Gerber-barnamat, og Nathan og Olsen sem hefur lækkað verð á hátt í hundrað vörutegundum.

Krónan styrktist um tuttugu prósent frá því hún var sett á flot á miðvikudag í síðustu viku fram á mánudag. Frá þriðjudegi hefur hún hins vegar veikst aftur um nokkur prósent.

„Flestir birgjanna eru beintengdir við vöruhúsin. Við handfærum svo hverja einustu breytingu og förum strax í að lækka það sem kemur inn,“ segir Sveinn Sigurbergsson, verslunarstjóri Fjarðarkaupa. „Við vorum reyndar ekki hálfnaðir með að hækka verð, enda með tuttugu þúsund vörunúmer. Viðskiptavinir okkar hafa notið góðs af því.“

Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri Krónunnar, segir að það geti tekið allt frá einum degi upp í viku að breyta verði eftir vörulækkun birgja. „Sumt erum við með í daglegum pöntunum. Það skilar sér strax. Það sem við eigum nóg til af tekur lengri tíma.“

„Við erum ekki byrjaðir að kaupa inn á þessu nýja lækkaða verði, þar sem við eigum enn þá birgðir á eldra gengi,“ segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss. Hann segir þær verðhækkanir sem hafa dunið á versluninni ekki hafa komið út í verðlagið að fullu. „En um leið og vörur fara að berast okkur á lægra verði munum við skila því út í verðlagið.“ Þá segist hann eiga von á betra verði á grænmeti og ávöxtum í þessari viku.

Á heimasíðu Neytendasamtakanna, www.ns.is, má sjá lista yfir þá birgja sem tilkynna um lækkun verðs.

holmfridur@frettabladid.is



**AÐEINS ÓDÝRARI** Birgjar eru teknir að lækka verð í kjölfar styrkingar krónunnar. Í einhverjum tilfellum hefur það þegar skilað sér í lægra vöruverði.

**LÆKKANIR Á VÖRUVERÐI Í KJÖLFAR STYRKINGAR KRÓNUNNAR**

| Vara | Lækkun |
|---|---|
| Kex frá Frón | 3,3% |
| Cheerios | 13,0% |
| Cocoa Puffs | 13,0% |
| Ariel-þvottaefni | 11,0% |
| Lenor-mýkingarefni | 11,0% |
| Nesquik-kakóduft | 11,1% |
| Always-dömubindi | 11,0% |
| Gerber-barnamatur | 10,5% |
| Merrild-kaffi | 10,5% |
| L'Óreal-sjampó | 10,5% |
| Gatorade-drykkir | 10,5% |
| Kornax-hveiti | 11,7% |
| Royal Canin-dýrafóður | 30,0% |

Upplestur úr jólabókum
á Háskólatorgi
í dag 11. des. kl. 16

Bjartur

Algleymi
Hermann Stefánsson

Karlar sem hata konur
Halla Kjartansdóttir

Vargurinn
Jón Hallur Stefánsson

Glíman við Guð
Árni Bergmann

Skuggamyndir úr ferðalagi
Óskar Árni Óskarsson

Hallgrímur
Úlfar Þormóðsson

Rökkurbýsnir
Sjón

- Tilboð á jólabókum
- Háma með kaffi og meðlæti
- Vefverslun opin allan sólarhringinn www.boksala.is

bóksala stúdenta
Háskólatorgi Sími 570 0777 boksala@boksala.is www.boksala.is

**MATUR & NÆRING** GUÐRÚN E. GUNNARSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Kæst skata – óæti eða hnossgæti



Lengi hefur kæst skata verið órjúfanlegur hluti af jólahaldi. Hin síðari ár hefur hún þó fengið meiri virðingarsess þar sem veitingahús keppast við að bjóða upp á skötu á Þorláksmessu og skötuilminn eða skötufnykinn leggur um alla höfuðborgina.

Áður fyrr þurfti ekki Þorláksmessu til að bjóða upp á skötu, því skata var næstum jafn sjálfsagður hluti af hversdagslegum kosti og saltfiskur eða siginn fiskur. En hefðir eru skemmtilegar og tilhlökkunin nú á tímum eftir skötuveislunni á „Þorlák“ er ekki minni en eftir rjúpnaveislunni á aðfangadag. Ekki eru þó allir sammála þessu og skilja ekki hvers vegna í ósköpunum er verið að bjóða upp á þennan „skemmda“ mat og lykt sem aldrei ætlar að fara úr húsinu.

Vissulega má með sanni segja að kæst skata sé ekki ferskur matur. Brjóskfiskar, eins og skata og hákarl innihalda mikið af þvagefni í holdi þar sem útskilnaður á úrgangsefnum er með öðrum hætti en í beinfiskum. Við dauða og niðurbrot skapast því allt aðrar aðstæður fyrir örverur en í beinfiskum.

Hefðbundar skemmdar örverur ná sér ekki á strik, heldur ná örverur sem geta brotið niður þvagefnin yfirhöndinni. Við það myndast ammóníak, sem ásamt öðrum niðurbrotsefnum gefur þennan yndislega fnyk og bragð, sem fólk kann svona misjafnlega að meta.

Hefð fyrir kæstri skötu er ættuð frá Vestfjörðum. Þar hefur skata verið verkuð á þennan hátt um aldir en hefðin er einnig rík um allt Vesturland og á höfuðborgarsvæðinu. Kæsing á skötu tekur a.m.k. fjórar vikur, en það fer þó svolítið eftir hitastigi og eins hversu kæst eða bragðsterk hún á að vera. Í kæsingunni er hún eins og nafnið bendir til látin liggja í kös í körum og er vökva hleypt af kösinni af og til þannig að hún liggi ekki í vökvanum sem kemur frá henni.

Þegar skatan þykir orðin hæfilega kæst er hún tilbúin til neyslu, en einnig er þá hægt að setja hana í frost þannig að hún kæsist ekki frekar. Algengt var á Vestfjörðum að þurrka sköuna eftir kæsingu. Þá veiddist þar einnig meira af „stóru skötu“ og voru skötubörðin hengd upp til þurrkunar. Í dag veiðist hins vegar mest af annarri skötutegund, tindabikkju sem er mun minni.

Á Suður- og Vesturlandi er skatan yfirleitt ekki látin kæsast eins lengi, en eftir kæsinguna er hún sett í saltpækil. Þannig er á boðstólum í fiskbúðum skata sem ýmist er bæði söltuð og kæst eða bara kæst. Þykir Vestfirðingum jafnan mest varið í sköuna ef hún er vel kæst og helst þannig að þefinn leggi fram úr nefinu, en skötuaðdáendur ættu þó allir að fá eitthvað við sitt hæfi.



mni.is


TaL
12.000 kr.
notkun fylgir öllum símum.
1.000 kr notkun á mánuði
í 12 mánuði.
ALLIR GSM SÍMAR
Á 0 KR.
ÚTBORGUN
Sony Ericsson F305
útborgun
0kr.
Afborgun 2.583 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Fæst líka í svörtu.
Sony Ericsson Z770i
útborgun
0kr.
Afborgun 3.583 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Sony Ericsson W380i
útborgun
0kr.
Afborgun 2.916 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Veldu þér þann sem þér þykir bestur.
Sony Ericsson W302
útborgun
0kr.
Afborgun 2.499 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Sony Ericsson W350i
útborgun
0kr.
Afborgun 2.666 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
Ferðahátalari fylgir með.
Sony Ericsson T280i
útborgun
0kr.
Afborgun 1.499 kr. /mán.*
1.000 kr. notkun fylgir!
*Miðað við 12 mánaða vaxtalausa afborgun.
Tal – Kringlunni.
Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is




# Ódýrari jólagjafir



1.999
~~3.499~~

**Bita- toppasett**
**Hitachi,** 60 stk.
5249147



23.849

**Þrekhjól**
Hljóðlátt m/segulviðnámi
Mælir og sýnir tíma, vegalengd, hraða, sveifarsnúning.
Púls í handskynjurum
Þyngdarstilling á bilinu 1 - 10
3899530



4.290
~~5.349~~

**Vöfflujárn**
**Bomann** Estate
1840842



3.849
~~4.799~~

**Samlokujárn**
**Bomann** Estate
1840843



5.999

**2 rafhlöður**
**Hleðsluborvél**
**Verto,** 14.4V, taska og 2 rafhlöður fylgja.
5245006



2.999

**Hnífasett**
2009556




## Gjafakort

Gjafakort Húsasmiðjunnar og Blómavals eru frábær lausn fyrir þá sem þurfa að finna gjöf en geta ekki ákveðið hvað á að gefa. Kortin gilda í öllum verslunum Húsasmiðjunnar og Blómavals um land allt.

blómaval

HÚSASMIÐJAN

# 20% afsláttur

af öllu jólaskrauti og skreytingarefni













# Íslensk jólatré

## - Nóa konfektkassi fylgir

Veljum íslenskt

## Kaupauki

Nóa konfektkassi nr. 5 fylgir öllum íslenskum jólatrjám

Tilboðið gildir í Skútuvogi, Grafarholti, Akureyri, Selfossi og Egilsstöðum.

**Gildir fimmtud. - sunnud. meðan birgðir endast**



### Lifandi jólatré, verðlisti 2008

| Normannsþinur | | Rauðgreni (Veljum íslenskt) | Stafafura (Veljum íslenskt) |
|---|---|---|---|
| Hæð í cm | verð | verð | verð |
| 70-100 | 2.990 | 1.599 | 1.999 |
| 101-150 | 4.990 | 2.799 | 3.999 |
| 151-200 | 5.990 | 4.999 | 6.999 |
| 201-250 | 6.990 | 8.699 | 10.999 |

## Opið

**til kl. 22:00 alla daga til jóla**

í Blómavali og Húsasmiðjunni Skútuvogi

Skógræktarfélag Íslands og Húsasmiðjan/Blómaval vinna saman að ræktun íslenskra jólatrjáa.

**Veljum íslenskt.**

Skógræktarfélögin

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
389 **-1,49%**

**Fjöldi viðskipta:** 135
**Velta:** 187 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALU.** | 12,00% | **EXISTA** | 64,29% |
| **ATLANTIC PETR.** | 2,40% | **MAREL** | 2,74% |
| **BAKKAVÖR** | 1,71% | **STRAUMUR** | 2,73% |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 198,6 +4,14%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,90 +0,00% ... Bakkavör 3,58 +1,71% ... Eimskipafélagið 1,33 +0,00% ... Exista 0,05 -64,29% ... Icelandair Group 13,20 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 78,10 -2,74% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,85 -2,73% ... Össur 99,50 +1,02%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Eins og í Bond-mynd

Alonso Perez, sem var efnahagsráðgjafi forseta Ekvador um aldamótin, þegar landið tók ákvörðun um einhliða upptöku dollars, sótti landið heim í byrjun vikunnar. Í Ekvador hrundi bankakerfið líkt og hér, þótt ástandið hafi kannski orðið sýnu alvarlegra. Greining Glitnis segir atburðarásina helst minna á Bond-mynd, þar sem við sögu koma öryggisvarðar leiguflugvélar og mannlaus seðlabanki. „Leiguflugvélarnar voru notaðar til að skipta út öllum seðlum í dollara í útibúum og hraðbönkum og Seðlabankinn var mannlaus vegna þess að aðgerðin var gerð í andstöðu við starfsmenn bankans," segir í umfjöllun Glitnis. Það skyldi þó ekki vera að hér yrði að viðhafa svipuð vinnubrögð verði ofan á hugmyndir um einhliða upptöku annarrar myntar.



### Ósjálfrátt viðbragð

Opnun vefsíðu samtaka óánægðra fjárfesta sem peninga áttu í peningamarkaðssjóðum Landsbankans virðist hafa dugað til að hreyfa við þeim sem nú stýra bankanum. Síðan fór í loftið í gær og samdægurs voru forsvarsmenn boðaðir á fund með Elínu Sigfúsdóttur bankastjóra, Ásmundi Stefánssyni formanni bankastjórna og fleiri forkólfum bankans. Líklegt er að opnun síðunnar hafi þótt til marks um að framtakið væri að vinda upp á sig. Á vefnum, sem ber slóðina rettlaeti.is, kemur fram að hópurinn telji um 500 manns eins og er. Forsvarsmenn hans segja hins vegar rúm til örrar fjölgunar því átta til tíu þúsun hafi tapað peningum í peningamarkaðssjóðum Landsbankans.

## Vissi ekki um eign Baldurs

**Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra kannast ekki við að hafa vitað um hlutafjáreign Baldurs Guðlaugssonar, ráðuneytisstjóra í fjármálaráðuneytinu, í Landsbanka Íslands.**

**Baldur átti hlut í bankanum sem hann seldi fyrir hrunið, eftir að hafa setið fund með Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta, í haust. Ekki hefur verið upplýst hvenær Baldur seldi né hversu mikið hann átti.**

**Helgi Hjörvar alþingismaður spurði viðskiptaráðherrann um þetta á Alþingi í gær og ræddi þar um „umtalsverða" og „verulega" eignarhluti ráðuneytisstjórans í bankanum.** - ikh


# Gorenje veggháfur



PIPAR • SÍA • 82341

60 cm

**Gufugleypir** DK450E

Ryðfrítt stál. Breidd: 60 cm. Afstillingar: 3.
Hljóðstig (max.): 58 dB(A).
Afkastageta með kolasíu: 450 m³/klst.
Þvermál loftops: 15 sm.

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011 Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800 Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


# Lífeyrissjóðirnir traustir þrátt fyrir hrun banka

**Eignir lífeyrissjóðanna skruppu saman um ellefu prósent í október. Þrátt fyrir þetta er staða þeirra gríðarsterk. Sjóðirnir halda að sér höndum nú um stundir. Við það bólgna út innistæður þeirra í bönkum.**

„Það eru fáir fjárfestingakostir í boði í dag," segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Hrein eign lífeyrissjóðanna nam 1.636 milljónum króna í lok október. Þetta er rétt rúmlega 202 milljarða króna lækkun frá lokum september, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum.

Þetta eru jafnframt fyrstu tölur sem birtast um efnahag og eignastöðu lífeyrissjóða landsins eftir bankahrunið í október.

Niðurstaðan jafngildir ellefu prósenta lækkun á milli mánaða. Þrátt fyrir þetta hafa heildareignir sjóðanna aukist um rúm 8,3 prósent frá áramótum.

Greiningardeild Glitnis segir í Morgunkorni sínu í gær íslenska



**HRAFN MAGNÚSSON** Lífeyrissjóðir landsins sjá fáa fjárfestingakosti í augnablikinu, segir framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

lífeyrissjóðakerfið eitt af þeim öflugustu á byggðu bóli þrátt fyrir bankahrunið. Þó séu talsverðar líkur á frekari rýrnun eigna á næstu mánuðum.

Verðmæti innlendra hlutabréfa lífeyrissjóðanna féll um 75 prósent í október. Verðmætið nam 141,2 milljörðum króna í lok september en stóð í 35,2 milljörðum mánuði síðar.

Verðmæti erlendra hlutabréfa lífeyrissjóðanna lækkaði talsvert minna á sama tíma. Fór úr 87,3 milljörðum króna í 81,3 milljarða. Það jafngildir 6,9 prósenta lækkun.

Á sama tíma og hlutabréfaeignin skrapp saman hafa sjóðir og bankainnistæður lífeyrissjóðanna bólgnað út. Í lok síðasta árs lágu tæpir 45 milljarðar króna í bókum lífeyrissjóðanna. Upphæðin stóð í 84,7 milljörðum í lok september. Kippur kom í sjóðsbækur í október þegar íslenskur bankaheimur fór á hliðina. Þegar mánuðurinn var á enda nam upphæðin þar rúmum 137 milljörðum króna.

Hrafn vildi lítið tjá sig um málið í gær. Hann sagði þó að hvorki árferði né aðstæður byði upp á mikla hreyfingu. Hafi lífeyrissjóðirnir haldið að sér höndum eftir bankahrunið í október.

Í Fréttablaðinu í byrjun mánaðar kom fram að hömlur á gjaldeyrisviðskipti eigi sinn þátt í því að binda hendur sjóðanna.

Von er á frumvarpi á Alþingi þar sem hreyft verður við fjárfestingaheimildum lífeyrissjóðanna. Gangi það eftir er almennt reiknað með rýmri heimildum þeirra til fjárfestinga, svo sem í óskráðum fyrirtækjum. Búist er við að hreyfing komist á sjóðsbækur í kjölfarið.

jonab@markadurinn.is


**CCP hf., kt. 450697-3469, hefur birt lýsingu vegna töku víxla til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. og gert aðgengilega almenningi frá og með 11. desember 2008.**

Eftirfarandi víxlaflokkur hefur verið gefinn út:

- Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.250.000.000 var gefinn út þann 28. júlí 2008 og er auðkenni flokksins í NASDAQ OMX Iceland hf. CCP 09 0728. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubréf, hver víxill er að fjárhæð kr. 10.000.000 og skulu víxlarnir endurgreiðast þann 28. júlí 2009. Víxlarnir verða teknir til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. þann 11. desember 2008.

Lýsingu þessa er hægt að nálgast hjá útgefanda CCP hf., Grandagarði 8, 101 Reykjavík í eitt ár frá birtingu lýsingarinnar. Lýsinguna er einnig hægt að nálgast á vefsetri útgefanda CCP, www.ccp.is. Umsjónaraðili skráningarinnar er Nýi Kaupþing banki hf.

Reykjavík 11. desember 2008

CCP KAUPÞING


# Frjóar hugmyndir sprottnar fram

„Stefnan var aldrei að búa til fyrirtæki úr hugmyndunum sem urðu til á Hugsprettu. Við tókum þær saman, unnum úr þeim og vonum nú að einhverjir taki boltann," segir Svanlaug Jóhannsdóttir, verkefnastjóri hjá Klaki.

Hún segir tilgang Hugsprettu hafa verið að sanna að unnt væri að búa til eitthvað úr engu.

Klak og Innovit stóðu ásamt stúdentafélögum nokkurra háskóla að ráðstefnunni Hugspretta – landnám nýrra hugmynda, skömmu eftir bankahrunið í október. Þar héldu nokkrir frumkvöðlar erindi en síðan var þátttakendum, rúmlega 200 talsins, skipt upp í vinnuhópa þar sem hugmyndir að atvinnuskapandi verkefnum spruttu fram.



**INNOVIT-MAÐUR OG KLAK-KONA** Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovits, og Svanlaug Jóhannsdóttir, verkefnastjóri hjá Klaki, sem stóðu að baki Hugsprettu í október.

„Ef maður hefur einhvern tíma gert eitthvað vel þá eru meiri líkur á að maður geri það aftur. Við vonum að þetta hafi skilað einhverju til þeirra sem tóku þátt í Hugsprettu," segir Svanlaug. - jab

**NOKKRAR HUGMYNDIR:***

- Information Pilot Project - Ísland verði markaðssett sem tilraunamarkaður fyrir alþjóðleg stórfyrirtæki.
- Fjölskyldugróðurhúsið – Íslensk framleiðsla verði einstök í heiminum, þ.e. vönduð, lífrænt ræktuð framleiðsla og að varan verði persónugerð með því að merkja hana t.d. bóndanum eða sveitinni.
- Heimskautasetur – Hnattræn staða og þróað samfélag Íslands verði nýtt til þess að vera eins konar stökkpallur til norðurpólsins.
- Adopt-a-tourist – Íslendingar bjóða útlendingum gistingu í heimahúsum.
- Handritavinnusetur – Handritabúðir fyrir innlenda sem erlenda rithöfunda og efla skapandi skrif ungmenna á mennta- og grunnskólastigi.

* Fleiri hugmyndir og útfærslur er að finna á vef Klaks, www.klak.is

# Dræm þátttaka í útboði ríkisbréfa

Tilboðum að upphæð 11,5 milljörðum króna að nafnverði var tekið í útboði á nýjum flokki ríkisbréfa sem fram fór í gærdag hjá Seðlabanka Íslands. Fyrirfram var búist við meiri þátttöku.

Þátttakan nú er heldur minni en í sambærilegu útboði sem fram fór í síðustu viku þar sem seldust ríflega 15 milljarðar. Útboðunum var meðal annars ætlað að mæta innlausn á öðrum ríkisbréfaflokkum, en greiðslu og uppgjörsdagur þeirra er á morgun. Ríkið þarf þá að greiða út nálægt 74 milljörðum króna.

„Jafndræm þátttaka hlýtur að vera ákveðið áhyggjuefni fyrir ríkisstjórnina og Seðlabankann," segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur Greiningar Glitnis. „Einn megintilgangur þessa útboðs var að bjóða þeim sem eiga ríkisbréf á gjalddaga á föstudaginn kost á að framlengja í þeim stöðum." Hann segir jafnframt talið að meirihluti eigenda ríkisbréfaflokksins sem þá verði gerður upp sé útlendingar. Þá bendir hann á að samanlögð kaup í nýafstöðnum ríkisbréfaútboðum ríkisins nemi aðeins 26 til 27 milljörðum króna, á móti um það bil hundrað milljörðum á gjalddaga á morgun. „Mismuninn þarf ríkissjóður að greiða út," segir hann. Um leið sé ekki vitað hvað erlendir eigendur þessara peninga ætli að gera við þá, því utan vaxtagreiðslna séu þeir í raun fastir í landinu. „Þeir hljóta að fara á einhvers konar innistæður í bili og verður forvitnilegt að sjá hvað verður í framhaldinu." - óká



**JÓN BJARKI BENTSSON**



COMFORT solutions®
By King Koil®
OPIÐ
laugardag
frá kl.11-17
og sunnudag
frá kl. 12-16
JÓLATILBOÐ
CHERY
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 349.850 kr.
NÚ 244.895 kr.
= 104.955 kr. AFSLÁTTUR!
VIKTORIA
Rúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 339.900 kr.
NÚ 237.930 kr.
= 101.970 kr. AFSLÁTTUR!
PRIME
Leðurrúmstæði með heilsudýnu (160x200). Innifalið botn, rammi og gafl. Hægt er að velja um fjórar tegundir af heilsudýnum.
Áður 247.181 kr.
NÚ 173.027 kr.
= 74.154 kr. AFSLÁTTUR!
AMERÍSKAR HEILSUDÝNUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI
King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum frá 1898 eða í 110 ár. King Koil framleiðir nú einu rúmin sem eru bæði með vottun frá FCER (Alþjóðarannsóknasamtökum kíropraktora) og Good Housekeeping (stærstu neytendasamtökum Bandaríkjanna).
LIMITED WARRANTY TO CONSUMERS Good Housekeeping Promises REPLACEMENT OR REFUND IF DEFECTIVE
ADVENTURE BXPL
Queen size (153x203)
Verð 303.900 kr.
JÓLATILBOÐ 219.000 kr.
= 85.920 kr. AFSLÁTTUR!
CASTAWAY
Queen size (153x203)
Verð 220.000 kr.
JÓLATILBOÐ 159.500 kr.
= 60.500 kr. AFSLÁTTUR!
AVERY
Queen size (153x203)
Verð 155.000 kr.
JÓLATILBOÐ 99.500 kr.
= 55.500 kr. AFSLÁTTUR!
ADVENTURE BXPL
• 5 svæðaskipt gormakerfi
• 7 svæðaskipt svefnsvæði
• svefnsvæði er úr þrýstijöfnunarsvampi og latexi sem skorið er með leysi (laser).
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Stuðningur við bak
• Steyptir kantar
• 20% stærri svefnflötur
CASTAWAY
• 5 svæðaskipt svefnsvæði
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir fullkomna slökun
• Stuðningur við bak
• Steyptir kantar
• 20% stærri svefnflötur
AVERY
• 3 svæðaskipt svefnsvæði
• Lagar sig að líkamanum
• Veitir góða slökun
• Stuðningur við bak
• Tvíhert sérvalið stál í gormum
• Styrktir kantar
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Staða Íslands í hugsanlegum aðildarviðræðum:

# Stuðningur Norðurlanda dýrmætur

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Ef og þegar til þess kemur að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu getur það reitt sig á að norrænu ESB-ríkin þrjú, Svíþjóð, Finnland og Danmörk, munu gera það sem í þeirra valdi stendur til að stuðla að því að komið verði til móts við samningsmarkmið Íslendinga, þar með talið við sérlausn í sjávarútvegsmálum sem gæti falizt í að Íslandsmið (þar sem eru staðbundnir fiskistofnar sem ekki eru sameiginlegir lögsögu neins annars lands) verði skilgreind sem sérstakt fiskveiðistjórnunarsvæði innan sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins. Þetta mat staðfestir Göran Persson, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, í samtali við Fréttablaðið í dag.

Persson segir ennfremur að eftir þá forkastanlegu framkomu sem Bretar hafi gert sig seka um í garð Íslendinga þegar íslenzku bankarnir sigldu í þrot ættu Íslendingar jafnframt að geta reitt sig á að Bretar gerðu það sem í þeirra valdi stæði til að koma til móts við Íslendinga, ákveði þeir að sækjast eftir aðild að ESB. Persson segist ennfremur telja að óhugsandi væri að Bretar hefðu komið svona fram ef Ísland hefði verið innan ESB.

Þessi orð Perssons gefa fyrirheit um að undirbúi Íslendingar aðildarviðræður vel ættu þeir að geta gert sér vonir um að fá sanngjarnar móttökur af hálfu ESB. Fyrir því að út úr viðræðunum komi aðildarsamningur sem meirihluti íslenzkra kjósenda getur fallizt á er hins vegar engin trygging. Allra sízt ef lagt yrði upp í þær viðræður með því hugarfari sem til mynda Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, hefur lýst, það er að gera aðildarsamning sem hann síðan vonist til að þjóðin felli.

Finninn Olli Rehn, sem fer með stækkunarmál Evrópusambandsins í framkvæmdastjórn þess, talaði líka um aðildarhorfur Íslands á opnum fundi í gær, eins og sagt er frá í frétt í blaðinu í dag. Í svörum við fyrirspurnum áheyrenda lýsti hann því hve hann fyndi persónulega til mikillar samúðar og samstöðu með Íslendingum, þar sem hann var sjálfur einn af ráðgjöfum finnsku ríkisstjórnarinnar þegar Finnar gengu í gegnum mikla kreppu á tíunda áratugnum. Mikilvægur þáttur í leið Finna út úr kreppunni var að hans sögn að ganga í ESB og taka upp evruna.

Bæði Svíar og Finnar sömdu um inngöngu í ESB þegar þeir voru í miðri efnahagskreppu. Það má raunar segja að það sé undantekning að ríki hafi samið um inngöngu í ESB án þess að vera í efnahagslegri eða pólitískri kreppu, nema hvort tveggja væri. Það má jafnvel halda því fram að samningsstaða Íslands væri betri undir núverandi kringumstæðum en á uppgangstímum, þar sem mun minni líkur eru á því undir núverandi kringumstæðum að grannríkin, sem Íslendingar eiga óhjákvæmilega í mestum hagsmunaárekstrum við, gangi á lagið og reyni í aðildarviðræðum að ota sínum sérhagsmunatota gagnvart Íslendingum. Ekki er ástæða til annars en að ætla að norrænu ESB-ríkin muni ganga fram af fullum heilindum við að gera það sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að Ísland fái sem beztan aðildarsamning. Hinar ESB-þjóðirnar deila líka eflaust þeirri von með norrænu ESB-þjóðunum þremur að takist að semja um aðild Íslands þá muni það ýta við Norðmönnum að gera það einnig.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun

föstudagur

Rósa Guðmundsdóttir

Ævintýrin gerast í New York





FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óháðu aðilarnir

KPMG sendi frá sér fréttatilkynningu í fyrradag vegna starfa fyrirtækisins fyrir skilanefnd Glitnis. Í tilkynningunni kom fram að Fjármálaeftirlitið hefði falið skilanefndum Glitnis að ráða óháðan aðila til að kanna ákveðin atriði í tengslum við bankahrunið. Glitnir leitaði því til KPMG. Hæfi KPMG í þessu máli var hins vegar dregið í efa og tilkynnti fyrirtækið því að það ætlaði að fá sérstakan óháðan aðila til að rannsaka þau álitamál sem uppi voru. Til þess kom þó ekki því KPMG sagði sig frá verkinu í gær.




### Ormurinn

Það er dálítil synd því það hefði óneitanlega verið forvitnilegt að vita hvaða óháði aðili hefði verið fenginn til að rannsaka óháða aðilann sem átti að rannsaka Glitni. Og spurning hvort það þurfti þriðja óháða aðilann til að rannsaka hæfi hans.



### Steini skálar í kóki

Markaðs- og miðlarannsóknir ehf. birtu í gær niðurstöður sínar úr könnun á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins. Þar kennir ýmissa grasa. Fróðlegt er til dæmis að sjá að fleiri bera meira traust til hins rótgróna vörumerkis Coca Cola en til sjávarútvegsins, lífeyrisjóðanna, Evrópusambandsins, fjölmiðla, ríkisstjórnarinnar, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþingis, Seðlabankans og Fjármálaeftirlitisins. Þorsteinn Jónsson, starfandi stjórnarformaður Vífilfells, hlýtur að una vel við þennan góða árangur.

bergsteinn@frettabladid.is

# Kreppur fyrr og nú



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Kreppan í sögulegu ljósi

Fjármálakreppur fylgja frjálsum markaðsbúskap líkt og farsóttir fylgja mönnum. Kreppurnar hafa orðið viðráðanlegri með tímanum eftir því sem þekkingunni á eðli þeirra og afleiðingum og réttum viðbrögðum við þeim hefur farið fram, en þær eru samt ekki úr sögunni. Lítum yfir sviðið.

### Röng viðbrögð þá

Kreppan mikla 1929-39 hófst með hruni í kauphöllinni í New York. Verð hlutabréfa féll um nær helming í einni svipan, en það hafði að vísu nærri tvöfaldazt frá árinu áður. Eignatjónið af völdum kreppunnar var mun minna en eignasöfnunin í uppsveiflunni árin næst á undan.

Eigi að síður varð eftirleikurinn hörmulegur, fyrst í Bandaríkjunum, þar sem framleiðsla minnkaði um nær þriðjung og atvinnuleysi gróf um sig, og síðan einnig í Evrópu með svipuðum afleiðingum. Þessum hörmungum ollu einkum röng viðbrögð stjórnvalda við kreppunni. Seðlabanki Bandaríkjanna horfði upp á það aðgerðarlaus, að peningamagn dróst saman um fjórðung 1929-33. Þá vissu menn ekki, að aukning peningamagns – peningaprentun – gæti örvað atvinnulífið. Ríkisútgjöld voru látin standa í stað, enda vissu menn þá ekki heldur, að aukin útgjöld og hallarekstur ríkisins vinna gegn samdrætti framleiðslu og auknu atvinnuleysi. Við þetta bættist, að Bandaríkjaþing ákvað að hækka tolla af innflutningi um helming og kallaði á verndartollahækkun til mótvægis af hálfu viðskiptaþjóða Bandaríkjanna, svo að erlend viðskipti og fjármagnsflutningar drógust saman og dýpkuðu kreppuna. Menn vissu ekki þá, að erlend viðskipti eru lyftistöng undir framleiðslu og atvinnu í bráð og lengd.

### Rétt viðbrögð nú

Nú vita menn meira eða þykjast vita með reynslu fyrri tíðar að leiðarljósi, og þess vegna er að minni hyggju engin ástæða til að óttast, að sagan frá 1929-39 endurtaki sig. Viðbrögð stjórnvalda vestan hafs og í Evrópu við fjármálakreppunni nú eru í aðalatriðum rétt, þótt deila megi um tímasetningar og æskilega stærð lyfjaskammtanna. Stjórnvöld reyna að tryggja, að peningamagn skreppi ekki saman heldur aukist, svo að bankar eigi laust fé til að lána viðskiptavinum sínum. Hér er að vísu við þann vanda að glíma, að vextir eru nú víða erlendis svo lágir, að frekari vaxtalækkun dugir ekki til að örva lántökur. Þetta er kallað lausafjárgildra og lýsir sér þannig, að fólk og fyrirtæki kjósa að geyma laust fé frekar en að verja því til framkvæmda, þar eð þær eru ekki í svipinn taldar skila neinum umtalsverðum ávinningi. Þannig háttaði til í Japan á týnda áratugnum þar 1990-2000. Ein leið til að losna úr lausafjárgildru er að ýta undir verðbólgu til að koma raunvöxtum niður fyrir núllið, en Seðlabanki Japans var tregur til að hlíta því ráði í ljósi skaðans af völdum verðbólgu á fyrri tíð.

Undir þessum kringumstæðum er nærtækast að grípa til örvandi aðgerða í fjármálum ríkis og byggða með því að auka útgjöld, lækka skatta og umbera hallarekstur almannavaldsins um skeið, svo sem Japanar hafa gert, og vinda síðan ofan af hallanum, þegar um hægist og hættan er liðin hjá. Áform um slíkar aðgerðir eru nú uppi í Bandaríkjunum og Evrópu. Indland, Japan og Kína þurfa að leggjast á sömu sveif. Telja má víst, að ný ríkisstjórn Baracks Obama fari þessa leið, enda þarfnast Bandaríkin endurnýjunar á vanræktum innviðum, einkum vegum og brúm. Nú er rétti tíminn til að ráðast í slíkar endurbætur til að sporna gegn samdrætti og atvinnuleysi. Evrópulöndin hafa minni þörf fyrir slíkar umbætur, svo að skattalækkun þar gæti þótt eiga betur við. Ein helzta hættan fram undan er, að samræmdar aðgerðir í ríkisfjármálum láti á sér standa vegna innbyrðis ósamkomulags um áherzlur og útfærslur. En reynslan varðar veginn. Rétt viðbrögð stjórnvalda sáu til þess, að verðbréfahrunið í New York 1987 varð ekki að kreppu. Rétt viðbrögð stjórnvalda gerðu sitt til að stytta tímann, sem það tók Norðurlönd og síðan Asíulönd að rétta úr kútnum eftir fjármálakreppurnar þar fyrir 10-20 árum. Ef undirstaðan er sterk, þarf bilun í yfirbyggingunni ekki að skipta sköpum.

### Ný lög, hert eftirlit

Stjórnvöld þurfa að gera meira en að örva heimsbúskapinn í bráð til að kæfa kreppuna. Þau þurfa einnig að styrkja innviði fjármálakerfisins til að draga úr líkum þess, að atburðir síðustu mánaða og missera endurtaki sig. Þörf er á nýrri löggjöf gegn vafasömum viðskiptaháttum í bönkum og öðrum fjármálastofnunum í anda gildandi laga gegn skottulækningum og einnig á hertu fjármálaeftirliti.

# Djúpt mat á ESB

**UMRÆÐAN**

Darri Gunnarsson skrifar um Evrópumál



DARRI GUNNARSSON

Í leiðara Fréttablaðsins, þriðjudaginn 9. desember, skrifar Þorsteinn Pálson um ESB-umræðuna. Hann vill forðast slagorðakenningar og vill dýpka umræðuna í breitt og málefnalegt mat á heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Í leiðara sínum bendir Þorsteinn á slagorðakennd andmæli andstæðinga aðildar og að í þeirra huga snúist málið um það hvort gefa eigi útlendingum fiskimiðin. Hann telur veruleikann flóknari og kallar eftir betri rökum sjávarútvegsins.

Fólk í sjávarútvegi hefur verið duglegt að benda á aðstæður í sjávarútvegi ESB og heimfæra þær upp á aðstæður hér á landi. Þorsteinn gerir lítið úr þessu. Slagorð fylgjenda ESB-aðildar virðast einnig fara fram hjá honum. Þorvaldur Gylfason, segir að skerða verði fullveldið til að vernda það. Gylfi Magnússon segir að valið standi á milli ESB og hafta- og einangrunarbúskapar. Þetta eru slagorðin úr Háskóla Íslands. Í stuttum leiðara er fullyrt að fjármálastöðugleika verði ekki náð með íslenskri krónu, einhliða upptaka annars gjaldmiðils sé tæplega fær og Evrópusambandsaðild og samhliða upptaka evru muni því styrkja sjávarútveginn. Djúpt mat höfundar mun að líkindum leiða kosti ESB-aðildar í ljós.

Mat á hagsmunum aðildar Íslands að ESB er flókið. Gallinn er sá að útkoman fer eftir því hver reiknar dæmið. Leiðari Fréttablaðsins er gott dæmi um það. Niðurstaða Þorsteins er ljós. Við eigum að fara í ESB og fá undanþágu frá sjávarútvegsstefnu sambandsins.

Nú vilja margir skoða og meta hagsmuni Íslendinga af Evrópusambandsaðild. Við mat verður reynt að meta aðild eftir peningalegum mælikvörðum. Þannig metum við nú hagsmuni! Í þessu dæmi á að reikna hvort það borgi sig að skerða fullveldi þjóðarinnar. Þetta reiknisdæmi óttast ég, þetta á ekki að reikna. Aðild Íslands að ESB þýðir að áhrif erlendra embættismanna aukast hér á landi. Áhrif íslensku þjóðarinnar minnka. Þetta snýst um grundvallaratriði. Fullveldi Íslands. Það er skýrt, Evrópusambandið er flókið. Höfum það einfalt. Einfalt fullvalda Ísland.

*Höfundur er framkvæmdastjóri InterSeafood.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*






# PISTASÍULAMB
## Í HUNGANGSSINNEPSHJÚPI

**FYRIR 6 MANNS**

- 1 STK LAMBALÆRI
- 6 BÖKUNARKARTÖFLUR
- 3 STK STEINSELJURÆTUR
- 6 GULRÆTUR
- 100 G PISTASÍUHNETUR
- 100 G HUNANG
- 100 G GRÓFKORNA SINNEP
- 2,5 DL RJÓMI
- 30 G ÞURRKAÐIR VILLISVEPPIR
- 8 FLÚÐASVEPPIR
- 1 SKARLOTTLAUKUR
- 2 HVÍTLAUKSGEIRAR
- ½ BÚNT STEINSELJA
- 1 FLASKA RAUÐBEÐUSAFI
- 2 GLÖS RAUÐVÍN
- 1 STK KANILSTÖNG
- LAMBAKRAFTUR
- FERSKT ÍSLENSKT TÍMÍAN OG RÓSMARÍN

Gulrætur og steinseljurætur skrældar og skornar gróft niður. Því næst eru þær forsoðnar í u.þ.b. 4-5 mín. Setjið þær síðan í eldfast mót og leggið til hliðar. Skerið lykilbeinið í lærinu frá við hækilinn. Hrærið saman gróft sinnep og hunang, smyrjið yfir lambalærið ásamt salti og pipar. Gætið þess að nota bara helminginn af hunangsblöndunni í fyrsta skiptið. Leggið lambalærið ofan á grænmetið í eldfasta mótinu og steikið í ofni við 160° (miðað við 45 mín. á kíló). Hafið lok á mótinu síðasta korterið. Takið lokið af og smyrjið afganginum af hunangsblöndunni yfir lambið og stráið síðan söxuðum pistasíunum yfir. Hækkið þá ofninn í 175°. Skrælið kartöflurnar, brytjið þær niður og sjóðið í 3-5 mín. Leggið villisveppina í bleyti í vatn. Skrælið laukinn og hvítlaukinn og látið krauma á pönnu. Skerið flúðasveppina og bætið á pönnuna, því næst kartöflunum og villisveppunum. Hellið svo rjómanum út á og setjið allt í eldfast mót. Bakið þetta í ofni í 30 - 45 mín. um leið og lambið.

### Sósa

Sjóðið rauðbeðusafann og rauðvínið niður um 2/3. Bætið vatni og lambakrafti út í. Þegar lambið er fulleldað er öllum safanum úr steikarmótinu, hellt saman við sósuna og beðið eftir suðu.

*Lambakjöt*

## FRIÐGEIR INGI
YFIRKOKKUR Á HÓTEL HOLTI

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJÖT.IS


FRÁBÆR TILBOÐ
í Krónunni!
DÚNDUR tilboð!
998 kr. pk.
Kjúklingur grillaður ásamt Coke 2 l og Stjörnuhrásalati
30% afsláttur
1399 kr. kg
Grísakótilettur lúxus beinlausar
40% afsláttur
KRÓNAN
Hamborgarhryggur
899 kr. kg
Krónu hamborgarhryggur m/ beini
50% afsláttur
849 kr. kg
Grísakjöt mínútusteik
30% afsláttur
1098 kr. kg
Grísa panna
30% afsláttur
1189 kr. kg
Nauta panna
40% afsláttur
HÓLA
1349 kr. kg
Hóla hangiframpartur úrbeinaður
40% afsláttur
Hóla Hangilæri
1799 kr. kg
Hóla hangilæri úrbeinað
Jólaíspinnar
799 kr. pk.
Emmess jólaíspinnar 12 stk
998 kr. kg
Fylltar ýsurúllur 3 tegundir
25% afsláttur
Búkonulax
Eðal Búkonulax flök grafin og reykt
20% afsláttur
1598 kr. kg
SS sænsk jólaskinka
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is
KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana
Opnunartímar í Krónunni:
Krónan Höfða alla daga 11-19
Krónan Lindum alla daga 11-19
Krónan Granda alla daga 11-19
Krónan Árbæ virka daga 11-20 lau. - sun.10-20

# KRÓNAN fyrst og fremst ódýr

2 Lítrar

69 kr. stk.
Fanta appelsín

359 kr. pk.
Kelloggs kornflakes 500 g

988 kr. pk.
Bounty eldhúsrúllur 6 stk vetur

# ALLT FYRIR JÓLIN

989 kr. pk.
Ekta laufabrauðs-kökur box

549 kr. pk.
Ekta laufabrauðs-kökur poki

899 kr. pk.
Freyju konfekt 550 g

159 kr. stk.
Red Bull

169 kr. stk.
Beauvais Rauðkál 580 g

299 kr. stk.
Krónu suðusúkkulaði

199 kr. pk.
Útikerti 2 í pk

298 kr. pk.
Sprittkerti 100 stk

| Krónan Breiðholti<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun.12-21 | Krónan Hafnarfirði<br>virka daga 11-21<br>lau. 11-21 sun. 12-21 | Krónan Mosfellsbæ<br>virka daga 10-20<br>helgar 10-19 | Krónan Akranesi<br>alla daga 10-19 | Krónan<br>Vestmannaeyjum<br>alla daga 11-19 | Krónan Reyðarfirði<br>virka daga 11-19<br>lau. 11-19 sun.12-16 |
|---|---|---|---|---|---|

# Svar til riddara niðurrifsins

**UMRÆÐAN**
Ragnar Halldórsson svarar grein Hallgríms Helgasonar


**RAGNAR HALLDÓRSSON**

Svo virðist – eftir allt sem á undan er gengið – að Hallgrímur Helgason rithöfundur vilji halda áfram að rífa niður og eyðileggja. Í Fréttablaðinu 7. desember slær hann sig til riddara niðurrifsins og þykist vita allt betur en aðrir. Betur en Sjálfstæðisflokkurinn. Betur en Samfylkingin. Úthrópar þá sem eru að vinna þjóðinni allt til heilla. Og reynir að kynda undir pólitískri hatursumræðu á Íslandi ofan á allt annað.

Ég er orðinn svolítið leiður á Hallgrími. Aftur og aftur gengur hann of langt. Hann er með Geir H. Haarde á heilanum. Hann uppnefnir forsætisráðherra, kallar hann skjálfhentan, þreyttan og pirraðan, án leiðtogahæfileika sem birtist í hlutverki smástráks með aulabrandara. Talar um ákvarðanafælni hans meðan Geir tekur ákvarðanir á færibandi hvern klukkutíma hvers einasta dags af stjórnvisku og festu fyrir Ísland. Af mikilli reisn. Taugaveiklunarlaust. Í þeirri röð sem er þjóðinni til mestrar gæfu á þessari stundu. Það er mikill vandi að stjórna landi. Ekki síst þegar vandamálin eru á færibandi. Hvað á Hallgrímur eiginlega við? Er hann að tala um sjálfan sig? Það er fráleitt að snúa aðdáun í fyrirlitningu með þeim hætti sem Hallgrímur gerir og úthrópa máttarstólpa þjóðfélagsins – Sjálfstæðisflokkinn. Sem Hallgrímur virðist þó innst inni bera mikla virðingu fyrir. Og allir vita að er eini flokkurinn sem getur tryggt þjóðinni tekjur til framtíðar, ásamt samstarfsflokki sínum í ríkisstjórn Íslands. En svo ræðst Hallgrímur á sinn eigin flokk sem gerir sitt besta líka – Samfylkinguna – og tekur undir ódýrt lýðskrum Vinstri grænna sem eru að græða á neyð þjóðarinnar. Það er lítilmannlegt og hæfir honum ekki.

*Það þarf að gæta einhvers hófs í málflutningi manna. Og vera eitthvert vit í því sem þeir eru að segja. Sem er lögmálið um skaðsemi öfga sem geta búið í okkur öllum. Nú síðast í Hallgrími.*

Það er sáraauðvelt að ala á fordómum um þá sem eru með allar byrðar þjóðarinnar á bakinu. Gerir hann sér grein fyrir því hve mikið mæðir á forsætisráðherra Íslands 24 tíma á sólarhring? Heldur hann að það sé eitthvert grín sem Geir H. Haarde er að takast á við á hverjum einasta degi fyrir þjóðina? Með slíka hatursumræðu gegn sér ofan á allt annað? „Ísland er brennandi blokk“ segir Hallgrímur. „Íbúarnir [–] góna örvæntingarfullir út úr reykjarkófinu.“ Voða sniðugt. Heldur Hallgrímur að ástand Íslands sé til að hafa í flimtingum? Aðstæður þjóðarinnar séu eitthvert grín? Íslandi blæðir og hann leyfir sér að gera lítið, bæði úr þjóðinni og þeim sem eru að bjarga henni af mestu heilindum og alvöru út úr verstu krísu lýðveldistímans.

Það þarf að gæta einhvers hófs í málflutningi manna. Og vera eitthvert vit í því sem þeir eru að segja. Sem er lögmálið um skaðsemi öfga sem geta búið í okkur öllum. Nú síðast í Hallgrími. Því þetta er makalaust lýðskrum. Rakalaus óvild. Sem gerir engum greiða. Ekki Hallgrími. Ekki Samfylkingunni. Það er nóg komið af ofsóknarkenndri og hatursfullri orðræðu Hallgríms. Hann er hvattur til að líta í eigin barm. Hann skaðar Samfylkinguna og sjálfan sig. Hann þarf að hætta þessu móðursýkislega niðurrifi og fara að bygga upp með okkur hinum.

Hallgrímur virðist ekki skilja vanda stjórnmálanna. Vanda raunveruleikans. Hann heldur að gaspursamar patentlausnir í frasakenndum stíl færi okkur úr grafalvarlegum vanda heillar þjóðar inn í framtíðina. En það er alrangt. Það er mikill vandi að stjórna landi. Ekki síst þegar virðing fyrir öllum borgurum þess er höfð að leiðarljósi. Þá er þörf á visku Salómons. Þetta skilur formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra Íslands – Geir H. Haarde. Þetta skilur varaformaður Sjálfstæðisflokksins – Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. Þetta skilur Sjálfstæðisflokkurinn. Þetta skilur Samfylkingin og forysta hennar. En það virðist ofvaxið skilningi Hallgríms Helgasonar.

*Höfundur er ráðgjafi.*

# Eru fordómar fyndnir?

**UMRÆÐAN**
Gunnlaugur I. Grétarsson skrifar um fordóma


**GUNNLAUGUR I. GRÉTARSSON**

Eitt af höfuðmarkmiðum samtakanna HIV-Ísland er að vinna gegn fordómum. Þess vegna nýtum við hvert tækifæri sem okkur gefst til að koma fram með ábyrgum hætti í fjölmiðlum.

Fyrir nokkrum dögum fékk ég símhringingu frá kunningjum mínum, sem sjá um útvarpsþáttinn Harmageddon á X-inu 977. Þeir báðu mig sem formann HIV-Ísland um að ræða í beinni útsendingu frétt sem hafði birst í Fréttablaðinu. Ég játti þessu og stuttu síðar hringdu þeir í mig. Við ræddum stuttlega fréttina og fórum svo yfir stöðu mála á Íslandi í dag varðandi HIV og alnæmi. Eftir samtalið, sem var í beinni útsendingu, kveikti ég á útvarpinu til að gá hvort einhver meiri umfjöllun kæmi í kjölfarið. Eftir eitt lag og nokkrar auglýsingar hleypa þeir kumpánar í loftið vini sínum, sem hefur fengið viðurnefnið „Nasistinn“ af hlustendum stöðvarinnar. Þáttastjórnendur (annar þeirra er dagskrárstjóri X-ins 977) láta sem þeir þekki ekki viðmælandann, sem hefur áður komið fram í þættinum undir fölsku nafni. Viðmælandinn lætur fjölmargar fordómafullar yfirlýsingar falla í garð HIV-jákvæðra, á þann hátt að ég vil ekki hafa eftir. Á meðan gera þáttastjórnendur að mínu mati marklitlar tilraunir til að leiðrétta mál hans.

Ég spyr: Hver er tilgangurinn með svona háttarlagi? Á þetta að vera fyndið eða er tilgangurinn að breiða út fordóma? Ég þekki persónulega alla málsaðila og þeir mig og ég veit líka hversu vel þeir þekkja hver annan. Þeir þekkja mína sögu og vita vel að faðir minn lést úr alnæmi. Var það kannski tilgangur verknaðarins að reyna að særa mig sem persónu eða formann HIV-Ísland? Ef svo er þá uppskáru þeir ekki erindi sem erfiði.

Það var mikið áfall fyrir mig sem ungan mann að missa föður minn úr alnæmi. Árið 1989 vildi faðir minn koma opinskátt fram í sjónvarpi, en kaus að myndin af honum yrði skyggð og röddin brengluð. Þannig vildi hann vernda fjölskyldu sína, þar á meðal mig, fyrir fordómum.

Það er enn þá mikið áfall að greinast HIV-jákvæður. Við hjá samtökunum erum í stöðugri baráttu við fordóma og fyrir því að skapa grundvöll fyrir HIV-jákvæða að geta talað opinskátt um veikindi sín.

Því miður er það svo að fjölmiðlar sækjast eftir neikvæðum fréttum og hættir til að dramatísera umfjöllun sína um HIV og alnæmi. Það er erfitt að koma jákvæðri umfjöllun um sjúkdóminn að í fjölmiðlum. Þess vegna vil ég hvetja alla fjölmiðla, ekki síst X-ið 977, til að hjálpa okkur í baráttunni við fordóma og við að búa til það umhverfi sem þarf til að HIV-jákvæðir eigi auðveldara með að koma fram opinskátt í fjölmiðlum.

*Höfundur er formaður HIV-Ísland.*

# Ár og dagar íslenskrar tónlistar

**UMRÆÐAN**
Jakob Frímann Magnússon skrifar um dag íslenskrar tónlistar


**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON**

Íslensk tónlist nýtur um þessar mundir meiri hylli hérlendis en áður hefur þekkst sé miðað við almenna útbreiðslu, flutning í útvarpi og sölu hljómdiska. Um þessar mundir er hlutfall íslenskra hljómplatna allt að 90% miðað við sölu- og vinsældalista. Fyrir áratug var það hlutfall einungis um 30%.

*Þó að íslenskir tónlistarmenn séu fæstir í álnum standa þeir óskaddaðir eftir 25 ár í útrás. Sumir fullyrða að tónlistin og menningin muni endurreisa og varðveita orðstír Íslendinga á alþjóðavettvangi.*

Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að hljómplötumarkaður í heild sinni hefur dregist verulega saman um heim allan. Það má m.a. rekja til þeirrar tæknibyltingar sem netvæðingin er og leitt hefur til endurgjaldslauss niðurhals, bæði á tónlist og kvikmyndum. Um þessar mundir standa yfir samningaviðræður við net- og símafyrirtæki víða um lönd sem vonandi megna að snúa vörn greinarinnar í sókn.

Þó að íslenskir tónlistarmenn séu fæstir í álnum standa þeir óskaddaðir eftir 25 ár í útrás. Sumir fullyrða að tónlistin og menningin muni endurreisa og varðveita orðstír Íslendinga á alþjóðavettvangi.

Íslenskir tónlistarmenn þurfa engan kinnroða að bera af framlagi sínu til samfélagsins. Þeir barma sér sjaldan þó æði þröngt sé flestum sniðinn bæði heimavistar- og útherjastakkurinn.

Efnt verður til dagskrár í Þjóðleikhúskjallaranum kl. 12.12. þennan 12. dag 12. mánaðar ársins og verður sú dagskrá tileinkuð minningu Rúnars Júlíussonar sem verður jarðsunginn kl. 14.00 þennan dag frá Keflavíkurkirkju.

Þá verður Bjarkarlaufið afhent einstaklingi úr stétt fjölmiðlamanna fyrir auðsýnda ræktarsemi við íslenska tónlist. Bjarkarlaufsþegi síðasta árs var Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu. Kynningu á tilnefningum til ÍTV verður frestað fram yfir helgi af virðingu við hinn látna.

Að lokinni klukkustundar dagskrá í Þjóðleikhúskjallaranum gefst fólki kostur á að safnast saman í Fríkirkjunni í Reykjavík þar sem tónlist Rúnars mun hljóma uns útförin hefst kl. 14.00, en henni verður varpað á risaskjá í kirkjunni.

*Höfundur er formaður FTT, Stefs og Samtóns.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.















Ólöf elskar liti enda hefur hún oft unnið með þá þegar hún tekur að sér myndskreytingarverkefni. Hér klæðist hún ullarhúfu frá búðinni Octopus í London og litskrúðugri peysu frá Álafossi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hlýr og litríkur fatnaður

**Ólöf Vignisdóttir fer ávallt eigin leiðir í fatavali og segist oftast klæðast hlýjum, litríkum peysum og gallabuxum sem henti vel í flestum veðrum. Íslenska ullin er í uppáhaldi enda hlý og notaleg.**

„Þessa litríku prjónapeysu fékk ég í Álafossi í Mosfellsbæ og þykir mér hún skemmtileg. Ég fer oft í Álafoss og kaupi mér prjónaflíkur en ég er eiginlega alltaf í ullarfötum,“ segir Ólöf Vignisdóttir, sagnfræðinemi og myndlistarkona.

Spurð að því hvers vegna hún haldi svona upp á ullina er svarið einfalt. „Hún er hlý og ég bý á Íslandi þar sem er kalt úti,“ segir hún og brosir. Legghlífarnar eru einnig litskrúðugar og halda hita á fótleggjunum. „Minn fatastíll er mjög litríkur en ég er oftast í gallabuxum, litríkum ullarpeysum og lopasokkum,“ segir Ólöf hispurslaust.

Þrátt fyrir alla litagleðina á Ólöf sér þó einn uppáhaldslit. „Ég held mikið upp á bleikan og um jólin ætla ég að vera í bleika prinsessukjólnum mínum við bleika dúskaskó,“ segir hún og brosir. Draumagjöfin er hins vegar símynstruð ullarpeysa frá Farmers Market: „Svona hvít, svört og grá með hettu,“ útskýrir hún. Kallast peysan sú Reykjahlíð og dáist Ólöf oft að henni í Kisunni.

Ólöf segist ekki prjóna mikið en saumar út púða og þess háttar. „Ég á mömmu og ömmu sem prjóna mikið og er ein uppáhalds peysan mín bleik með hvítu mynstri og bleikum hjörtum að ofan. Amma prjónaði hana handa mér eftir einhverri barnauppskrift.“ Er talið berst að fleiri uppáhaldshlutum kemur í ljós að skóbúðin Kron er vinsæl hjá Ólöfu og þykja henni Campers-skórnir sérlega heillandi.

Þegar Ólöf er ekki að læra fyrir skólann þá tekur hún að sér myndlistarverkefni en hún brautskráðist af myndlistarbraut í framhaldsskóla. „Ég hef tekið að mér að mála barnaherbergi og portrett bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Ég málaði til dæmis barnagæsluna hjá Hreyfingu og gerði málverk fyrir Fjörukrána. Síðan hef ég myndskreytt herbergi í heimahúsum,“ segir þessi hæfileikaríka stúlka glaðleg.

*hrefna@frettabladid.is*




# JÓLIN KOMA



**ORÐIÐ JÓL** kemur fyrir í heiðnum sið og var þá notað um miðsvetrarblót og sólhvarfahátíð. Síðar þegar kristni barst til Norðurlanda færðist heitið á heiðnu hátíðinni yfir á þá kristnu.

## *Jólagjöf fyrir þá sem vilja bæta hag barna*

**SOS-Barnaþorpin á Íslandi hafa útbúið gjafabréf fyrir þá sem vilja bæta aðstæður barna í fátækari hlutum heimsins.**



Frekari upplýsingar eru á www.sos.is.

Í anda jólanna hafa SOS-Barnaþorpin á Íslandi útbúið gjafabréf sem fólk getur útfyllt og greitt fyrir á netinu. Andvirði bréfanna rennur að fullu til barna í barnaþorpum sem misst hafa foreldra sína eða geta ekki búið hjá þeim, sem og barna sem eiga á hættu að vera aðskilin frá foreldrum sínum vegna erfiðra heimilisaðstæðna og eru skjólstæðingar Fjölskyldueflingar SOS.

Um 270 þúsund börn í yfir 1.000 löndum eru skjólstæðingar SOS-barnaþorpanna um þessar mundir. Fjármálakreppa á heimsvísu, verðbólga, atvinnuleysi og fátækt hefur haft gríðarleg áhrif á barnafjölskyldur í þeim löndum sem SOS starfar í. Með gjafabréfunum vilja SOS-Barnaþorpin á Íslandi standa vörð um fjölskylduna og sjá til þess að sem flest börn í fátækari ríkjum heims fái búið á góðu heimili ásamt ástríkum foreldrum eða forráðamönnum.

Hægt er að nálgast gjafabréfið á vefsíðunni www.sos.is *- þlg*



Um 270 þúsund börn í yfir 100 löndum reiða sig á góðmennsku og örlæti SOS-Barnaþorpanna, til að eygja von um betri og öruggari barnæsku.



Mývatn er sannkallað töfraland jólanna.

# Markaður í Mývatnssveit

**Geitakjöt, grafinn ufsi og prjónuð dúkkuföt eru á meðal þess sem kaupa má á aðventumarkaði í Jarðböðunum við Mývatn hinn 13. desember. Heilmikil dagskrá er á aðventunni í allri Mývatnssveit.**

Aðventumarkaður verður haldinn í fyrsta sinn í Jarðböðunum við Mývatn hinn 13. desember. „Þarna verða í boði heimagerð matvæli beint frá býli, íslenskir ostar, jólavörur, prjónaðir munir, geitakjöt og grafinn ufsi," útskýrir Þorgeir Gunnarsson, forstöðumaður Mývatnsstofu, en metnaðarfull dagskrá er í gangi í Mývatnssveit á aðventunni.

„Við vonumst til að þetta skapi hefð og að fleiri á landinu muni taka þátt í framtíðinni," segir Þorgeir en í þetta sinn eru það aðeins aðilar í Mývatnssveit og nágrannasveitum sem bjóða vörur sínar á aðventumarkaðnum. Hann heldur áfram að telja upp merkilega hluti sem fá má á markaðnum. „Það eru reyktir gamaldags sperðlar, mývetnskt hverabrauð, flatbrauð, sælusápur, trémunir, útsaumur, hreindýraafurðir, prjónuð dúkkuföt og margt fleira."

Eins og áður sagði stendur Mývatnsstofa fyrir mikilli dagskrá næstu vikurnar og er hér birtur hluti af þeirri dagskrá en nánari upplýsingar er hægt að finna á www.visitmyvatn.is



Jólasveinarnir skjóta iðulega upp kollinum víða um Mývatnssveit.

**12. des.:** Aðventutónleikar í Fuglasafninu. Krossbandið leikur kl. 21-23.

**13. des.:** „Baulaðu nú Búkolla mín" – hádegisverðarhlaðborð beint frá býli kl. 11.30-14 í Vogafjósi.
„Matur og munir" – aðventumarkaður í Jarðböðunum milli kl. 13 og 18.

**14. des.:** Fjölskyldujólahlaðborð í Sel hóteli kl. 13 og 17.
„Ljóð og tónar á aðventunni" í Skútustaðakirkju kl. 20.30.

**20. des.:** „Baulaðu nú Búkolla mín" – hádegisverðarhlaðborð beint frá býli kl. 11.30-14 í Vogafjósi.
Tónleikar með Túpílökunum í Skjólbrekku kl. 22.

**23. des.:** Skötuveisla í Hótel Reynihlíð frá kl. 11.15-14

**28. des.:** Spilakvöld í Hótel Reynihlíð kl. 20.

*solveig@frettabladid.is*




# Herligt og smúkt

**Skólavörustígurinn iðar af listalífi. Þar eru hönnuðir, gullsmiðir og listamenn á hverju horni og ekki vandamál að finna jólagjafir fyrir þá sem njóta fallegra muna.**

Það er eins og maður sé í útlöndum þegar tölt er niður Skólavörðustíginn og kíkt inn í hverja áhugaverða búðina á fætur annarri. Málverk, skartgripir, barnaföt, íslensk fatahönnun, veski og ullarfatnaður eru meðal þeirra fjölmörgu hluta sem fá má á Skólavörðustígnum.

*- sg*



Skartgripi má víða fá á Skólavörðustíg. Ein þeirra sem hanna fallega muni er Anna María Sveinbjörnsdóttir sem hannar undir merkjum Anna María Design. Hér eru tveir gripir eftir hana, 14 karata gullhringur með amethyst-steini á kr. 42.000 og 14 karata hvítagullsmen með turmalín-steini á 48.700 krónur.



Veski gleðja margar konur og örugglega ekki leiðinlegt að fá svona fallegt grænt veski í jólagjöf eins og fæst í Tösku- og hanskabúðinni á 10.500 krónur.



Húfur sem hlæja lífga upp á tilveruna. Hér er ein úr versluninni en 50 prósenta afsláttur er af allri vöru í búðinni um þessar mundir.



Barnaföt má fá á nokkrum stöðum. Þessi fallegi kjóll er úr versluninni Lítil í upphafi og kostar 7.900 krónur.





Listin lifir góðu lífi í götunni. Hér eru tvö verk úr Listasmíðagalleríi Smíða og skarts. Annað er eftir Alain J. Garrabe sem málar sérstakar myndir af skipum og fjöllum og hin eftir Soffíu Sigurjónsdóttur sem málar hér fallega húsamynd.




Mörgum þykir Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum vera ómissandi bók.

# Klassísk jólabók

**Sumar bækur eru bara lesnar um jólin. Ein þeirra er Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum.**

Bækur eru ómissandi fyrir Íslendinga um jólin. Margar þeirra eru gefnar út fyrir hver jól en aðrar koma upp úr jólaskrautskassanum á aðventunni. Ein slík bók er líklega aðaljólabók Íslendinga, Jólin koma eftir Jóhannes úr Kötlum. Bókin kom fyrst út í Reykjavík árið 1932. Í þessu litla kveri með kvæðum úr íslenskri þjóðtrú var í fyrsta sinn sögð sagan af jólasveinunum þrettán, Grýlu, sem svalt í hel af því að öll börnin voru svo þæg, og jólakettinum og sorglegum örlögum hans þegar öll börnin fengu nýja flík fyrir jólin.

Teikningarnar eftir Tryggva Magnússon listmálara standa alltaf fyrir sínu. Ekki má gleyma því að ljóðið Bráðum koma blessuð jólin, sem er ómetanleg heimild um jólahald í upphafi síðustu aldar og meira sungið en öll önnur jólalög, er líka úr þessari bók sem sjálfsagt er að lesa fyrir börnin á jólaföstunni.



















## Einföld uppskrift að hollum kökum

SMÁKÖKUR ÞURFA HVORKI AÐ VERA FLÓKNAR Í FRAMLEIÐSLU NÉ ÓHOLLAR.



Kókoskökurnar hennar Pálínu Kjartansdóttur hússtjórnarkennara svíkja engan. Pálína var matráðskona og yfirmaður í eldhúsi Heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði í 32 ár. Auðvelt og fljótgert er að útbúa kökurnar þar sem ekki þarf að kæla deigið né móta kökurnar vandlega.

### KÓKOSKÖKUR

300 g heilhveiti
200 g kókosmjöl
250 g púðursykur
300 g smjör
1 tsk hjartarsalt eða matarsódi
200 g saxaðar rúsínur
2 egg

*Hnoðið allt saman í deig. Fljótgert er að láta hrærivélina hnoða. Skiptið deiginu niður í litlar kökur á smjörpappír og þjappið þeim aðeins saman. Bakið við meðalhita (150-175 gráður) í um það bil 10-15 mínútur, fer eftir ofninum. Best er að fylgjast vel með kökunum og taka þær út þegar þær fara að dökkna. Kælið.* *[Heimild: Matreiðslubókin hennar Pálínu; Hagkaup]*

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Nú er Gunna á nýju skónum, nú eru að koma jól. Siggi er á síðum buxum, sem enn eru komnar á ról, því nú er hægt að skiptast á óslitnum, fallegum barnajólafötum sem eitt sinn hæfðu vel stærð barnsins en henta nú betur öðrum.

# Jólakettinum vísað snarlega á burt þetta árið

**Liggja óslitin jólaföt barnanna síðan í fyrra nú allt of lítil uppi í skáp? Í Neskirkju fá jólaföt barnanna framhaldslíf á aðventunni, þar sem jólafataskiptimarkaður verður hafður opinn alla sunnudaga fyrir jól.**

Sjálfboðaliðahópur á vegum Neskirkju stendur fyrir jólafataskiptimarkaði fyrir börn á aðventunni, þar sem fólk er hvatt til að koma með jólaföt af börnum sínum; þau föt sem börnin eru vaxin upp úr og geta jafnvel fengið í staðinn föt sem passa á þau þetta árið.

Með slíkum markaði er stuðlað að endurvinnslu og sparnaði hjá barnafjölskyldum, um leið og fatnaður og fjármunir nýtast vel, hófstilling er iðkuð og barnafólk getur sparað verulegar upphæðir.

Skiptimarkaður fyrir spariföt hófst í Neskirkju síðastliðinn sunnudag og verður opinn alla sunnudaga í aðventu á milli 12 og 14 í nýja safnaðarheimilinu á 1. hæð.

Hægt er að koma með hrein föt og skó alla virka daga frá klukkan 9 til 16, sem og fyrir messu á milli klukkan 10 og 11 alla sunnudagana í aðventu.

Á jólafataskiptimarkaðnum ættu allir að geta fundið falleg jólaföt við hæfi eða einfaldlega notið þeirrar jólahamingju sem fylgir því að gefa öðrum. *- þlg*

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

## Hreint um jólin

JÓLAHREINGERNINGIN ER FASTUR LIÐUR Á FLESTUM HEIMILUM.



Misjafnt er hve mikið fólk leggur upp úr þrifunum. Meðan sumir sótthreinsa skápa og skúffur, þvo gardínur og mála stofuna láta aðrir sér nægja að renna yfir gólfið með blautri tusku og róta mesta draslinu inn í geymslu.

Sumum vaxa þessi þrif í augum og fussa yfir jólastressi og fullkomnunaráráttu þeirra hreingerningarsjúku. Vissulega hefur fólk oft lítinn tíma til að sinna heimilisverkum með vinnu en á móti kemur að jólahreingerningunni fylgir ákveðin stemning og það eykur á hátíðatilfinninguna að leggja sig svolítið fram við undirbúninginn. Þeir sem eru best skipulagðir geta svo eytt Þorláksmessu í bæjarrölt og skötuveislur, vitandi að heima er allt í röð og reglu.



www.bilprof.is

Dagnámskeið: Ö-1 og Ö-2
15.–18. desember

Lærið þar sem þekking og reynsla er í fyrirrúmi. Yfir 40 ár í fagmennsku.

B-réttindi:
- Námskeið alla virka daga kl. 18–22
- Dagnámskeið kl. 16–18
- Helgarnámskeið
- B-réttindi á pólsku, ensku og tælensku
- Námskeið vegna akstursbanns
- Námskeið til B-réttinda fyrir þá sem þurfa að læra á sínum hraða í samvinnu við Fjölmennt

Önnur námskeið:
- Aukin ökuréttindi (meirapróf)
- Vistakstur
- Bifhjólanámskeið
- Atvinnuleyfishafanámskeið í samvinnu við Vegagerðina
- Flutningur hættulegra efna ADR

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Vistakstur

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opið 10–17 alla daga.

ALLT MATUR

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúm;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447



**STIGAGANGAR** í fjölbýlishúsum eru oft og tíðum mjög ópersónulegir og kuldalegir. Hvernig væri að hengja jólakransa á hurðirnar til að bjóða fólkið velkomið?





## GÓÐ RÁÐ fyrir þig og umhverfið

## Svefnherbergið – Ljósmyndir

Ljósmyndir og myndir gegna mikilvægu hlutverki á hverju heimili ekki síður en tónlist og bækur. Hvort sem um verk virtra listamanna eða ljósmyndir af fjölskyldunni gildir að frágangur, upphenging og samspil við það sem fyrir er í rýminu gerir gæfumuninn. Það góða við „góða myndlist“ og „ekta“ ljósmyndir er að þær eru vandaðar, fara ekki úr tísku og eru því ákaflega umhverfisvænar.

Um eftirprentanir og tískuskraut gildir það aftur á móti að líftíminn er stuttur vegna lélegra gæða og aðeins spurning um hvenær skrautið endar á haugunum. Ef þú þarft að kaupa skraut og skipta um myndir reglulega hafðu þá í huga að þau séu úr efnum sem hafa ekki skaðlega áhrif um aldur og ævi eftir að þú hefur losað þig við þá.

*Sjá meira um allt í svefnherberginu: http://www.natturan.is/husid/1340/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**



Skærgular skreytingar skera sig úr og gera mikið fyrir hið svart-hvíta rými.

# Lífgað upp á svarta veröld

Svart-hvít heimili hafa víða skotið upp kollinum á síðustu árum og þykja bæði stílhrein og smart. Með því að velja húsgögn eða smávöru í einum eða jafnvel tveimur öðrum litum inn á slíkt heimili er hægt að ná fram róttækri breytingu og setja punktinn yfir i-ið eins og meðfylgjandi mynd ber með sér.

Skærgular skreytingarnar skera sig úr og gera mikið fyrir hið svart-hvíta rými. Með litlli fyrirhöfn og fjárútlátum væri hægt að skipta út þessum örfáu hlutum og setja inn rauða, græna eða bláa í staðinn, allt eftir árstíðum eða smekk.
















# ;TÍSKA



**PERLUHÁLSFESTIN** sem er lengst í heimi er 150 metra löng. Roberto Moschetto De Wan frá Ítalíu bjó hana til úr 12.000 perlum í tilefni opnunar tískuvikunnar í Mílanó í febrúar 2006. Heimsmetabók Guinness.



Spútnik 10.400 kr.

Coast Smáralind 40.900 kr.



Spútnik 10.400 kr.

Coast Smáralind 22.900 kr.

# Línurnar koma í ljós

**Aðsniðnir jólakjólar eru meira áberandi í verslununum nú en undanfarin ár. Þó er allt leyfilegt og eru efnismeiri kjólar alls ekki á undanhaldi.**

Jólakjólarnir í ár eru jafn ólíkir og þeir eru margir en þó er ljóst að aðsniðnir kjólar, sem ýta undir kvenlegan vöxt, eiga meira upp á pallborðið nú en undanfarin ár. Margir undirstrika mjaðmir, brjóst og mitti og kalla fram hinn margrómaða kókflöskuvöxt. Efnismeiri kjólar með tjulli og plíseruðum pilsum eru þó enn þá mjög vinsælir.

*vera@frettabladid.is*


**Sparifötin komin. Skoðaðu úrvalið.**

Vefta
Tískuföt
**www.vefta.is**
Hólagarði & Mjódd



Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2051

ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI
Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri



Heimir Karlsson

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið




**Augnháralitur og augnbrúnalitur**
**Tana® Cosmetics**



**NÝTT!!**
**Plokkari með ljósi**



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

# Hlý jólagjöf



**Jakkar og stuttkápur**

**kr. 14990**

***margar gerðir***
***Stærðir 36-48***

FLASH
**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

# Búum til pening núna „KOLAPORT" Í FJÖRÐINN

**Eigum nokkra bása lausa**
**Vantar þig vinnu? Básapantanir í síma 587-3040**




## 20% afsláttur af öllum handklæðum



Z-brautir og gluggatjöld
Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 525-8200



Gott úrval af fóðruðum leðurstígvélum fyrir dömur.
Stærðir: 36 - 40
**Verð frá 16.750.- til 21.650.**

**Misty skór**
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán-fös 10-18
**lokað á sunnudögum**
Á Þorláksmessu verður opið 10 - 20



alveg einstök
gjafavara




Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is


# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 11. DESEMBER 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


SAFNBÚÐ ÞJÓÐMINJASAFNSINS



Sérpakkað súkkulaði



Rósavettlingar

Samstæðuspil

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
*National Museum of Iceland*

**Fallegir minjagripir, íslensk hönnun, handverk og fróðlegar bækur**

Safnbúð Þjóðminjasafnsins framleiðir vandaða minjagripi, leikföng og gjafavöru. Ný og fersk hönnun sem færir muni, ljósmyndir, myndlist og handverk safnsins í nútímalegan og fallegan búning.

Suðurgata 41 · 101 Reykjavík · sími 530 2200 · www.thjodminjasafn.is

**Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11-17**



Þórhildur umkringd fallegum munum í Smiðjubúð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skraut, skart og nytjahlutir



Trélukt fyrir útikerti.

Í hæfingarstöðinni Bjarkarási, þar sem fólk með þroskahömlun starfar, fer margþætt starfsemi fram. Í Listasmiðjunni eru framleiddir skrautmunir og nytjahlutir úr gleri, tré og leir og í gróðurhúsi rækta starfsmenn lífrænt grænmeti. Þá taka þeir að sér ýmiss konar pökkunar- og álímingarverkefni.

Forstöðukonan Þórhildur Garðarsdóttir segir glerdiska, skálar, glerkrossa og skart meðal þess sem framleitt er í listasmiðjunni og að fyrir jól líti hinir ýmsu jólamunir dagsins ljós. Hún segir að oft og tíðum komi margir að framleiðslu á einum hlut og er tekið mið af getu hvers og eins. „Einn starfsmaður hnoðar til að mynda kúlu, annar þrýstir henni í mót og sá þriðji sér um lokafrágang.“

Þórhildur segir nýjar hugmyndir fæðast og nýir hlutir líta reglulega dagsins ljós, en þá er hægt að skoða í Smiðjubúð að Stjörnugróf 9. Þá segir hún samstarf við Listaháskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík, sem leiddi til væntanlegrar framleiðslu á leirpottunum Grow me, lyftistöng fyrir starfsemina.

„Listaháskólinn sá um sköpunarvinnuna en Háskólinn í Reykjavík markaðshlutann. Framleiðslan verður svo í okkar höndum en um er að ræða leirpotta sem fylltir eru af mold og mismunandi kryddjurtafræjum. Þá þarf eingöngu að vökva og bíða eftir uppskerunni. Pottarnir hlutu fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni á dögunum og fara í framleiðslu hjá okkur eftir áramót,“ segir Þórhildur og bendir áhugasömum á að næstkomandi föstudag verði opið hús í Bjarkarási þar sem gefst kostur á að fylgjast með fólkinu að störfum og skoða framleiðsluna. *- ve*



Í Listasmiðju Bjarkaráss eru framleiddir munir úr gleri, tré og leir.






Fólk má taka eins stór tré og það vill. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nóg af jólatrjám fyrir alla í skógum Íslands

**Hjá mörgum fjölskyldum hefur skapast sú hefð að fara saman út í skóg fyrir jólin að velja sér jólatré, saga það niður og flytja í hús. Slíkt fyrirkomulag hefur verið vinsælt hin síðari ár og má geta sér þess til að vinsældirnar aukist til muna nú þegar Íslendingar vilja íslenskt framar öðru.**



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ólafur Erling Ólafsson, skógarvörður í Heiðmörk, á nóg af trjám handa öllum.

Mörg skógræktarfélög bjóða fólki að höggva sín eigin jólatré. Þeirra á meðal er Skógrækt Reykjavíkur sem hefur boðið fólki að höggva jólatré í Hjalladal í Heiðmörk í fjögur ár. Jólaskógurinn í Hjalladal opnar laugardaginn 13. desember og er opinn frá 11 til 16 um helgar fram að jólum.

„Ég á nóg af trjám fyrir alla,“ segir Ólafur Erling Ólafsson, skógarvörður í Heiðmörk, kátur. „Þarna erum við aðallega með stafafuru og greni,“ útskýrir hann og áréttar að verðið sé það sama og í fyrra, 4.900 krónur, og skiptir þá engu hversu stórt eða lítið tré verður fyrir valinu. „Hér verða jólasveinar, varðeldur og ókeypis kakó,“ segir hann og tekur fram að þetta sé líklega ódýrasta leiðin á landinu til að ná sér í jólatré. „Fyrir utan hvað þetta er skemmtilegt.“

Í jólaskóginum er yfirleitt margt fólk og mikið fjör. Þrátt fyrir mannfjöldann segir Ólafur að engin hætta sé á að jólatrén klárist. „Við gróðursetjum 10.000 tré á hverju ári og því eykst úrvalið á hverju ári.“

Skógrækt ríkisins býður einnig landann velkominn í skóga sína fyrir jólin til að velja sér jólatré. Hér á eftir fara upplýsingar um hvar nálgast megi jólatré í skógum ríkisins í landsfjórðungunum fjórum.

Á Austurlandi getur fólk komið í Hallormsstaðaskóg að trjásafninu og höggvið sín eigin tré sunnudaginn 14. desember frá klukkan 13 til 16. Markaðsdagur Félags skógarbænda á Héraði, Skógræktar ríkisins, Barra hf. og Héraðs- og Austurlandsskóga verður svo haldinn í húsakynnum Barra á Valgerðarstöðum í Fellum laugardaginn 13. desember. Þar verða til sölu íslensk jólatré alla daga fram að jólum.

Á Suðurlandi býður skógræktin fólki að höggva sín eigin tré í Haukadalsskógi sunnudaginn 14. desember frá 12 til 15. Einnig er hægt að leggja inn pantanir um jólatré hjá skógarverðinum á Suðurlandi.

Skógrækt ríkisins á Vesturlandi býður fólk velkomið í Selskóg til að höggva sitt eigið tré helgarnar 13. og 14. desember og 20. og 21. desember frá 11 til 16.

Skógrækt ríkisins á Norðurlandi selur sín jólatré í Kjarnaskógi en býður ekki upp á að fólk geti höggvið eigið tré. Skógræktarfélag Eyfirðinga í Þelamörk býður hins vegar þá þjónustu allar helgar í desember frá 12 til 15.

Skógræktarfélög um allt land bjóða fólki einnig að koma í sína skóga til að velja sér jólatré. Nánari upplýsingar má finna á jólavef skógræktarfélaganna www.skog.is/jolatre/felog.html. *- sg*



# Hver með sín blæbrigði

Jólakúla Tinnu Gunnarsdóttur iðnhönnuðar er engin venjuleg kúla, heldur hálfkúla.

Hún er annars vegar steypt í kopar og hins vegar í ál. Hún hangir í svörtu girni og er ætluð úti í glugga þar sem hún „gefur þannig jafnt til umhverfisins og heimilisins,“ eins og hönnuðurinn Tinna orðar það. „Það er fallegt þegar hún snýst í kringum sjálfa sig og varpar birtu út frá póleraða fletinum.“

Kúlan er framleidd hér á landi, steypt í sand og síðan handlituð og pússuð. Handverkið gerir það að verkum að hver og ein kúla hefur sín blæbrigði. Hún getur bæði hangið ein og sér og einnig er fallegt að hafa margar saman.

Kúlan úr áli kostar 4.900 krónur en 6.400 krónur sé hún úr kopar. Hún fæst í Aurum, Kokku, Kraumi og Gallery Turpentine. *- gun*


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is



Sigríður Sunneva er snúin aftur til starfa eftir fjögurra ára hlé og er að eigin sögn í miklu stuði. Hún hannar og saumar mokka- og leðurflíkur úr íslensku skinni undir merkjum Sunneva Design. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Afturhvarf til fortíðar

**Íslensk ull og gæruskinn hafa getið sér gott orð um árin. Sigríður Sunneva Vigfúsdóttir hannar mokka- og skinnflíkur undir merkinu Sunneva Design.**

„Ég fór til Ítalíu árið 1987 og dvaldi þar í fimm ár, þar af þrjú í tískuháskóla í Flórens. Í tvö ár vann ég í fyrirtæki sem framleiðir leður- og mokkaflíkur. Það var stærsti viðskiptavinur Íslensks skinnaiðnaðar á Akureyri og sérhæfði ég mig í íslensku hráefni, sem gæti nýst mér síðar meir,“ segir Sigríður Sunneva Vigfúsdóttir fatahönnuður sem hannar undir merkinu Sunneva Design.

„Ég er fyrst og fremst í utanyfirflíkum, léttum vestispeysum og fylgihlutum eins og krögum, slám og þess háttar,“ útskýrir Sunneva og bætir við brosandi: „Mín nýjasta hönnun er einhvers konar afturhvarf til eldri tíma. Það er einhver 18. eða 19. aldar stemning í þessu sem ég er að gera núna. Ég hef mjög gaman af að hverfa aftur til fortíðar og leita þá frekar langt aftur, jafnvel alla leið til ítölsku endurreisnarinnar.



Sunneva segir hönnun sína vera undir áhrifum frá átjándu og nítjándu öld og stundum leiti hún aftur til ítölsku endurreisnarinnar.

Þetta eru svona almennilegar heldri manna flíkur.“

Mokkaflíkur Sunnevu eru léttar en hlýjar. „Sútunin er svo góð að flíkurnar verða eins og léttasta ull. Síðan læt ég klippa ullina mjög stutt þannig að hún sé fyrirferðarminni. Þá get ég notað þetta svolítið eins og ullarefni,“ segir Sunneva sem vill framleiða listrænar flíkur.

Hún telur að sorglegt hafi verið þegar skinnaiðnaðurinn á Íslandi fór á hausinn. „Einblínt var á bankana en framleiðslugeiranum lítill skilningur sýndur. Nú horfir þó sums staðar betur og Sjávarleður á Sauðárkróki, sem gengur líka undir nafninu Loðskinn, hefur risið upp og þeir súta mjög vel íslenska lambaskinnið sem gerir gæfumuninn þegar ætlunin er að vera með flotta íslenska afurð,“ segir Sunneva og bætir við: „Íslenska lambaskinnið er að mínu mati besta skinnið. Þegar ég var að vinna á Ítalíu við herralínu fyrir Hugo Boss þá keyptu þeir dýrustu skinnin frá Spáni og Íslandi og þóttu þau flottust.“

Fatnaður Sunnevu er seldur í Kraumi, Epal í Leifsstöð og í vinnustofu hennar að Skúlatúni 4. Á vefsíðunni sunnevadesign.com. gefur síðan að líta nýjustu verk Sunnevu. *- hs*



Nýtt frá
HIMNESK HOLLUSTA




Þú færð lífræna lambakjötið í eftirfarandi verslunum:

FK FJARÐARKAUP · Melabúðin · Þín verslun · maður lifandi · LÍFRÆNT · VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN EES-ESB vottun IS-1

# Eign mömmu og pabba




Erna Arnardóttir rekur fyrirtækið Assan og býður upp á fjölmarga skemmtilega hluti sem henta sérstaklega vel sem tækifærisgjafir, jólagjafir og sængurgjafir. Eitt af aðalsmerkjum Assan eru samfellur á nýbura sem eru merktar. Merkingin dregur dám af „eign þvottahúss spítalanna“ sem sjá má á fötum frá Spítölum höfuðborgarsvæðisins.



Vörurnar má panta í gegnum netið en einnig tekur Erna að sér að kynna vörur sínar fyrir hópum bæði í heimahúsum og fyrirtækjum.

Nánari upplýsingar á www.assan.is.









Marcin Ujex pakkar púðursykrinum í rennilásapoka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Heimsókn í kökudropalandið Kötlu

**Vörur frá fyrirtækinu Kötlu hafa fyllt íslensk eldhús af bökunarilmi í meira en hálfa öld. Kökudropar, púðursykur og kakó er kjarni framleiðslunnar sem hefur aldrei verið öflugri.**

„Það er greinilega orðinn meiri áhugi fyrir heimabakstri en áður og það skemmtilega er að eftirspurnin eftir íslenskum vörum hefur aukist mikið á síðustu vikum,“ segir Halldór Sævar Grímsson, sölustjóri hjá Kötlu, þegar kíkt er í heimsókn þangað.

Katla var stofnuð 1954 og hefur verið í höndum sama eiganda frá 1986. Þar eru seldar um 2.000 vörutegundir fyrir bökunariðnað, kjötiðnað, fiskiðnað og almenna neytendur. „Við erum með góðan mannskap og gott kerfi þannig að við getum brugðist hratt við eftirspurn,“ segir Halldór og tekur sem dæmi að sami maður geti pakkað salti, súpujurtum og kartöflumjöli á einum degi í sömu vélasamstæðu.

Fyrirtækið er í nýlegu og sérhönnuðu húsnæði. Þar starfa átján manns og í vinnuslusalnum eru þrjár vélasamstæður með sílóum sem taka frá 30 kílóum upp í tvö tonn.

Verið er að tappa hinum vel þekktu vanilludropum í glös og ljúfa angan þeirra leggur að vitum. Að sögn sölumannsins eru þeir langvinsælastir bökunardropanna, næstir koma kardimommu, þá sítrónu og möndludroparnir reka lestina. Auk þessara fjögurra eru rommdropar og piparmyntudropar aftur komnir á markað eftir hlé, vegna þrýstings frá markaðinum að sögn Halldórs. „Við gátum talið kvörtunarsímtölin í hundruðum í fyrra. Húsfreyjurnar gátu ekki gert rommpúnsið og jólabúðinginn eins og þær höfðu gert árum saman en ég vona að þær taki gleði sína nú,“ segir hann og kveðst sjálfur hafa gaman af hefðum. *-gun*



Halldór Sævar Grímsson er sölustjóri Kötlu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Christopher K. Mellev blandar púðursykurinn uppi á efri hæð.



Vél sem sér um að setja tappa og miða á glösin.


Hæsta einkun matgæðinga DV
1
Hæsta einkun í smökkun DV
2006-2007
Egils
MALTEXTRAKT
Egils
APPELSÍN
Hólsfjalla-
hangikjötið
Hreint lostæti
úr íslenskri náttúru...
FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ
Fjallalamb hf. • Röndinni 3 • 670 Kópaskeri • Sími 465-2140 • www.fjallalamb.is

# Íslenskar jólakveðjur

„Við finnum vel að landsmenn senda nú mun fleiri jólakort en áður og leggja mikið upp úr því að rækta vinabönd með því að minna á sig, sýna hlýhug og samkennd í formi fallegrar jólakveðju á íslensku jólakorti,“ segir Ragnar Halldórsson eigandi Kórundar, sem er með þeim elstu á íslenska kortamarkaðnum sem gefur út og framleiðir alíslensk jólakort.

„Sala á íslenskum jólakortum hefur farið stigvaxandi allt frá því við hófum útgáfu þeirra fyrir hartnær tveimur áratugum. Það á jafnt við um teikningar og ljósmyndir, en við gefum út fjölbreyttar línur jólakorta með teikningum margra meistara, sem og íslenskar landslagsmyndir eftir marga af okkar bestu ljósmyndurum, sem eiga í fórum sínum töfrandi jólastemningu úr íslenskri náttúru,“ segir Ragnar þar sem hann raðar saman sívinsælum jólakortum með teikningum þeirra Bjarna Jónssonar og Brians Pilkington.

„Hér áður voru innflutt jólakort, jafnvel með jólakveðjum á öðru tungumáli en móðurmálinu, algeng inn um lúgurnar fyrir jólin. En nú, sem aldrei fyrr, finnum við að íslensk jólakort falla best í kramið hjá landsmönnum. Þau eru nú að langstærstu leyti prentuð hér heima, sem orðið er mjög hagstætt fyrir framleiðendur og styður við bak íslensks iðnaðar á mörgum sviðum.“ *- þlg*



Ragnar Halldórsson með rammíslensk og sívinsæl jólakort Kórundar, með sígildum teikningum Bjarna Jónssonar af börnum að leik í jólalegu umhverfi og íslenskum jólasveinum Brians Pilkington. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Veljum íslenskt

Vönduð vara er vel merkt

- VELJUM ÍSLENSKT -

vörumerking

Vörumerking ehf. Bæjarhrauni 24 220 Hafnarfirði

ími: 414 2500 fax: 555 4588



Róshildur að störfum á vinnustofu sinni, með urmul hvítþveginna dýrgripa í formi fiskhausbeina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Módelfígúrur, listilega skapaðar af Róshildi sjálfri. Þarna má glöggt sjá hve geimskrímsli, furðuverur og dýr.

# Undrasmíð úr fiskh

**Sandisk MP3 spilari** CLIP2GB
- MP3 spilari með 2GB innbyggt minni
- Spilar MP3 og WMA
- Útvarp með stöðvaminnum
- Diktafónn, USB 2.0
- Innbyggð hleðslurafhlaða með allt að 15 tíma spilun
- Heyrnartól, USB kapall og geisladiskur fylgja

**9.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



**Philips hársett** HP4696
- 8 í einu - Allt fyrir hárið!
- Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krullubursti, sléttu/vöfflujárn og slöngulokkum

**8.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa straujárn** 641031
- 1600w
- Ryðfrír stálbotn

**2.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



**Lenco ferðaútvarp** SCR90S
- FM útvarp
- Vandaður geislaspilari
- Spilar CD, CD-R, CD-RW
- Kasettuspilari

**8.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa hárklippur** 638141
- Öflugar hárklippur
- 4 kambar, skæri og greiða fylgja

**1.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa hárblásari** 635092
- 2200w
- 5 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Með ionization - afrafmagnar hárið
- 2 hausar fylgja
- Ofhitunarvörn
- Hægt að taka út filter til að hreinsa

**2.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*







NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

# Hæ hó og flaska af rommi

Konfektgerðartíminn er runninn upp. Ég á margar skemmtilegar minningar um slíka iðju með vinkonum mínum þar sem uppskriftirnar hafa verið misflóknar og mismikill áhersla lögð á afköst.

Það var árið þegar áherslan var á marsipan og súkkulaði og einfaldleikinn var hafður að leiðarljósi. Svo var það árið þegar færibandastemningin réð ríkjum; stór hópur kvenna kom saman og gekk skipulega til verks, hafði viðað að sér uppskriftum og bjó til hverja tegundina á fætur annarri. Það var líka árið sem ég komst að því að jafnvel í fínustu og dýrustu glansblöðum erlendum getur vantað inn í uppskriftir með tilheyrandi veseni. Ég hef aldrei lagt í jafn umsvifamikla konfektgerð síðan.



Svo var það í fyrra sem við tvær mæður í orlofi ákváðum að hittast snemmmorguns með litla unga, spila jólalög og gera konfekt. Við, orðnar háaldraðar og lífsreyndar á sviði konfektgerðar, töldum okkur ekki þurfa uppskriftir, nóg væri að kaupa gæðahráefni í föstu og fljótandi formi. Við vorum nefnilega sammála um það að fátt slægi rommbættu konfekti við. Við helltum því vænum slurk út í hnetukurl og hófum svo að hnoða marsipaninu saman við. Það er skemmst frá því að segja að aldrei ætlaði að massinn að verða að deigi heldur líktist frekar súpu. Rommsúpu með marsipanbragði. Loks eftir að dýrindis marsipanið var allt komið í skálina var hægt að tala um deig og þá var bara að búa til kúlur og dýfa í súkkulaði. Afraksturinn smakkaðist nú ekkert sérlega vel, nema hjá þeim rommþyrstu.

Allt um það þá stefni ég ótrauð á konfektgerð innan tíðar. Held að ég haldi mig nálægt rótunum, einfalt skal það vera, og áfengislaust, að minnsta kosti svona næstum því, kannski bara að smáslurkur af einhverju hjartastyrkjandi verði settur út í ...

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Taktu betri myndir með flassi – það fylgir með í kaupauka.








## Jólagjöfin frá Nikon!

Kauptu Nikon D60 og þú færð aukalega flass-pakka sem inniheldur: SB-400 flassljós, linsuklút og  og hálsól að verðmæti kr. 30.000.

Verð kr.
**109.995***

*Með AF-S DX VR NIKKOR 18-15mm linsu með innbyggðri titringsjöfnun (VR).

## Vertu betri ljósmyndari - notaðu flass!

Flassljós gerir gæfumunin þegar taka á góða mynd. Flestir ljósmyndarar staðhæfa að lýsingin skipti öllu máli! – sem er til marks um hversu mikilvægt flassið er. Þú sérð hvernig skuggarnir jafnast eðlilega út, þegar þú notar ásett flassljós á borð við SB-400. Ljós sem er látið endurkastast frá lofti gefur ljósmynd, sem tekin er innanhúss, eðlilegri blæ. Einnig getur þú stjórnað lýsingunni betur við nærmyndatöku. Flassljós er, með öðrum orðum, mikilvægt fyrir þig! Kaupir þú Nikon D60 hjá viðurkenndum söluaðila Nikon á Íslandi, þá færðu ekki bara SB-400 flassljós í kaupauka heldur einnig, linsuklút og hálsól frá Nikon. Ekki missa af þessu tilboði sem gildir til 31. desember 2008.

MAX RAFTÆKI · BECO · FOTOVAL

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

*At the heart of the image*

Nikon

**!** **ATH kl. 20 í Bústaðakirkju**

*Léttsveitin heldur tónleika – einsöngvari er bassinn Bjarni Thor og Tómas Einarsson slær bassann. Hundrað kvenna kór og tveir karlar sjá um bassann.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Feneyjastjórar ráðnir

Sýningastjórar hafa verið ráðnir í hinn íslenska skála Feneyjatvíæringsins sem opnaður verður í sumarbyrjun 2009: Þau Dorothée Kirch og Markús Þór Andrésson en Ragnar Kjartansson verður fulltrúi Íslands á sýningunni. Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar fer með framkvæmd þáttökunnar og starfa sýningarstjórarnir náið með listamanninum og Christian Schoen, forstöðumanni Kynningarmiðstöðvarinnar og framkvæmdastjóra verkefnisins.



**MYNDLIST** Dorothée Kirch og Markús Þór Andrésson brosandi í Feneyjum. MYND KIA

Íslenski skálinn verður miðsvæðis í Feneyjum, í Palazzo Michiel dal Brusa, í nágrenni við Rialto-brúna. Markús og Dorothée hafa verið búsett í Berlín undanfarið ár og hafa nokkra reynslu af störfum í hinum alþjóðlega listheimi. Þau hafa oft starfað með Ragnari áður, nýlega að sýningu í Gallery Luhring Augustine í New York. Þeir Markús eru fornvinir úr unglingahljómsveitinni Kósí.

Feneyjatvíæringurinn verður opnaður almenningi 7. júní og stendur yfir til 22. nóvember 2009. Sýning Ragnars verður kynnt fjölmiðlum nánar í apríl 2009. **- pbb**



**> Ekki missa af …**

síðustu sýningum á marglofuðu verki Sigurðar Pálssonar, Utan gátta, í Þjóðleikhúsinu. Síðustu sýningar auglýstar á föstudag og laugardagskvöld.

## METSÖLULISTINN

### VERSLANIR EYMUNDSSONAR OG BÓKABÚÐIR MÁLS OG MENNINGAR

*Listinn er gerður út frá sölu dagana 3.12. til 10.12.*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | **Myrká** | *Arnaldur Indriðason* | Vaka-Helgafell |
| 2. | **Útkall – flóttinn frá Heimaey** | *Óttar Sveinsson* | Útkall |
| 3. | **Ofsi** | *Einar Kárason* | Mál og menning |
| 4. | **Pollýanna** | *Elenor H. Porter* | Ugla |
| 5. | **Fíasól er flottust** | *Kristín Helga Gunnarsdóttir* | Mál og menning |
| 6. | **Auðnin** | *Yrsa Sigurðardóttir* | Veröld |
| 7. | **Jólin koma** | *Jóhannes úr Kötlum* | Edda |
| 8. | **Stoðir FL bresta** | *Óli Björn Kárason* | Ugla |
| 9. | **Gissurarson** | *Óttar M. Norðfjörð* | Eigin útgáfa |
| 10. | **Ljósaskipti** | *Stephanie Meyer* | Edda |

### HAGKAUP

*Listinn er gerður út frá sölu dagana 1.12. til 7.12.*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | **Myrká** | *Arnaldur Indriðason* | Vaka-Helgafell |
| 2. | **Þú getur** | *Jóhann Ingi, Sæmundur og Marteinn Jónsson* | Hagkaup |
| 3. | **Minnisbók handa …** | *Helen Exley* | Steinegg |
| 4. | **Útkall – flóttinn frá Heimaey** | *Óttar Sveinsson* | Útkall |
| 5. | **Fíasól er flottust** | *Kristín Helga Gunnarsdóttir* | Mál og menning |
| 6. | **Auðnin** | *Yrsa Sigurðardóttir* | Veröld |
| 7. | **Ofsi** | *Einar Kárason* | Mál og menning |
| 8. | **Kökubók** | *Ýmsir* | Hagkaup |
| 9. | **Af bestu lyst 3** | *Nanna Rögnvaldardóttir* | Vaka Helgafell |
| 10. | **Förðun – þín stund** | *Þuríður Stefánsdóttir* | Salka |

### IÐA

*Listinn er gerður út frá sölu dagana 3.12. til 10.12.*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | **Ég skal vera Grýla** | *Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir* | Mál og menning |
| 2. | **Framandi og freistandi 2** | *Yesmine Olson* | Brekka |
| 3. | **Vetrarsól** | *Auður Jónsdóttir* | Mál og menning |
| 4. | **Fíasól er flottust** | *Kristín Helga Gunnarsdóttir* | Mál og menning |
| 5. | **Ofsi** | *Einar Kárason* | Mál og menning |
| 6. | **Myrká** | *Arnaldur Indriðason* | Vaka-Helgafell |
| 7. | **Steindýrin** | *Óttar Sveinsson* | Útkall |
| 8. | **Bros** | *Getty* | Forlagið |
| 9. | **Brýsingur – Eragon** | *Christopher Paolini* | JPV |
| 10. | **Auðnin** | *Yrsa Sigurðardóttir* | Veröld |




Hauskúpur

Hauskúpurnar frá Lín Design eru sérstaklega hannaðar fyrir unga fólkið. Hauskúpurnar eru saumaðar í sérvalið bómullardamask og fást með bleikum og hvítum útsaum. Þær fást einnig í svörtu með hvítum hauskúpum. Íslensk hönnun á góðu verði.

Lín DESIGN

*Íslensk hönnun er jólagjöfin í ár*

Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið | Sími 533 2220 | www.lindesign.is


# Verktakabransinn skoðaður

**Nýstofnaður leikhópur, Iðnaðarmannaleikhúsið, frumsýnir í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld nýtt íslenskt leikverk: Ástverk ehf. Leikverkið er samið og flutt af leikhópnum.**



**LEIKHÚS** Þrír gaurar við vinnu: Páll Sigþór Pálsson, Bjarni Snæbjörnsson og Finnbogi Þorkell Jónsson í pásu. MYND IÐNAÐARMANNALEIKHÚSIÐ

Ástverk ehf. fjallar um smiðinn Ástmar sem stofnar eigið fyrirtæki en er nokkuð fljótfær. Hann fær Grím, besta vin sinn með sér og aðstoðarmaður bætist í hópinn: listneminn Viddi sem er frændi Gríms. Smiðirnir tveir verða fljótlega ósáttir vegna misskilnings og út frá því spinnast óborganleg atvik sem öll eru byggð á alvörusögum úr iðnaðarmannavinnu. Ástverk ehf. er saga þessara tveggja manna og sagan af því hvernig þeim tekst ásamt Vidda frænda Gríms, að vinna verk sem virðist á köflum vera óðs manns æði. Að minnsta kosti svona í miðri kreppunni. Í verkinu eru lygar, svik og vondir brandarar í löngum kaffipásum. Restin reddar sér bara.

„Þessi hugmynd var búin að blunda í manni lengi að búa til leiksýningu sem fangar iðnaðarmannastemninguna,“ segir Finnbogi Þorkell Jónsson leikari og einn stofnenda Iðnaðarmannaleikhússins: „Verkefnið fékk síðan kærkominn stuðning frá Erling í Hafnarfjarðarleikhúsinu og þá fór allt af stað.“ Inntökuskilyrði Iðnaðarmannaleikhússins var að leikarar hefðu persónulega reynslu af „alvöruvinnu“ en þrátt fyrir það eru leikarar Iðnaðarmannaleikhússins, Páll Sigþór Pálsson, Bjarni Snæbjörnsson og Finnbogi, fagmenntaðir leikarar. Hafa sótt nám til Danmerkur, Englands og Íslands. Aðrir aðstandendur sýningarinnar eru Árni Kristjánsson leikstjóri, (sem að sjálfsögðu hefur einnig reynslu af alvöruvinnu), og er þetta hans fyrsta leikstjórnarverk í atvinnuleikhúsi. Lydía Grétarsdóttir hannar tónmynd verksins en Nói Kristinsson leikmynd. Hönnuður er Páll Sigþór Pálsson leikari. Þá kemur Snæbjörn Brynjarsson að verkinu sem höfundur.

Sýningar eru kl. 20 hinn 11., 13., 19. og 28. desember í Hafnarfjarðarleikhúsinu og er boðið upp á miðann á svörtu verði án nótu, svart og sykurlaust, á 2.200 krónur en kaffi fylgir í hléinu. Í stefnuskrá leikflokksins segir að hann leiti að efniviði í sögum, atburðum og umhverfi iðnaðar- og verkamanna: „Notast er við hefðbundnar leiktúlkunaraðferðir þar sem kjarni verksins er alltaf útgangspunkturinn. Ef verk Iðnaðarmannaleikhússins eru samin af hópnum er notast við hefðbundna byggingu handrita. Iðnaðarmannaleikhúsið sér ekki ástæðu til þess að finna upp hjólið þegar það er nú þegar á góðum heilsárs dekkjum.“ **pbb@frettabladid.is**

# Bryndís á afmælistónleikum

Í kvöld mun leik- og söngkonan Bryndís Ásmundsdóttir halda tónleika á DOMO í tilefni afmælis síns. Bryndís steig sín fyrstu spor á sviði í Íslensku óperunni tólf ára að aldri í hlutverki Soffíu í Litla sótaranum í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur. Þaðan lá leiðin í leikhópinn Gamanleikhúsið, sem stofnaður var af Magnúsi Geir Þórðarsyni, þar sem hún lék m.a. í sýningunum Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir, Gúmmí Tarzan og Línu langsokk.



**TÓNLIST** Bryndís Ásmundsdóttir heldur uppá afmæli með tónleikum í kvöld

Eftir stutta viðdvöl í Söngskólanum í Reykjavík ákvað Bryndís að helga sig djass- og blússöng. Aðeins sautján ára kynntist hún Guðmundi Steingrímssyni – Papa Jazz – og félögum og hóf að syngja með þeim á öldurhúsum bæjarins, en 19 ára fór hún ásamt Papa Jazz og Mr. Ragtime Bob Darch í hljómleikaferðalag um Bandaríkin að syngja á Ragtime Jazz Festval. Í kjölfarið lék hún hlutverk Ragtime Lil í söngleiknum „Ragtime Lil and Banjo Banjo show” í Branson Missouri.

Árið 2003 útskrifaðist Bryndís úr Leiklistarskóla Íslands og árið 2006 úr Complete Vocal Technique. Bryndís hefur tekið þátt í þó nokkrum uppfærslum á Broadway í Reykjavík, en meðal þeirra eru Prímadonnushowið, Rolling Stones show, Nína og Geiri, Bó Hall showið og Tina Turner tribute show. Bryndís hefur verið skemmtikraftur og söngkona með nokkrum hljómsveitum í tólf ár. Um þessar mundir fer hún með hlutverk Janis Joplin ásamt Ilmi Kristjánsdóttur, í uppsetningu Íslensku óperunnar um söngkonuna. **- pbb**

# Danskar seríur á næstunni

Ríkisútvarpið danska leggur mikla áherslu á innlenda þáttagerð og hafa íslenskir sjónvarpsáhorfendur notið þess um langt skeið með þáttaröðum á borð við Sumar sem nú er í gangi á RÚV, Forbrydelsen eða Glæpinn, og enn eldri raðir eins og Rejseholdet og Taxa.



**SJÓNVARP** Framhald er fyrirhugað á Glæpnum sem naut mikilla vinsælda hér á landi. MYND DR

Hjá dramadeild Danmarks Radio skipuleggja menn sig mörg ár fram í tímann. Þannig verður frumsýnd í janúar þáttaröðin Lífverðirnir sem fjallar um danskan varnarmálaráðherra og lífverði sem fylgja honum í kjölfar morðhótunar. Er fyrsti þátturinn sýndur á nýárskvöld á DR1 sem aðgengileg er hér á landi. Höfundar eru þau Mai Brostrøm og Peter Thorsboe sem voru aðalhöfundar Arnarins og Rejseholdet.

Árið 2010 á að fara í gang með nýja seríu af Forbrydelsen og 2011 er væntanleg þáttaröð sem gerist í Kristjánsborgarhöll í kringum þingið og og áróðursmeistara stjórnmálaflokka.

Skipulagið nær svo langt fram í tímann vegna leikara sem eru bæði bókaðir til vinnu á sviði og í kvikmyndum. **- pbb**

# Jólabókatilboð í Eymundsson

**TILBOÐ 11.-17. desember**




Tilboðsverð
kr. 3.040
kr. ~~4.690~~




Tilboðsverð
kr. 2.780
kr. ~~4.290~~




Tilboðsverð
kr. 2.780
kr. ~~4.290~~




Tilboðsverð
kr. 3.040
kr. ~~4.690~~




Tilboðsverð
kr. 3.180
kr. ~~4.900~~




Tilboðsverð
kr. 2.260
kr. ~~3.490~~




Tilboðsverð
kr. 2.260
kr. ~~3.490~~


**Sögur útgáfa**
Borgartún 28 // 105 Reykjavík // Sími: 557 3100
baekur@baekur.is // www.baekur.is


sögur ÚTGÁFA




EINSTAKT ALFRÆÐIR

# Þau eru dj



… frá minnstu hrygg









LÝSING
Á MEIRA EN
2.000
TEGUNDUM







Yfirlit um alla
þætti dýralífs

Líkamsgerð, æviskeið,
þróun og atferli

Heimkynni og búsvæði
og ógnir sem steðja
að umhverfi þeirra.



DÝRIN er mikið verk, hrífandi og fræðandi
lesning fyrir alla sem unna vandaðri umfjöllun um náttúruna.



IT UM GJÖRVALLT DÝRARÍKIÐ

# ásn Jarðarinnar

## leysingjum til stærstu spendýra

Glæsilegur leiðarvísir um dýraríkið sem á sér engan sinn líka. Bókin er sneisafull af fróðleik um villt dýr jarðar í öllum sínum fjölbreytileika og fegurð. Byggt er á nýjustu upplýsingum sérfræðinga. Aragrúi einstæðra ljósmynda gæðir umfjöllunina frekara lífi; heimkynni hverrar tegundar eru sýnd á korti og táknmyndir leiða í ljós búsvæði og dreifingu.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




**Tilboðsverð kr. 11.990 til áramóta**

Verð frá 1. janúar 2009: kr. 14.990





Bókin er í stóru broti (255x310 mm)

**618 blaðsíður** – aragrúi stórfenglegra skýringarmynda og ljósmynda

GLEÐILEG BÓKAJÓL

Eru þetta Grímu-verðlaunin?



» Þú finnur réttar upplýsingar um þennan hlut á **kokka.is** þar sem þú getur skoðað og keypt jólagjafirnar í ró og næði.

kokka laugavegi 47

Opið mán.- föstud. 10-18 og lau. 10-16 www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Jóladagatal Norræna hússins www.nordice.is
alla daga kl. 12:34
Í gær voru Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson
Hver verður í dag?

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
# Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
lau. 13/12 þrjár sýningar, uppselt
sun. 14/12 þrjár sýningar, uppselt
**Örfá sæti laus í desember, tryggðu þér sæti**

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
**Frumsýning 26. desember**

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
fös. 12/12 örfá sæti laus
lau. 13/12 örfá sæti laus
**Síðustu sýningar!**



Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
fös. 12/12 örfá sæti laus
lau. 13/12 örfá sæti laus
**Aukasýningar í sölu**

Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf sem gleður alla

Kardemommubærinn
Tilboð á gjafakortum til áramóta.
www.leikhusid.is

GEFUM GÓÐAR STUNDIR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 11. desember**

### ➜ Tónleikar

**18.00 Árlegir jólatónleikar Kórskóla Langholtskirkju** við Sólheima verða í kvöld þar sem fram koma allir barna- og unglingakórar kirkjunnar. Aðgangur ókeypis.

**20.00 Kvöldvaka verður í Fella- og Hólakirkju** við Hólaberg. Fram koma Sprengjuhöllin, Pétur Ben, Svavar Knútur, Árstíðir, Myrra Rós, sönghópur úr Söngskólanum í Reykjavík og Hilmar Örn Agnarsson organisti. Aðgangur ókeypis.

**20.00 Baggalútur** heldur seinni aðventutónleika sína í Salnum, Hamraborg 6 í Kópavogi.

**20.00 Ragnar Sólberg** verður með tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í tilefni af útgáfu á annarri sólóplötu sinni The Circle.

**22.00 Á Café Amsterdam** við Hafnarstræti verða haldnir tónleikar á vegum Falk þar sem fram koma Arnljótur, Klive, Sigtryggur Berg Sigmarsson og DJ Djammhamar. Aðgangur ókeypis.

**22.00 Funkhljómsveitin Mama's Bag** spilar á Bít Box kvöldi á Glaumbar við Tryggvagötu. Hljómsveitin spilar soul og funk-lög ásamt frumsömdu efni. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Leiklist

**Rétta leiðin** Barna- og unglingaleikhúsið Borgarbörn sýnir jólasöngleik í Iðnó við Vonarstræti. Í dag verða sýndar tvær sýningar, sú fyrri kl. 9 en hin seinni 10.30.

### ➜ Opnanir

**17.00 Myndlistarmaðurinn Kristín Geirsdóttir** opnar sýningu í Artóeki, 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu. Sýningin verður opin mán. 10-21, þri.-fim. 10-19, föst. 11-19 og um helgar 13-17.

### ➜ Uppákomur

**12.34 Lifandi jóladagatal** í Norræna húsinu við Sturlugötu. Í dag verður opnaður ellefti glugginn. Í gær voru Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson ásamt Jónasi Þór. Hver skyldi vera í glugganum í dag?

### ➜ Sýningar

**Myndlistarmaðurinn Teddi** hefur opnað sýningu á átta lágmyndum á Sjávarbarnum við Grandagarð. Opið mán.-föst. kl. 10-21, lau. 11-22 og sun. 16-22.

### ➜ Síðustu forvöð

Sýningu Guðrúnar Kristjánsdóttir **Myndir/Pictures** í Gallerí Ágúst, Baldursgötu 12, lýkur 13. des. Opið mið.-lau. kl. 12-17.

### ➜ Bækur

**12.15 Kynningar á nýjum bókum í hádeginu í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.** Í dag kynnir Óttar Sveinsson bók sína „Útkall, flóttinn frá Heimaey“ ásamt því að Gísli Helgason kynnir hljóðbókarútgáfu hennar. Herdís Egilsdóttir les úr barnabók sinni „Edda týnist í eldgosinu“.



**20.00 Upplestur verður á Te & kaffi**, 2. hæð Máls og menningar við Laugaveg. Ólafur Gunnarsson, Haukur Sigurðsson, Vilhjálmur Árnason, Silja Aðalsteinsdóttir, Sigrún Eldjárn og Gunnar Theodór Eggertsson.

### ➜ Myndlist

**Björg Örvar** sýnir málverk í húsakynnum SÍM við Hafnarstræti 16. Opið alla virka daga frá kl. 9-17.

**Freyja Dana** heldur sýningu í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg 5. Opið virka daga kl. 10-18, lau. 11-18 og sun. 13-18.

**Myndlistarkonan Æja** hefur opnað sýningu í Gallerí List, Skipholti 50a. Opið virka daga 11-18 og laugardaga 11-16.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is
STRÖND EHF.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
IMAGE kms
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Á toppnum í Danmörku



Nú er sölutíð hjá dönskum bóksölum. Sölutölur fyrir nóvember eru athyglisverðar ekki síst vegna upplags á söluhæstu verkunum: Minningar leikkonunnar Susse Wolds, „Fremkaldt“ eða Framkall er í þriðja sæti og hefur selst í 7.495 eintökum fyrir 2,2 milljónir danskar og eru það mestu tekjur á titil þann mánuðinn. Bæði nýr reyfari Lizu Marklunds „En plads i solen“ og ný spennusaga Hanne-Vibeke Holsts eru söluhærri í eintökum talið: Marklund hefur selt 8.153 eintök en saga Hönnu „Dronningeofret“ – Drottningarfórn er farin í 7.715 eintökum, bæði í kilju og harðspjaldi. Skammt undan er ný saga Camillu Läckberg „Mord og mandelduft“ svo konur eru fyrirferðarmiklar í metsölu í Danmörku.

- pbb

**BÓKMENNTIR** Marklund gengur vel með sögu sína af glæpum á Costa del Sol.

Til jólasveinanna
ÁRÍÐANDI TILKYNNING
sem gefa í skóinn




Skemmtilegar bækur sem smellpassa í skó þægu bókaormanna.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

N1

# Jólasveinninn minn kemur við í N1

Frábær
tilboð fyri
jólasveina

Nú fara jólasveinarnir að koma til byggða. Það er tilvalið fyrir þá alla að koma við í N1 og finna eitthvað sniðugt í skóinn handa öllum þægu börnunum.

**Meira í leiðinni**





STEED LORD



AGENT FRESCO

### > Í SPILARANUM

Steed Lord - Truth Serum
TV on the Radio - Dear Science
Guðmundur Pétursson - Ologies
Girl Talk - Feed the Animals
Agent Fresco - Lightbulb Universe (ep)

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Uppvakningar í nýju myndbandi

Uppvakningar ganga lausir í nýju myndbandi Metallica við lagið All Nightmare Long. Hið níu mínútna langa myndband er byggt upp eins og sovésk heimildarmynd sem fjallar um nýstárlegar tilraunir sem fara út um þúfur með skelfilegum afleiðingum. Liðsmenn Metallica sjást hvergi í mynd en útkoman þykir afturhvarf til vandaðra myndbanda sveitarinnar frá því í gamla daga á borð við One.



**METALLICA** Rokkararnir í Metallica hafa átt sérlega gott ár.

Metallica er í hæstu hæðum um þessar mundir. Nýjasta plata sveitarinnar, Death Magnetic, hefur fengið frábærar viðtökur og skemmst er að minnast fjögurra tilnefninga sem hún fékk til Grammy-verðlaunanna. Risavaxin tónleikaferð um heiminn sem þegar er hafin mun líklega standa yfir til ársins 2010. Til að mynda er þegar uppselt á ferna tónleika sveitarinnar af fimm í Kaupmannahöfn í júlí á næsta ári.




### > Plata vikunnar

BMV - The Beginning

★★★

Það er margt vel gert á þessari fyrstu plötu BMV, en lagasmíðarnar eru ekki nógu bitastæðar til að halda uppi heilli plötu.

TJ

## Við erum ekki þjófar

Hljómsveitin Coldplay hefur neitað ásökunum gítarleikarans Joe Satriani um að hún hafi stolið gítarstefi hans og notað í lag sitt Viva La Vida. Í yfirlýsingu frá sveitinni kemur fram að Satriani hafi hvorki samið né haft áhrif á gerð lagsins.

Satriani heldur því fram að Coldplay hafi stolið grunnstefi hans úr laginu If I Could Fly frá árinu 2004 og hefur höfðað mál þess efnis. Viva La Vida kom út á plötunni Viva La VIda or Death and All His Friends sem kom út í sumar.



**COLDPLAY** Neita ásökunum gítarleikarans Joe Satriani.

„Með fyllstu virðingu fyrir Joe Satriani þá teljum við okkur knúna til að svara opinberlega þessum ásökunum," sagði Coldplay. „Ef það eru einhver líkindi með þessum tveimur lögum þá eru þau algjör tilviljun og þetta kemur okkur jafnmikið á óvart og honum. Joe Satriani er frábær tónlistarmaður en hann samdi ekki eða hafði nein áhrif á lagið Viva La Vida." Hljómsveitin hefur jafnframt beðið Satriani um að treysta þessum orðum sínum og vonast greinilega til að hann dragi málshöfðun sína til baka.

Allir fjórir liðsmenn Coldplay eru skráðir fyrir laginu. Titill lagsins var undir áhrifum frá mexíkósku listakonunni Fridu Kahlo.




# HUGREKKI EÐA FÍFLDIRFSKA?

**Það virðist ekkert lát ætla að verða á vinsældum Chicago-rapparans Kanye West, en fjórða platan hans 808s & Heartbreak fór beint á topp bandaríska vinsældalistans eins og hinar þrjár fyrri. Trausti Júlíusson tékkaði á Kanye og annarri nýrri hip-hop plötu, The Renaissance með Q-Tip.**

Þó að hip-hop árið 2008 hafi ekki gefið af sér margar afburðaplötur þá leynast samt ágæt stykki inn á milli. Þar á meðal má nefna Nigger með Nas, The Carter III með Lil Wayne, New Amerykah:Part One með Erykuh Badu og Slime & Reason með Roots Manuva. Við þennan lista er svo óhætt að bæta The Renaissance með Q-Tip. Og svo er það spurningin með nýju Kanye West plötuna, 808s & Heartbreak.

### Misjafnar móttökur

808s & Heartbreak er allt öðruvísi heldur en fyrri plötur Kanye og það er kannski þess vegna sem hún er mjög umdeild. Nafnið á plötunni vísar annars vegar í söknuð og ástarsorg og hins vegar í Roland TR-808 taktgjafann. Kanye missti nýverið móður sína og syngur til hennar eitt lag á plötunni, Coldest Winter. En hann er líka í ástarsorg eftir skilnaðinn við unnustuna, hönnuðinn Alexis Phifer. Platan er mjög lituð af því hugarástandi. Hún er líka lituð af 808-trommuheilanum sem upphaflega kom á markað árið 1980, en Kanye gerði alla lagagrunna plötunnar á hann. Það gefur plötunni gamaldags elektró-hljóm og til þess að vísa enn frekar í tónlist níunda áratugarins þá rappar Kanye lítið á plötunni, en syngur lögin með hjálp tölvu. Útkoman minnir oft á vocoder-raddbreytinn sem var nokkuð algengur á níunda áratungnum og heyrist til dæmis vel í laginu Five Miles Out með Mike Oldfield.



**Q-TIP** Loks kominn aftur og enn jafn mjúkur og grúví.

Og hvernig tekst svo til? Platan kemur manni alveg í opna skjöldu og fyrstu viðbrögðin eru vonbrigði. En þetta er nú einu sinni Kanye og þegar maður hlustar betur þá lyftist brúnin á manni smám saman. Það er allavega hægt að segja Kanye það til hróss að hann velur ekki auðveldustu leiðina. En svo er spurning hvort þetta er hugrekki eða fífldirfska.

### Vel heppnuð endurreisn

Þeir sem vilja hefðbundnari hip-hop plötu heldur en 808s & Heartbreak ættu hiklaust að tékka á nýju plötunni hans Q-Tip, The Renaissance. Q-Tip var einn af stofnendum hins áhrifamikla og dáða tríós A Tribe Called Quest árið 1988. Tribe hafði mikil áhrif á rappheiminn, en sveitin var brautryðjandi í því að blanda saman hip-hoppi og djassi. Hún sendi m.a. frá sér meistaraverkið Low End Theory árið 1991 og átti smelli á borð við Bonita Appelbum, Can I Kick It? og Jazz (We've Got).

A Tribe Called Quest hætti störfum árið 1998 og Q-Tip hefur frekar lítið haft sig í frammi á tónlistarsviðinu síðan ef frá er talin platan Amplified sem hann gerði með J Dilla árið 1999. Hann er hins vegar nú loksins kominn aftur með plötuna The Renaissance. Frábær plata sem ber keim af gamla efninu, en hljómar samt fersk. Þetta mjúka og grúví hip-hop er ómótstæðilegt. Á meðal gesta eru Norah Jones, Amanda Diva og D'Angelo.



**KANYE WEST Í ÁSTARSORG** Viðskilnaðurinn við unnunstuna Alexis Phifer setur mikinn svip á 808s & Heartbreak.

## Frá West End til Vesturheims

„Ég er að segja sögur af fólki," segir tónlistarmaðurinn Þór Breiðfjörð Kristinsson um sína fyrstu plötu sem nefnist Running Naked. Þór gat sér gott orð á síðasta áratug fyrir söng sinn í Hárinu og í Jesus Christ Superstar þar sem hann lék Júdas á móti Stefáni Hilmarssyni. Eftir það flutti hann til London og lék meðal annars í söngleiknum Vesalingunum á West End. „Það hefur alltaf staðið til að taka smá pásu og gera plötu," segir Þór, sem fluttist nýlega með fjölskyldu sinni til Nova Scotia í Kanada þar sem platan var tekin upp. „Ég ákvað að taka smá ævintýri," segir hann og sér ekki eftir ferð sinni til Vesturheims, enda fólkið þar afar vingjarnlegt.

Við gerð plötunnar fékk Þór til liðs við sig upptökustjórann Fred Lavery sem er ákaflega virtur í Kanada. Einnig komu við sögu Tómas Tómasson og Ásgeir Óskarsson.

„Þeir voru alveg gáttaðir á honum," segir hann um viðbrögð Freds og félaga við trommuleik Ásgeirs.

Þrátt fyrir að hafa sungið í Vesalingunum fyrir fjölda fólks, bæði í London og víðar um heiminn, vildi Þór láta gamlan draum rætast með plötunni. „Mig langaði að gera eitthvað sem maður getur skilið eftir sig. Er þetta ekki keppni við ódauðleikann?" segir hann og kímir.

Næstu tónleikar Þórs verða á Kaffi Rósenberg í kvöld. Annað kvöld verður hann síðan á Fimm fiskum í Stykkishólmi.

Þegar til Kanada kemur mun hann síðan syngja á ECMA-hátíðinni sem eru virt tónlistarverðlaun austurstrandar landsins. - fb



**ÞÓR KRISTINSSON** Fyrsta plata Þórs Kristinssonar, Running Naked, er komin út. Platan var tekin upp í Kanada af hinum virta upptökustjóra Fred Lavery.



**Fróðleiksmoli:**

Á síðasta ári voru heimsendir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs u.þ.b. 1.000.000.

Með þeim fjölda væri hægt að þekja 63.000 fermetra svæði eða t.d. gólfflöt Kringlunnar 6,5 sinnum.

**Önnur rafræn þjónusta:**

- Greiðslumat
- Lánsumsókn
- Þjónustubeiðnir
- Greiðsluerfiðleikaúrræði

# Rafræn og vistvæn

## Rafrænir seðlar

Frá og með 1. janúar verða allir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs rafrænir. Rafrænir seðlar birtast í öllum heimabönkum.

Vilji viðskiptavinir fá heimsendan greiðsluseðil þarf að óska eftir því í þjónustuveri eða á vefsíðu Íbúðalánasjóðs.

## Í þágu umhverfisins

Framlag Íbúðalánasjóðs til umhverfisins er að draga úr pappírsnotkun og auka rafræn viðskipti.

Kynntu þér málið:

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900 // 800 6969

*Íbúðalánasjóður hefur fellt niður sinn hluta seðilgjaldsins. Eftir stendur 75 kr. greiðslugjald sem bankar og sparisjóðir innheimta fyrir greiðslumiðlun.*

Íbúðalánasjóður




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

> MÆTTI Í STRÆTÓ

Gamanleikarinn Jim Carrey mætti á heimsfrumsýningu sinnar nýjustu myndar, Yes Man, í opnum tveggja hæða strætisvagni á Leicester Square í London. Myndin fjallar um mann sem vendir kvæði sínu í kross og segir já við öllu í lífi sínu. Spurður hvað væri það klikkaðasta sem hann hefði sagt já við á ævinni sagði hann: „Ég hef verið kvæntur tvisvar.“

# bíó

bio@frettabladid.is



# Leitar að týndri borg

James Gray hefur samþykkt að leikstýra nýjustu mynd Brads Pitt, The Lost City of Z. Um epíska ævintýramynd er að ræða sem er byggð á bók Davids Grann um sannsögulega atburði. Fjallar hún um breska hermanninn Percy Fawcett sem varð heltekinn af leit sinni að hinni týndu borg Z í Amazon-frumskóginum. Árið 1925 fór hann ásamt syni sínum í leiðangur til að finna Z og sneru þeir feðgar aldrei aftur úr svaðilförinni.

Síðasta mynd í leikstjórn James Gray, We Own the Night, kom út fyrr á árinu með Mark Wahlberg og Joaquin Phoenix í aðalhlutverkum.



**BRAD PITT** Leikarinn Brad Pitt fer með aðalhlutverkið í The Lost City of Z.

# Wall-E vann

Wall-E var valin mynd ársins af Samtökum gagnrýnenda í Los Angeles. Þetta er í fyrsta sinn í 33 ára sögu verðlaunanna sem teiknimynd ber sigur úr býtum.

Danny Boyle var valinn leikstjóri ársins fyrir Slumdog Millionaire og Sean Penn og Sally Hawkins voru kjörnir bestu leikararnir fyrir myndirnar Milk og Happy-Go-Lucky. Þá fékk Heath Ledger verðlaun fyrir aukahlutverk sitt í The Dark Knight.



**WALL-E** Teiknimyndin Wall-E var valin mynd ársins af gagnrýnendum í LA.



**THE DAY THE EARTH STOOD STILL** Keanu Reeves leikur geimveruna Klaatu í kvikmyndinni The Day the Earth Stood Still sem verður heimsfrumsýnd hérlendis á morgun.

# Klaatu til bjargar

**Kvikmyndir um heimsendi og yfirvofandi eyðileggingu jarðar hafa ávallt verið vinsælt umfjöllunarefni í Hollywood. The Day the Earth Stood Still, sem verður heimsfrumsýnd á morgun, er einmitt boðberi válegra tíðinda.**

The Day the Earth Stood Still er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1951. Nýja myndin fjallar um virtan vísindamann (Jennifer Connelly) sem kemst í kynni við geimveruna Klaatu (Keanu Reeves) sem hefur ferðast til jarðar til að vara við hnattrænu vandamáli sem er yfirvofandi.

Fyrri myndin fjallaði um getu mannsins til að tortíma sjálfum sér þar sem tilvísunin í eyðingarmátt kalda stríðsins var greinileg. Núna eru aftur á móti breyttir tímar þar sem almenningur þarf frekar að líta í eigin barm til að koma í veg fyrir eyðileggingu jarðar.

„Með því að endurgera þessa mynd höfðum við tækifæri til að fanga þá hræðslu sem almenningur býr við í dag,“ sagði Keanu Reeves. „Lífshættir okkar gætu haft stórhættulegar afleiðingar fyrir plánetuna. Myndin fær okkur til að líta á samband okkar við náttúruna og hvernig áhrif við höfum á plánetuna.“

Myndir á borð við Independence Day og War of the Worlds segja frá árásum óvinveittra geimvera á jarðarbúa. Slíkar myndir hafa ávallt verið vinsælar í Hollywood þar sem litið hefur verið á vondu geimverurnar sem táknmynd kommúnismans. Hættan er því utanaðkomandi og erfitt fyrir almenning að hafa áhrif á gang mála, öfugt við hættuna við hlýnun jarðar. The Day the Earth Stood Still fetar því frekar í fótspor The Day After Tomorrow frá árinu 2004 sem fjallaði um svipað málefni. Einnig hefur heimildarmynd Als Gore, The Inconvenient Truth, tvímælalaust hjálpað The Day the Earth Stood Still og undirbúið áhorfendur fyrir þann umhverfisvæna boðskap sem hún hefur að geyma.




# Fimmti hrollurinn

Hrylllingsmyndin Saw V og teiknimyndin City of Ember verða frumsýndar um helgina. Saw V er eins og nafnið gefur til kynna fimmta myndin í þessari seríu sem hefur notið mikilla vinsælda vestanhafs. Sú nýjasta snýst um það hver muni taka við af fjöldamorðingjanum Jigsaw sem lést í mynd númer þrjú. Lögreglumaðurinn Strahm eltir uppi lærling Jigsaw, Mark Hoffman, og stefnir allt í blóðugt uppgjör á milli þeirra. Myndin fær 5,9 af 10 mögulegum á síðunni Imdb.com en aðeins 14% á Rottentomates.com.

Teiknimyndin City of Ember fjallar um þau Lina og Doon sem búa í ljósaborginni Ember sem er einangruð neðanjarðar. Eftir tvö hundruð ára líftíma fer alvarlegur matar- og rafmagnsskortur að hrjá borgina og því þurfa Lina og Doon að grípa til sinna ráða. Bill Murray og Tim Robbins eru á meðal þeirra sem ljá persónum myndarinnar raddir sínar. City of Ember fær 6,9 á Imdb.com og 49% á Rottentomatoes.



**SAW V** Fimmta myndin í Saw-seríunni verður frumsýnd hérlendis um helgina.

NÝTT KORTATÍMABIL!

Regatta GREAT OUTDOORS™

STÖNDUM SAMAN GEGN KREPPUNNI !

OKKAR FRAMLAG

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM TIL JÓLA

www.utivistogsport.is

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAU. 13. des. 10 – 18
Sun. 14. des. 13 – 17

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

...allir fá þá
eitthvað fallegt....

Gjafabréf
NTC

galleri sautján
gs skór
Kultur
COMPANYS
eva
URBAN
retro
Kultur menn
focus
Deres
Sparkz
SMASH
MISS SIXTY

Þú færð gjafabréfin í verslunum NTC
Kringlunni, Smáralind og Laugavegi

Opið alla daga fram að jólum til klukkan 22:00

www.NTC.is



# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Ég skammast mín. Ég trúi ekki að eftir öll þessi ár sé ég enn að tala um hvað ég er þung. Ég hugsa um mig þegar ég var grönn og spyr: „hvernig gat ég látið þetta gerast?“*

**OPRAH WINFREY**
**Viðurkennir að hún hafi þyngst um átján kíló upp á síðkastið.**



*„Ég er mikið fyrir jólasmákökur. Mamma gerir þýskar smákökur sem eru alveg æðislegar.“*

**KATHERINE HEIGL**
**Um hvað henni þyki best að borða á jólunum.**



*„Ég er ekki með barnfóstru. Ég geri þetta allt sjálfur því ég vil ekki missa af einu augnabliki.“*

**RICKY MARTIN**
**Segir frá því hvernig það er að vera faðir fjögurra mánaða tvíburastráka sem hann eignaðist með hjálp staðgöngumóður.**

# Guy treystir ekki Madonnu

**Faðir breska leikstjórans Guys Ritchie segir að sonur sinn hafi miklar áhyggjur af örlögum barna sinna og Madonnu. Hann haldi því fram að söngkonan eigi eftir að svíkja hann um umgengnisréttinn.**



**ÁHYGGJUR AF ALEX** Madonna hefur mestar áhyggjur af því að vera ekki of ástleitin við meintan ástmann sinn, Alex.



**ÁHYGGJUR AF BÖRNUNUM** Guy kvíðir því að það verði stórmál að fá syni sína tvo til Englands á ný.

Madonna vill alls ekki að slúðurblöðin komist að nokkru um meint ástarsamband hennar og hafnaboltakappans Alex Rodriguez. Fyrrverandi eiginmaður hennar, Guy Ritchie, hefur hins vegar mestar áhyggjur af því að Madonna eigi eftir að hindra umgengni hans við börnin.

Madonna og Guy skildu í kyrrþey í byrjun desember og sömdu um sameiginlegt forræði yfir syninum Rocco og hinum ættleidda David Banda. Þeir ættu að búa jafnt hjá móður sinni í New York og pabba í London. Hins vegar mun Lourdes, dóttir Madonnu frá fyrra sambandi, búa hjá móður sinni.

Bræðurnir eru um þessar mundir með mömmu sinni á tónleikaferðalagi hennar um Suður-Ameríku en Guy er að gera nýja kvikmynd um ævintýri einkaspæjarans Sherlocks Holmes. Að sögn Johns Rithie, föður Guy, er sonur hans ákaflega hræddur um að synir hans muni ekki snúa aftur til Englands þegar tónleikaferðalaginu lýkur. „Börnin eru með Madonnu um þessar mundir. Við höfum miklar áhyggjur af því að hún muni ekki standa við samkomulagið og Guy vonar heitt og innilega að hún muni ekki halda þeim í Bandaríkjunum,“ sagði John í samtali við breska tímaritið Closer.

# Skaut sig í höfuðið

Kona sem var handtekin í tengslum við dauða yngri bróður leikarans Mark Ruffalo, Scott, hefur verið látin laus eftir að kom í ljós að hún kom hvergi nærri dauða hans.

Svo virðist vera sem Scott hafi látist eftir að hafa stundað rússneska rúllettu þar sem hann skaut sig í höfuðið. „Þetta var slysaskot hjá náunga sem lék sér með byssur,“ sagði lögfræðingurinn Ronald Richards. Scott Ruffalo, sem var hárgreiðslumaður, lést á mánudag á sjúkrahúsi í Los Angeles eftir að hafa legið í dái.

Fjölskylda hans hefur ákveðið að stofna sjóð til heiðurs honum og sagði að jarðarför hans færi fram í kyrrþey. „Mark Ruffalo og fjölskylda hans er afar þakklát fyrri bænirnar og stuðningin sem hún hefur fengið á þessum erfiðu tímum,“ sagði í yfirlýsingu hennar.



**MARK RUFFALO** Bróðir leikarans Marks Ruffalo er látinn eftir að hafa skotið sig í höfuðið.



Snyrtistofan salon ritz býður Ingibjörgu Ósk velkomna til starfa. Sími 552-2460

Brazilíst vax í des 3900.-

SNYRTISTOFAN
salon ritz
Laugavegur 66, 2.h. Sími 552 2460



GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir
Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIDJAN.IS



**RETRO STEFSON** Spilar á Nasa í kvöld.

# Jólahátíð Kimi í kvöld

Retro Stefson, Reykjavík!, Agent Fresco og Múgsefjun verða á meðal þeirra sem koma fram á árlegri jólahátíð Kimi Records á Nasa klukkan 20 í kvöld. Með tónleikunum vill fyrirtækið fagna útgáfuárinu með vinum og vandamönnum.

Miðaverð er 500 krónur og einnig geta gestir keypt aðgöngumiða og plötu á 1500 krónur. Á síðunni Kimi.grapewire.net er einnig hægt að nálgast jólagjöf frá Kimi Records. Þar er á ferðinni tuttugu laga rafræn plata með lögum úr útgáfuskrá Kimi.




VINSÆLASTA ÆVISAGAN

1. sæti

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

# ÁTÖK OG EINKAMÁL, SORGIR OG SIGRAR

BÓKSÖLULISTI
Félagsvísindastofnunar
1. – 7. desember 2008

**Fjölmiðlafrumvarp** og heimastjórnarafmæli

**Þjóðarsorg** við andlát Guðrúnar Katrínar

„Hver er **vinkona forsetans**?“

**Bréf Davíðs** um hjónaband forsetans

**Hatrömm átök** innanlands

**Ögrandi ræður** Ólafs Ragnars

**Heimsóknir** á landsbyggðina



ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN TILNEFNING 1991
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN TILNEFNING 1997
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN TILNEFNING 2003

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur
er margverðlaunaður rithöfundur.
*Saga af forseta* er byggð
á rannsóknum hans og viðtölum
við fjölda fólks heima og erlendis,
auk forsetans sjálfs.

***Áríðandi bók fyrir áhugafólk um íslenska samtíð!***

**FJÖLDI LJÓSMYNDA PRÝÐIR BÓKINA**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

GLEÐILEG BÓKAJÓL

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HOW TO LOSE FRIENDS.. | kl. 5:50 - 8:10 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:30 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 6D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30D | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:30 | 16 |
| W | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 6 Síð sýn | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | SÝND LAU. OG SUN. | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NICK AND NORAH´S | kl. 8 | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| PASSENGERS | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 | 16 |
| QUARANTINE | kl. 10:20 | 16 |

SAMbio.is



NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 8 - 10.10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 10 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 6 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10.15 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RELIGULOUS | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 - 8 | 12 |
| TRAITOR | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR



NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 7.45 | 16 |


# Mjaltavél, Ómar og kreppan

Eldhuginn Ómar Ragnarsson hefur gefið diskinn Birta - styðjum hvert annað. Allur ágóði af disknum rennur óskiptur til mæðrastyrksnefndar.

Titillagið „Styðjum hvert annað“ segir Ómar að hafi orðið til í byrjun kreppunnar. Hann safnaði saman lögum á diskinn sem hann átti en höfðu ekki komið út áður. Margir af helstu listamönnum þjóðarinnar koma fram á disknum endurgjaldslaust. „Það er óhugsandi að þessi diskur hefði komið út fyrir þremur mánuðum,“ segir Ómar og vill meina að kreppan dragi það besta fram í fólki, til að mynda samkennd. „Á kínversku þýðir kreppan bæði upp og niður. Við ættum eiginlega að kalla þetta dýfu frekar. Kreppan verður til þess að fólk endurmetur lífsgildi sín, að því leytinu er kreppan góð.“

Meðal þeirra sem koma fram eru Kristinn Sigmundsson, Bergþór Pálsson, Helga Möller og Edgar Smári Atlason. Þótt tónlist og textar séu eftir Ómar er hann bara flytjandi að einu laginu, „Óður til kýrinnar“. Það er ansi tilraunakennt enda undirspilið flutt af mjaltavél.



**STYRKIR MÆÐRASTYRKSNEFND** Ómar Ragnarsson gefur út Birtu.

# Dabbi kóngur í sandkassa

**Dalvíkingurinn Ágúst Bergur Kárason hefur sent frá sér Dabba Kóng!, hugljúfa dæmisögu fyrir „börn“ á öllum aldri.**



**RÁNDÝR BOÐSKAPUR Í DABBA KÓNGI** Dalvíkingarnir Ágúst og Matti Papi standa á bak við útgáfuna.

„Sagan fjallar um litla stráka í sandkassa sem takast á í stríðu og blíðu,“ segir Ágúst Bergur Kárason um nýja bók sína. „Annars vegar eru það Eiki, Mundi og Dabbi sem eiga einn stóran kastala. Dabbi kóngur er náttúrlega aðal. Hins vegar eru það Lalli, Sjonni og Heiddi sem eiga bara litla kastala.“

Ágúst Bergur, sem er náttúru- og hnykklæknir í aðalstarfi, neitar því að bókin sé tákngervingur fyrir eitthvað sérstakt. „Nei nei, þetta er algjörlega veruleikafirrt bók, eða þannig. Hún á sér enga stoð í raunveruleikanum. Hún var að vísu skrifuð í aðdraganda bankakreppunnar svo kannski er hún undir einhverjum fjarhrifum þaðan.“

Útgáfan er nýstárleg því auk venjulegrar bókar fylgir hljóðbók með. Þar les annar Dalvíkingur, Matthías Matthíasson, Matti Papi, söguna og kryddar með metnaðarfullum leikhljóðum. „Hann bætti við ýmis konar búkhljóðum og prumpi, sem okkur finnst báðum rosalega fyndið. Og ekki síst viðeigandi,“ segir höfundurinn.

Ágúst vill ekki ljóstra upp um endi sögunnar, segir að lesandinn verði að komast að honum sjálfur. „Ég get bara sagt að boðið er upp á talsverða leikfléttu og þarna er á ferð rándýr boðskapur. Það er mjög óvæntur endir.“

drg@frettabladid.is


Íbúðalánasjóður

*Allir sem eru með verðtryggð fasteignaveðlán hjá opinberum lánastofnunum, lífeyrissjóðum eða öðrum fjármálafyrirtækjum með starfsleyfi hér á landi eiga rétt á greiðslujöfnun, uppfylli þeir skilyrði laganna. Lántakandi skal koma umsókn sinni á framfæri við viðkomandi lánastofnun og skal hún vera umsækjanda að kostnaðarlausu.*



## Umsókn um greiðslujöfnun fasteignaveðlána

Greiðslujöfnun er úrræði fyrir lántakendur til að létta greiðslubyrði verðtryggðra lána þar til kaupmáttur eykst að nýju. Vakin er sérstök athygli á því að greiðslujöfnun lána mun leiða til aukins vaxta- og verðbótakostnaðar á lánstíma þar sem í henni felst frestun afborgana að hluta. Hægt er að óska eftir afnámi greiðslujöfnunar á lánum hvenær sem er og mun þá sú upphæð sem safnast hefur á jöfnunarreikning leggjast við höfuðstól lánsins og greiðast á eftirstöðvum lánstíma.

**Umsóknir um greiðslujöfnun eru á vefsíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.**

**Starfsfólk Íbúðalánasjóðs er einnig reiðubúið til að veita viðskiptavinum aðstoð við umsóknir.**
**Skilyrði fyrir greiðslujöfnun er að lán sé í skilum, ekki í frystingu og ekki með greiðslujöfnun frá fyrri tíð.**

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, fax: 569 6800







Stjörnuport er nýtt og rúmgott bílastæðahús ofarlega á Laugaveginum. Þú greiðir ekkert gjald fyrir fyrstu 3 tímana sem þú leggur í Stjörnuporti alla fimmtudaga og föstudaga fram að jólum.

Gleðileg jól

Njóttu þess að koma í hlýjan bílinn í bílastæðahúsum borgarinnar eftir jólainnkaupin.

Bílastæðahúsin eru opin til kl. 23 frá 15. desember til 22. desember og til miðnætti á Þorláksmessu.

**Það bíður þín hlýr og rúmgóður bílskúr í bænum.**

PIPAR • SÍA • 82265

P

Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

Bílastæðahús Reykjavíkur: Kolaportið | Bergstaðir | Ráðhús Reykjavíkur | Vesturgata 7 | Traðarkot | Vitatorg | Stjörnuport

## > Leikið í N1-deild karla í kvöld

Þrír leikir fara fram í N1-deild karla í handbolta í kvöld. Topplið Vals fær spútniklið FH í heimsókn í Vodafonehöllina í athyglisverðum leik en bæði félög eru á mikilli siglingu og tryggðu sig til að mynda áfram í undanúrslit Eimskipsbikarsins á dögunum. HK á harma að hefna gegn Akureyri þegar félögin mætast í Digranesi en norðanmenn kjöldrógu Kópavogsbúa í leik liðanna á Akureyri fyrr í vetur. Þá leita nýliðar Víkinga enn að sínum fyrsta sigri í deildinni í vetur en þeir fá Íslandsmeistara Hauka í heimsókn í Víkina. Allir leikir kvöldsins hefjast kl. 19.30.



# sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKAR KNATTSPYRNUKONUR VINSÆLAR: EDDA OG ÓLÍNA GUÐBJÖRG SÖMDU VIÐ ÖREBRO

## *Verðum nú ekki beint myljandi ríkar*

Stelpurnar okkar eru heldur betur eftirsóttar þessa dagana og í gær gengu þær Edda Garðarsdóttir og Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir frá samningi við sænska félagið Örebro.

Það eru því níu íslenskir leikmenn komnir í sænska boltann fyrir næstu leiktíð. Dóra Stefánsdóttir og Erla Steina Arnardóttir voru fyrir í Svíþjóð og nú hafa bæst í hópinn Margrét Lára Viðarsdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Ásta Árnadóttir og svo loks Edda og Ólína. Svo má ekki gleyma því að Elísabet Gunnarsdóttir verður að þjálfa í sænska boltanum.

„Þetta er bara alveg frábært og við erum mjög spenntar fyrir þessu," sagði Edda við Fréttablaðið í gær en þær stöllur flytja utan í byrjun febrúar. Báðar verða þær starfandi atvinnumenn í Svíþjóð.



„Við getum einbeitt okkur að fullu í boltanum sem er mjög jákvætt. Við lifum af þessu en verðum nú ekki beint myljandi ríkar," sagði Edda en hún segir aðbúnað allan þann besta. „Hér er allt til alls og leikið á stórum og flottum velli. Það mæta svo 4-5.000 manns á leikina sem er nú ekki beint það sem við eigum að venjast þannig að það er bara tilhlökkun í okkur."

Ólína mun nýta tímann ytra til að vinna að mastersritgerð en stelpunum gæti staðið til boða hlutastarf ef þær hafa áhuga. Næsta sumar spilar íslenska landsliðið í lokakeppni EM og ljóst er að landsliðið mun mæta sterkt þar til leiks þar sem stelpurnar munu græða mikið á því að spila í sterkari deild.



„Það er ekki spurning og sú staðreynd að við værum á leið í lokakeppni EM hvatti mann líka enn frekar til þess að skella sér á þetta núna," sagði Edda sem hefur ekki áhyggjur af deildinni hér heima sem eðlilega mun veikjast. „Það eru gífurlega efnilegar stelpur að koma upp sem fá bara tækifærið fyrr. Þær munu vekja athygli."



**EFTIRSÓTTIR** Veigar Páll og Daniel Nannskog hafa verið orðaðir við félagaskipti frá Stabæk undanfarið. SCANPIX

Lars Bohinen, Stabæk:

## Ekki borist nýtt boð í Veigar Pál

**FÓTBOLTI** Lars Bohinen, yfirmaður knattspyrnumála hjá Stabæk, kvaðst í viðtali við sjónvarpsstöðina TV 2 í gær enn vona að bæði Veigar Páll Gunnarsson og Daniel Nannskog muni vera áfram hjá Stabæk á næsta tímabili.

„Það er jákvætt að bæði Veigar Páll og Daniel eru áfram samningsbundnir Stabæk til loka næsta keppnistímabils," segir Bohinen brosandi spurður út í framtíð Veigars og Daniels.

Stabæk neitaði sem kunnugt er 15 milljóna norskra króna kauptilboði í Veigar Pál frá franska félaginu Nancy á dögunum og Bohinen segir við TV 2 að ekki hafi borist nýtt kauptilboð í Veigar Pál síðustu daga.

„Okkur hefur ekki enn borist kauptilboð í Veigar Pál sem er nálægt því verðlagi sem við óskum eftir," segir Bohinen en búast má við að félögin séu enn að reyna að ná saman. **- óþ**

# Eyþór og Sonja íþróttafólk ársins

**Íþróttasamband fatlaðra tilkynnti í gær val á íþróttamanni og íþróttakonu ársins 2008 og varð sundfólkið Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir fyrir valinu að þessu sinni en þau syntu bæði fyrir ÍFR á árinu.**

**ÍÞRÓTTIR FATLAÐRA** Íþróttasamband fatlaðra stóð fyrir glæsilegu hófi í gær þar sem íþróttamaður og íþróttakona ársins 2008 úr röðum fatlaðra voru valin en þau Eyþór Þrastarson og Sonja Sigurðardóttir hlutu heiðurinn að þessu sinni.

Eyþór Þrastarsson er ungur og efnilegur sundmaður, fæddur árið 1991, sem synt hefur fyrir Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík (ÍFR) en hann tók miklum framförum og náði frábærum árangri á árinu.

„Ég verð að játa að ég átti alls ekki von á því að verða valinn en ég mjög stoltur og ánægður með þann heiður sem mér er sýndur," segir Eyþór.

Eyþór hefur verið blindur frá fæðingu og keppir í flokki S11 í skriðsundi og baksundi og hann hreinlega rakaði inn verðlaunum allt árið á stórum mótum víðs vegar um heiminn. Má þar nefna fimm gullverðlaun á Malmö Open í Svíþjóð í febrúar, silfurverðlaun og bronsverðlaun á Opna breska meistaramótinu í maí auk fjölda verðlauna hérlendis.

Toppnum á farsælu keppnisári náði Eyþór á Ólympíumóti fatlaðra í Peking í Kína þar sem hann synti til úrslita í 400 metra skriðsundi og hafnaði í 8. sæti en hann bætti þá besta tíma sinn um hvorki fleiri né færri en 15 sekúndur.



**ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS** Eyþór og Sonja með sigurlaunin fyrir að vera valin íþróttafólk ársins úr röðum fatlaðra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það var lærdómsríkt að taka þátt í sínu fyrsta Ólympíumóti. Undirbúningurinn fyrir mótið var góður og gerði það að verkum að ég synti mitt besta mót og það var frábær tilfinning. Ég verð eiginlega að bæta því líka við að það var ekkert slæmt að fá frítt að borða á McDonald's síðustu dagana þarna úti," segir Eyþór á léttum nótum.

Sonja Sigurðardóttir er mikið efni og er líkt og Eyþór fædd árið 1990 en fötlun hennar er takmarkaður vöðvastyrkur í öllum útlimum og keppir hún í flokki S5. Sonja átti frábært ár og vann til gullverðlauna á Malmö Open og til bronsverðlauna á Opna breska meistaramótinu auk fjölda verðlauna hérlendis.

„Ég er í skýjunum með þetta eða eiginlega ofar skýjunum bara," segir Sonja ánægð.

Sonja keppti fyrir Íslands hönd í 50 metra baksundi á Ólympíuleikunum í Peking og hafnaði í 10. sæti á sínum besta tíma í tæp tvö ár.

„Það er erfitt að lýsa því hvernig var í Peking. Það var allt svo stórt í sniðum þarna og mikið af fólki að maður fékk einhvern veginn meiri kraft til þess að standa sig í lauginni. Ég var búin að vera að glíma við smá veikindi fyrir mótið en þegar ég kom í laugina þá gat ég bara synt miklu betur en ég þorði að vona," segir Sonja.

Eyþór og Sonja ætla sér stóra hluti í lauginni í framtíðinni og hafa til að mynda bæði sett markið á Ólympíuleikana í London árið 2012.

Þá hlaut Harpa Björnsdóttir, formaður íþróttafélagsins Ívars, Guðrúnarbikarinn svokallaða fyrir frábært starf í þágu fatlaðs íþróttafólks. **omar@frettabladid.is**






**METJÖFNUN** Man. Utd jafnaði í gær met með því að leika 19. leikinn í röð í Meistaradeildinni án taps. NORDIC PHOTOS/GETTY

Riðlakeppni Meistaradeildarinnar lauk í gærkvöldi:

## Upphitun nú lokið

**FÓTBOLTI** Í gær fór fram lokaumferðin í riðlakeppni Meistaradeildarinnar. Þá varð ljóst að Man. Utd, FC Bayern, Porto og Juventus komast áfram í útsláttarkeppni 16 liða úrslitanna sem topplið riðla E til H. Villarreal, Lyon, Arsenal og Real Madrid fylgja þeim eftir úr öðru sæti riðlanna.

Man. Utd gerði aðeins jafntefli gegn danska félaginu AaB frá Álaborg í gær en jafnaði þó met í Meistaradeildinni með sínum 19. leik í röð án taps. Jafnteflið dugði einnig til þess að halda toppsæti E-riðils þar sem Celtic skellti Villarreal.

FC Bayern vann Lyon í slag toppliða F-riðils og Porto vann Arsenal í slag toppliða G-riðils en í H-riðli nægði Juventus jafntefli gegn Bate til þess að halda toppsætinu þó svo að Juande Ramos hafi byrjað vel með Real Madrid með 3-0 sigri gegn Zenit.

Segja má því að upphitun sé nú formlega lokið í Meistaradeildinni en dregið verður í 16 liða úrslitin föstudaginn, 19. desember næstkomandi. Löng bið verður svo þangað til alvaran byrjar því leikirnir sjálfir fara fram 24.-25. febrúar á næsta ári. **- óþ**

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu*

**E-riðill:**

| | |
|---|---|
| Man. Utd-AaB | 2-2 |
| 1-0 Carlos Tevez (3.), 1-1 Michael Jakobsen (32.), 1-2 Jeppe Curth (45.), 2-2 Wayne Rooney (52.). | |
| Celtic-Villarreal | 2-0 |
| 1-0 Shaun Maloney (14.), 2-0 Aiden McGeady (45.). | |

***Man. Utd og Villarreal áfram í 16-liða úrslit**
***AaB í næstu umferð UEFA-bikarsins**

**F-riðill:**

| | |
|---|---|
| Steaua-Fiorentina | 0-1 |
| 0-1 Alberto Gilardino (66.). | |
| Lyon-FC Bayern | 2-3 |
| 0-1 Miroslav Klose (11.), 0-2 Franck Ribery (34.), 0-3 Miroslav Klose (37.), 1-3 Sidney Govou (53.), 2-3 Karim Benzema (68.). | |

***FC Bayern og Lyon áfram í 16-liða úrslit**
***Fiorentina í næstu umferð UEFA-bikarsins**

**G-riðill:**

| | |
|---|---|
| Porto-Arsenal | 2-0 |
| 1-0 Eduardo Bruno Alves (39.), 2-0 Lisandro Lopez (54). | |
| Dynamo Kiev-Fenerbahce | 1-0 |
| 1-0 Roman Eremenko (20.). | |

***Porto og Arsenal áfram í 16-liða úrslit**
***Dynamo Kiev í næstu umferð UEFA-bikarsins**

**H-riðill:**

| | |
|---|---|
| Juventus-Bate Borisov | 0-0 |
| Real Madrid-Zenit | 3-0 |
| 1-0 Raúl (25.), 2-0 Arjen Robben (50.), 3-0 Raúl (57.). | |

***Juventus og Real Madrid áfram í 16-liða úrslit**
***Zenit í næstu umferð UEFA-bikarsins**

### *Subway-bikar karla*

| | |
|---|---|
| KR-Fjölnir | 99-74 (59-37) |

### *Subway-bikar kvenna*

| | |
|---|---|
| Grindavík-Valur | 53-55 (30-26) |
| Snæfell-Keflavík | 74-93 (37-50) |
| Njarðvík-KR | 46-89 (28-46) |

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÍSLENSKUR HÁTÍÐARMATUR

## KOFAREYKTA HANGIKJÖTIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI -MEST SELDA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS!

KOFAREYKT HANGILÆRI MEÐ BEINI
**1.424 kr./kg.** 25% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 1.898 KR./KG.

KOFAREYKT HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
**2.398 kr./kg.** 20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 2.998 KR./KG.

KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
**848 kr./kg.** 15% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG.

KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
**1.838 kr./kg.** 20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 2.298 KR./KG.

LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.598 kr./kg.**
MERKT VERÐ 2.283 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR

LÉTTREYKT GRÍSASTEIK ÚRBEINUÐ FRÁ KJARNAFÆÐI
**1.079 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR

KOFAREYKT SVEITABJÚGU FRÁ KJARNAFÆÐI
**20% afsláttur.**
MERKT VERÐ 499 KR./KG.
399

SÆNSK JÓLAPYLSA FRÁ KJARNAFÆÐI
**674 kr./kg.**
MERKT VERÐ 899 KR./KG.
25% AFSLÁTTUR

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.




## BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:30 OG SUN. 12:00-18:00.

> **Donald Trump**

„Ef þú ert að hugsa á annað borð þá skaltu hugsa stórt.“ Auðkýfingurinn Donald Trump hefur stjórnað markaðs- og fjáröflunarkeppni í þættinum The Celebrity Apprentice sem sýndur er á Stöð 2. Í kvöld ráðast úrslitin.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SPÁIR Í LISTUMFJÖLLUN Á STÖÐ 2

# *Smáratorgsmyndlist*

Það kennir ýmissa grasa í hinum ágæta fréttaskýringarþætti Kompási. Síðasti þáttur vakti hins vegar furðu mína en þar rak ég augun í ítarlega myndlistarumfjöllun en það má taka fram að slík umfjöllun er nánast ófinnanleg á Kompási eða á Stöð 2 yfirleitt. Ég fókuseraði skammdegisþreytt augun á skjáinn til þess að athuga hvaða unga listaspíra hefði orðið fyrir valinu en þar var á ferðinni „gífurlega vinsæl“ ung og fögur listakona sem „rokselur myndirnar sínar“ á Smáratorgi og í Kringlunni eftir að hafa slegið í gegn með síðunni sinni á Barnalandi. Nú hef ég oft heyrt talað um Skólavörðustígslistamenn, en Smáratorgslistamenn eru greinilega enn nýrri og skemmtilegri viðbót við listaflóru Íslands. Hér var sumsé á ferðinni langt innslag um frábæra listakonu sem „sækir innblástur í lífið sjálft“ og málar fígúrur og pör í nýjustu tísku eða lopapeysum og getur gert háralit þeirra eftir pöntun enda eru verkin gífurlega vinsæl bæði til brúðargjafa og skírnargjafa. Hún „fer ótroðnar slóðir í listsköpun sinni“, segir Kompás enda er ætíð mjög mikilvægt að listamenn fari sínar eigin leiðir. (Svona eins og að vera sjálfum sér verstir og vera vinir vina sinna). Ég er ekki í vafa um að hver einasti



-rimi og -ás er veggfóðraður með þessum sætu og rómantísku gifsverkum sem smellpassa fyrir ofan hvíta leðursófinn frá Egg og eru í stíl við litlu krúttlegu kerúb-englana sem verða settir upp fyrir jólin. Ég er þess fullviss að Stöð 2 er að gera okkur mikinn greiða með því að fjalla ekki um erfiðari og meira fráhrindandi list á þessum síðustu og verstu tímum. Ég meina, hver myndi til dæmis nenna að hlusta á innantómt mónótónskt drónið hans Finnboga Péturssonar úr skuggalegu stofuhorni í skammdeginu? Maður gæti hreinlega sturlast.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.55 Dagvaktin** STÖÐ 2



▶ **20.00 On a Clear Day** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.10 Sex and the City** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50 Law and Order** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.25 Kiljan** (e)

**16.15 Leiðarljós**

**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)

**17.10 Táknmálsfréttir**

**17.20 Jenny og Ramiz** (2:3) (e)

**17.45 Stundin okkar** (e)

**18.15 Skyndiréttir Nigellu** (2:13)

▶**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins** Dýrmundur og Rottó leita að dýrunum í Húsdýragarðinum eftir að þau hverfa á dularfullan hátt.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Káta maskínan** Þorsteinn J. fjallar um myndlist, leiklist og kvikmyndir.

**20.45 Nynne** (Nynne) (8:13)

**21.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Aðalhlutverk: Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Togstreita** (Torn) (2:3) Líf tveggja fjölskyldna kollvarpast þegar móðir telur sig hafa fundið aftur dóttur sína sem hvarf á strönd 12 árum áður og var talin hafa drukknað. Aðalhlutverk: Holly Aird, Adam Kot, Emma Natasha Miles, Poppy Miller og Nicola Walker.

**23.15 Sumar** (Sommer) (6:10) (e)

**00.15 Kastljós** (e)

**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Zathura: A Space Adventure**

**10.00 My Date with Drew**

**12.00 On A Clear Day**

**14.00 Blue Sky**

**16.00 Zathura: A Space Adventure (Jumanji 2)**

**18.00 My Date with Drew**

▶**20.00 On A Clear Day** Bresk mynd um mann sem reynir að sigrast á minnimáttarkennd sinni og óöryggi með því að synda yfir Ermarsundið.

**22.00 Gacy**

**00.00 The Night We Called It a Day**

**02.00 Campfire Stories**

**04.00 Gacy**

**06.00 Hollywoodland**

## STÖÐ 2

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**

**07.25 Jesús og Jósefína** (11:24)

**07.50 Galdrabókin** (11:24)

**08.00 Lalli**

**08.05 Ruff's Patch**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (211:300)

**10.20 Las Vegas** (12:19)

**11.15 America's Got Talent** (6:12)

**12.00 Neighbours**

**12.25 Numbers**

**13.10 Forboðin fegurð** (85:114)

**13.55 Forboðin fegurð** (86:114)

**14.45 Ally McBeal** (1:24)

**15.35 The New Adventures of Old Christine** (8:22)

**16.00 Sabrina – Unglingsnornin**

**16.23 A.T.O.M.**

**16.48 Háheimar**

**17.13 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.23 Galdrabókin** (11:24)

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (18:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.

▶**19.55 Dagvaktin** (4:12) Í Dagvaktinni liggja leiðir þremenninganna af næturvaktinni saman á ný fyrir einskæra tilviljun. Svakalegt uppgjör þeirra á milli verður óhjákvæmilegt.

**20.25 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:10)

**21.05 The Celebrity Apprentice** (13:13) Það er komið að lokaþætti The Celebrity Apprentice og nú fáum við að sjá hver er hæfasti keppandinn að mati Donalds Trump.

**22.30 Prison Break** (11:22)

**23.15 Fringe** (9:22)

**00.05 Kingdom Come**

**01.35 Slash**

**03.05 Heading South**

**04.50 Shark** (7:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**07.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**08.20 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**09.00 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**17.55 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**19.35 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**20.15 Utan vallar með Vodafone** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.

**21.05 NFL deildin - NFL Gameday** Hver umferð í NFL deildinni er skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**21.35 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**22.05 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

**22.50 Utan vallar með Vodafone**

**23.40 Ultimate Fighter**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Chelsea.

**19.00 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**20.00 Premier League World 2008/09** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.30 Everton - Man United, 03/04** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 Season Hightlights 2004/2005** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.

**21.55 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**23.05 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum markaþætti.

**23.35 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Wigan.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Innlit / Útlit** (12:14) (e)

**09.35 Vörutorg**

**10.35 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil** dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 America's Funniest Home Videos** (30:42) (e)

**19.00 What I Like About You** (21:22)

**19.30 Game tíví** (14:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 Family Guy** (20:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

**20.30 30 Rock** (13:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Það er stór stund hjá Jack þegar hann fær loksins stöðuhækkunina sem hann hefur stefnt að og hann velur Liz sem eftirmann sinn. En óvæntir atburðir setja allar áætlanir hans í uppnám.

**21.00 House** (14:16) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Sjúklegur áhugi dr. House á sápuóperum leiðir hann að næsta verkefni. Hann er sannfærður um að uppáhaldsleikarinn hans sé alvarlega veikur og ákveður að ræna honum í von um að bjarga lífi hans.

▶**21.50 Law & Order** (12:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Ung ekkja og elskhugi hennar liggja undir grun þegar forríkur eiginmaður hennar er myrtur.

**22.55 Jay Leno**

**23.45 America's Next Top Model** (11:13) (e)

**00.35 Sugar Rush** (4:10) (e)

**01.00 Vörutorg**

**02.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


SVEFNSÓFI

25%

AFSLÁTTUR

Listaverð
kr. 179.500

TILBOÐSVERÐ
kr. 134.600





Springdýna
Rúmfatageymsla

Svefnbreidd
140x200 cm



LÍNAN

Línan I Bæjarlind sex I 201 Kópavogur I Sími 553 7100 I Opið mánudaga - föstudaga 10 til 18 I Laugardaga 11 til 16 I www.linan.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel tekur hús á nokkrum af okkar fremstu og efnilegustu matreiðslumönnum. Að þessu sinni heimsækir hann veitingastaðinn Á næstu grösum sem þekktur er fyrir ljúffenga og holla matargerð. Sæmi kokkur ætlar að gera girnilega og gómsæta grænmetissamloku, holt og ristað hnetusnakk og ljúffenga eplaköku.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**30 Rock**

### Skjáreinn kl. 20.30

Fyrstu tvær þáttaraðirnar af 30 Rock sópuðu að sér verðlaunum. Í ár hlaut hún sjö Emmy-verðlaun, þar á meðal sem besta gamanþáttaröðin, Tina Fey sem besta aðalleikkonan og Alec Baldwin sem besti aðalleikarinn en þau unnu einnig öll þessi verðlaun í fyrra. Þá hafa bæði Alec og Tina hlotið Golden Globe-verðlaunin fyrir frammistöðu sína í þáttunum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Olivier Messiaen - aldarminning
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Kvenfrelsi og köllun
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (78:260)
**16.30 Hollyoaks** (79:260)
**17.00 Seinfeld** (18:24)
**17.25 How I Met Your Mother** (15:22)
**17.45 How I Met Your Mother** (16:22)
**18.10 Sex and the City** (9:12)
**18.35 Sex and the City** (10:12)
**19.00 Hollyoaks** (78:260)
**19.30 Hollyoaks** (79:260)
**20.00 Seinfeld** (18:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.25 How I Met Your Mother** (15:22) Þættir sem fjalla um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta.
**20.45 How I Met Your Mother**
▶ **21.10 Sex and the City** (9:12) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf.
**21.35 Sex and the City** (10:12)
**22.00 Grey's Anatomy** (8:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke.
**22.45 Ghost Whisperer** (55:62)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, eru í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
**21.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir skoðar stöðu neytenda.
**21.30 Íslands safarí** Akeem Richard Oppong talar máli innflytjenda og skiptist á skoðunum við gesti sína.

**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Hammerslag **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Spiderman **15.55** Rødhættes retssag **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Uventet besøg i Cambodia **19.30** Pigeliv **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Dødens Detektiver **21.25** Eureka **22.05** Sugar Rush **22.30** Snaphaner **23.30** Naruto Uncut

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Stolthet og fordom **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.35** Tracey Ullmans USA **14.00** NRK nyheter **14.03** Fabrikken **14.30** Absalons hemmelighet **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Detektivklubben **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Nobels fredspriskonsert 2008 **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Nobels fredspriskonsert 2008 **21.45** Tørt og kjølig **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Kodenavn Hunter **23.45** Eliteskoler

## SVT 1

**12.05** Morgonsoffan **13.40** Fråga doktorn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Rea **15.55** Bernard **16.00** Jultomtens lärling **16.15** Lilla blåa draken **16.20** Krumelurdjur **16.25** Farbrorn som inte vill va' stor **16.35** Evas superkoll **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Andra Avenyn **20.00** Plus **20.30** Nobelpriset 2008 - Fredspriskonserten **21.30** Debatt **22.15** Grosvold **23.00** Kulturnyheterna **23.15** Spanarna 20 år




Óskabók veiðimannsins

Henrik Mortensen handleikur flugustöngina af mikilli list og er geysivinsæll og dugmikill kennari. Hann heldur námskeið fyrir veiðimenn út um víða veröld og er árviss gestur á Íslandi.

Hann hefur nú skrifað bók fyrir alla þá sem vilja læra að koma flugunni til fiskanna undir öllum kringumstæðum. – Glæsileg bók með um 370 skýringarteikningum og litljósmyndum, fjölmörgum teknum á Íslandi. Gísli Helgason frá Blómsturvöllum íslenskaði.

ORMSTUNGA
www.ormstunga.is

## MORGUNMATURINN



*„Ég var alltaf karl sem byrjaði að borða í hádeginu. En undanfarið hef ég fengið mér lifrarpylsubita, nýkreistan ávaxtasafa og sykurlaust KEA-skyr.“*

Eyjólfur Kristjánsson söngvari.

# True North til liðs við víkinga Baltasars

Framleiðslufyrirtækið True North mun að öllum líkindum taka þátt í framleiðslu víkingamyndar sem Baltasar Kormákur er að hamast við að koma á koppinn. Leifur Dagfinnsson, framleiðandi hjá True North, hefur átt fundi með væntanlegum framleiðendum og Baltasars úti í Los Angeles að undanförnu.

„Þetta lítur bara mjög vel út. Verkefnið er náttúrlega gríðarlega flott og stórt og ég held ég geti fullyrt að þetta verði stærsta verkefnið sem hefur verið gert hingað til á Íslandi,” segir Leifur í samtali við Fréttablaðið.

Víkingmyndin sem um ræðir hefur vakið mikla athygli hér á landi frá því Fréttablaðið sagði frá henni á dögunum. Efasemdaraddir hafa þó heyrst um að hægt verði að koma svona stóru verkefni á koppinn á svo skömmum tíma en kvikmyndin hefur verið sögð kosta rúma sex milljarða. Leifur er hins vegar nokkuð bjartsýnn. „Já, ég held að það sé alveg raunhæfur möguleiki, handritið er klárt og mér finnst vera mikill hugur í fólki hérna úti,“ segir Leifur og bætir því við að ef allt gengur að óskum þá sé verkefnið algjör draumur fyrir íslenska kvikmyndagerð. „Og ekkert síður íslenska hagkerfið.“

Leifur bætir því við að menn hafi sýnt Íslandi meiri áhuga eftir að flestum varð ljóst að hér væri ekki allt á köldum klaka eftir bankahrunið. „Menn ætla að sjá í hverju dollarinn helst og svo er víst loks búið að skipa nefnd hjá iðnaðarráðuneytinu sem á að skoða hækkun á endurgreiðslu-prósentunni. Ef hún hækkar af einhverju viti þá erum við í góðum málum.“ **- fgg**



**TIL LIÐS VIÐ BALTASAR** Að sögn Leifs Dagfinnssonar hjá True North kemur vel til greina að fyrirtækið taki þátt í gerð víkingamyndar Baltasars Kormáks.

**TÖKUR Á NÆSTA ÁRI?** Vonir standa til að hafist verði handa við víkingamynd Baltasars Kormáks á næsta ári.



**LÁRÉTT**
**2.** varsla, **6.** frá, **8.** örn, **9.** sönghópur, **11.** á fæti, **12.** bolur, **14.** nes, **16.** snæddi, **17.** kvabb, **18.** sigti, **20.** í röð, **21.** flatormur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** strit, **3.** samtök, **4.** umhverfis, **5.** að, **7.** pedali, **10.** stormur, **13.** framkoma, **15.** dugnaður, **16.** kerald, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** vakt, **6.** af, **8.** ári, **9.** kór, **11.** il, **12.** stofn, **14.** skagi, **16.** át, **17.** suð, **18.** mið, **20.** mn, **21.** agða.
**LÓÐRÉTT: 1.** baks, **3.** aa, **4.** kringum, **5.** til, **7.** fótstig, **10.** rok, **13.** fas, **15.** iðni, **16.** áma, **19.** ðð.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**HARÐSKEYTTIR** Stormþursarnir hafa æft reglulega síðan um mitt sumar og festu kaup á alklæðnaði til þess að geta stundað íþróttina af enn meiri þrótti. MYND/GUÐNI JÓHANNESSON

### JÓHANN AÐALSTEINN: RUÐNINGSMENN HARÐARI EN FÓTBOLTASTRÁKAR

# Stofna ruðningslið á Akranesi

Félagarnir Jóhann Aðalsteinn Árnason og Bergur Líndal Guðnason hafa stofnað eina alvöru ruðningsliðið á Íslandi. Ef til vill er það nokkuð kaldhæðnislegt að liðið hefur aðsetur í knattspyrnubænum Akranesi en lið bæjarins, ÍA, féll niður um deild í sumar og leikur í 1.deildinni næsta sumar. Liðið hefur hlotið nafnið Stormþursarnir.

Harkan í amerískum fótbolta er mikil og Jóhann Aðalsteinn telur hópinn vera samansafn af hörkunöglum. Og gefur lítið fyrir ísbaðastemningu knattspyrnuliðsins sem Guðjón Þórðarson innleiddi, sællar minningar. „Við erum náttúrlega miklu meiri hörkutól og þurfum ekkert að leggjast í einhver ískör til að teljast heljarmenni. Þessir fótboltahnakkar eru náttúrlega bara eins og litlar stelpur,“ segir Jóhann og skorar á knattspyrnulið ÍA í einn leik. Sem gæti orðið ansi fróðlegur kappleikur. „Við myndum bara tuska þá til,“ bætir Jóhann við.

Sagt var frá ruðningsliðinu á vef Skessuhorns í vikunni en Jóhann segir í samtali við Fréttablaðið að hugmyndin hafi verið lengi í gerjun. „Maður hefur verið að horfa á þetta í sjónvarpinu og svo spilað Madden á Playstation,“ útskýrir Jóhann en Madden er leikur sem byggir á bandarísku atvinnumannadeildinni NFL. Ruðningsliðið hefur aðsetur í Akraneshöllinni og segir Jóhann að þeim hafi verið vel tekið þegar þeir báðu um æfingatíma. Amerískur fótbolti hefur ekki átt upp á pallborðið hér á landi undanfarin ár. Einhver virkni er á höfuðborgarsvæðinu og hefur Fréttablaðið haft spurnir af einhverjum æfingum í Risanum í Hafnarfirði. Fyrir tæpum tveimur áratugum var nokkur gróska í þessari harðskeyttu íþrótt og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var Stjarnan úr Garðabæ krýnd fyrsti Íslandsmeistarinn í ruðningi 1990.

Jóhann og félagar hafa keypt sér alvöru ruðningsbúninga frá Bandaríkjunum en þeir hækkuðu nokkuð í verði eftir að gengi krónunnar hrundi. Kostnaðurinn varð þó ekkert óyfirstíganlegur því hver og einn þurfti að punga út 20 þúsund krónum fyrir alklæðnað. Jóhann gerir sér töluverðar vonir um að það sé einhver framtíð í ruðningi hér á landi og horfir þar meðal annas til ísknattleiks sem hefur vaxið ásmegin undanfarin ár. „Ég hef allavega heyrt af einhverjum strákum í bænum sem hafa verið að æfa og vona bara að við getum endurreist Íslandsmótið áður en langt um líður.“ **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Kjartan Gunnarsson**, fyrrum formaður bankaráðs Landsbankans, var stórtækur á uppboði sem haldið var í Galleríi Fold á mánudagskvöld. Kjartan er annálaður listunnandi og einn afkastamesti listaverkasafnari landsins. Hann festi meðal annars kaup á grænum leirplatta eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal. Gripurinn er sagður í uppboðsskránni vera afar fágætur og metinn á 200 til 250 þúsund. Kjartan gerði hins vegar kjarakaup og eignaðist gripinn fyrir aðeins 90 þúsund krónur. Gripurinn er ef til vill merkilegastur fyrir það að hann prýðir vangamynd af Jóni Sigurðssyni forseta.



Heitar umræður eru nú uppi á póstlista femínista í tengslum við hugsanlega aðild Íslands að ESB – ekki síst í ljósi þess að Vinstri grænir túlka það sem svo að aðild geti reynst ógn við kynjajafnrétti á Íslandi. Þótt Vinstri grænir hafi tekið femínista undir sinn verndarvæng er ekki þar með sagt að allir femínistar séu Vinstri grænir. En það er **Sóley Tómasdóttir** sem leggur orð í belg og gengur svo langt að segja bandalag sem slíkt vera karllægt í sjálfu sér.



Götulistamaðurinn Jójó er kominn langt með plötu sem hann hyggst gefa út um miðjan janúar til styrktar Hjartavernd. Í ljósi nýjustu vendinga hefur hann nú afráðið að tileinka Rúnari Júlíussyni plötuna og er það ekkert smágengi sem kemur við sögu á plötunni sem heitir „Að vera vitur eftir á“: Gunnar Þórðarson, Páll Rósinkranz, Bjartmar Guðlaugsson, Guðmundur Jónsson, Jóhann Hjörleifsson og Friðrik Sturluson úr Sálinni, Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson, Magnús Eiríksson, Pálmi Gunnarsson, **Daníel Ágúst** og **Krummi Björgvinsson**. **- fgg, jbg**





Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

# Fjórtán ára gefur út DVD-disk

„Já, nú var myndin mín að koma til landsins. Og búið að dreifa í búðir. Ég er að vona að jólasveininn gefi hana jafnvel sem „splæsgjöf“ í skóinn,“ segir Árni Beinteinn Árnason, hinn ungi og skeleggi kvikmyndagerðarmaður.

Árni Beinteinn fagnar fjórtán ára afmæli sínu á morgun og sjálfsagt eru ekki margir á þeim aldri sem hafa gert mynd sem sýnd hefur verið í kvikmyndahúsum og á kvikmyndahátíðum og að auki gefin út á DVD. Um er að ræða stuttmyndina Auga fyrir auga í leikstjórn Árna Beinteins sem jafnframt fer með bæði aðalhlutverk myndarinnar. Ef sala myndarinnar gengur vel mun Árni Beinteinn einhenda sér í framhald sem mun heita Tönn fyrir tönn. DVD-diskurinn var unninn í Þýskalandi og mátti litlu muna að illa færi. Árni Beinteinn fékk kápuna til yfirlestrar og var við að senda hana á Myndir mánaðarins. Þar átti að standa: Árni Beinteinn kynnir: Auga fyrir auga. „Þegar ég er að skrolla yfir þetta sé ég að það er bara eitt „n“ í Beinteinn. Beintein. Ég vissi ekki hvað ég átti til bragðs að taka. En hringdi í Myndform og svo var haft samband út til Þýskalands og þessu tókst að bjarga með góðra manna hjálp eins og þar stendur. En þetta stóð tæpt. Sem betur fer var ekki búið að setja kápurnar í hulstrið þannig það var ekki mikið mál að kippa þessu í liðinn.“

Árni Beinteinn segir Senu hafa verið duglega við að dreifa disknum og það sé óneitanlega sérstök tilfinning að sjá mynd sína í búðum. „Það er ólýsanleg gleði og mikið stuð að fara um Kringluna og sjá sína eigin mynd í öllum hillum,“ segir þessi efnilegi kvikmyndagerðarmaður. **- jbg**



**ÁRNI BEINTEINN** Segir það ólýsanlega gleði og mikið stuð að sjá sína eigin mynd í öllum hillum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


OUTLET 10
+++ Merki fyrir minna +++
Opið alla daga til jóla frá 11:00 – 22:00
Jakkaföt:
frá 4.990 til 9.990
Stærðir: 42-64
Margir litir
Skyrtur: verð frá 490
Bindi: verð frá 990
Full búð af nýjum vörum
3999
3999
2999
2999
3999
1999
1999
2999
Faxafeni 10
108 Reykjavík • 517 3724
Opið alla daga til jóla frá 11:00 – 22:00
og aðfangadag frá 10 – 13:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Forvarnir*

Aumingja homo sapiens að vera svona ófullkominn. Hér velkjumst við á þrautagöngunni á milli lífs og dauða, hallærislega mannleg og asnaleg eithvað. Stórar líkur eru á að við förum okkur að voða á einn eða annan hátt. Því er reynt að afstýra mannlegum harmleikjum með forvörnum.

**EFLAUST** kom einhver dópistinn eða drykkjurúturinn og sagði okkur í menntaskólanum að það væri rugl, en ég man bara óljóst eftir þeim sem kom og fræddi okkur krakkana um alnæmi. Það eina sem ég man er að hann sagði að sjúkdómurinn hefði byrjað í öpum í Afríku. Mig langaði rosalega til að spyrja hvernig þetta hefði smitast frá öpum í menn en þorði það ekki í bælingu minni. Líklega vissi ég svarið en langaði bara til að heyra það frá fagaðila.

**Í TILEFNI** af jólahátíðinni eru svínin frá ÁTVR farin að rúlla í auglýsingatímunum. Áhugaleikarar sýna stórleik með svínstrýni og minna okkur á að drekka ekki frá okkur vit og rænu. Það er svakalegur tvískinnungur í því að ÁTVR kosti auglýsinguna. Við sköffum búsið, en elskan mín góða, þú verður að passa þig á að drekka ekki of mikið. Ef þú drekkur passlega verðurðu svona mátulega hress og kátur og það er alveg æðislegt, en ef þú drekkur of mikið fer allt til helvítis.

**ÉG HEF EKKI HUGMYND** um hvort hægt sé að hafa hemil á mannlegum brestum með auglýsingaherferðum. Ef bara einn hættir við að skemma jólin heima hjá sér með drykkjurugli eftir að hafa séð svínin frá ÁTVR er þó herferðin vissulega réttlætanleg.

**NÚ** er miklu meira lagt á okkur en sammannlegu brestirnir. Að auki leggst á okkur sú smán að hafa klúðrað því að vera pínkulítið og forríkt krúttþjóðfélag í að vera pínkulítið, illa stjórnað og svívirðilega skuldsett þjóðfélag þar sem misskiptingin grasserar og venjulegt fólk er að verða vitlaust af pirringi og reiði. Kannski hefði verið hægt að koma í veg fyrir hrunið með forvörnum. Jakkafataklæddir áhugaleikarar með svínstrýni hefðu velst um í peningahaugum slefandi og rýtandi undir slagorðinu „Ekki láta græðgina breyta ykkur í svín“. Herferðin hefði verið keyrð skömmu fyrir ársfjórðungsuppgjör bankanna. Sjálfsstæðisflokkurinn hefði náttúrulega borgað brúsann – það er gott að græða, en samt ekki of mikið.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 11. desember, 346. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.10 | 13.21 | 15.32 |
| Akureyri | 11.24 | 13.06 | 14.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# Góðar gjafir á góðu verði


Almennt verð: 4.690 kr.
Tilboðsverð: 3.500 kr.


Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: 3.700 kr.


Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: 3.700 kr.


Almennt verð: 3.490 kr.
Tilboðsverð: 2.600 kr.


Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: 3.500 kr.


Almennt verð: 3.990 kr.
Tilboðsverð: 2.800 kr.


Almennt verð: 5.980 kr.
Tilboðsverð: 3.800 kr.


Almennt verð: 3.990 kr.
Tilboðsverð: 2.800 kr.


Almennt verð: 4.490 kr.
Tilboðsverð: 2.900 kr.


Almennt verð: 1.880 kr.
Tilboðsverð: 1.300 kr.


Almennt verð: 4.980 kr.
Tilboðsverð: 3.500 kr.


Almennt verð: 1.890 kr.
Tilboðsverð: 1.300 kr.

Skiptimiðinn Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2009.*

Tilboðið gildir til og með 17. desember 2008

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*